**GUNNAR INGI SIGURÐSSON**

*Notar hverja stund til að hreyfa sig*

• heilsa • sumar

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**LH HESTAR**

*Landsmót hestamanna 2008*

Sérblað frá Landssambandi hestamannafélaga




**MAGNÚS OG ÁRNI JÓN**

*Líður vel í skugganum*

Bræður þekktra grínista gerast handritshöfundar

**FÓLK 22**



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. júlí 2008 — 177. tölublað — 8. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR



### Yrkir um golf

Öreigaskáldið Kristján Hreinsson yrkir vísur og sögur um golf, íþrótt sem kölluð hefur verið ríkra manna sport.

**FÓLK 24**

### Aftur opið almenningi

Keldur hafa verið opnaðar á ný eftir veigamiklar viðgerðir.

**TÍMAMÓT 18**

### Með kvæntum manni



Sienna Miller heldur áfram að hneyksla og slær sér nú upp með kvæntum manni.

**FÓLK 22**

### Landsbankadeild karla



Sigurganga KR hélt áfram í viðburðaríkum leik í gærkvöld.

**ÍÞRÓTTIR 26-27**

## VEÐRIÐ Í DAG




**VINDASAMT** Í dag verða víða norðaustan 10-15m/s, hvassast undan SA-ströndinni. Vætusamt NA- og A-til en vaxandi úrkoma með kvöldinu annars staðar. Hiti 8-16 stig, hlýjast suðvestanlands.

**VEÐUR 4**

# Fjöldi ljósmæðra segir upp

**Tugir ljósmæðra um land allt sögðu upp störfum í gær vegna óánægju með kjör. Þær gagnrýna að sex ára menntun þeirra sé ekki metin að verðleikum. Þingmaður Samfylkingar segir lausn deilunnar ekki þola bið.**

**KJARAMÁL** Stór hluti íslenskra ljósmæðra hefur sagt störfum sínum lausum vegna óánægju með launakjör. Að sögn deildarstjóra á sjúkrahúsum voru uppsagnir enn að berast þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld.

Tíu af þrettán ljósmæðrum við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sögðu upp í gær, meirihluti á Akranesi og á Ísafirði, tugir ljósmæðra á Landspítala Háskólasjúkrahúsi í Reykjavík og talsvert margar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Uppsagnarfresturinn er þrír mánuðir, en verði deilan ekki til lykta leidd í byrjun október geta stofnanir lögum samkvæmt gripið til þess neyðarúrræðis að framlengja hann um þrjá mánuði til viðbótar.

Þórunn Benediktsdóttir, deildarstjóri kvennadeildar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, segir starfsemi fæðingar- og mæðraverndardeilda munu leggjast af ef uppsagnirnar gangi í gegn.

Ljósmæður neituðu á laugardag að skrifa undir kjarasamning BHM og ríkisins. Þær funda með ríkissáttasemjara á föstudag. Samninganefnd ríkisins hefur hins vegar ekki umboð ráðherra fyrir því að semja um sérkjör við ljósmæður.

Í stjórnarsáttmála Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar er kveðið á að um að endurmeta skuli laun hefðbundinna kvennastétta í viðleitni til að útrýma kynbundnum launamun.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, segir að til standi að efna loforðið á kjörtímabilinu og bendir á að félagsmálaráðherra hafi lýst því yfir að áætlun um leiðréttingu kynbundins launamunar verði lögð fram í haust. Hún bætir þó við að ljóst sé að deiluna þurfi að leysa. „Það þolir enga bið,“ segir hún.

Ekki náðist í Guðlaug Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra, Árna Mathiesen fjármálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, formann Samfylkingarinnar, eða Ástu Möller, formann heilbrigðisnefndar Alþingis, í gær. **- sh**



**SIGURJÓN BRAGI Á FENG** Landsmót hestamanna hófst á Hellu í gær. Á þriðja þúsund var komið til að berja knapa og gæðinga augum en búist er við að allt að fimmtán þúsund manns mæti á landsmótið. Hér sést knapinn Sigurjón Bragi Geirsson hjá hestafélaginu Gusti ríða hestinum Feng frá Hofsstöðum. **Sjá síðu 4** MYND/JENS EINARSSON



**SKRIFAÐ UNDIR** Alfreð sést hér skrifa undir samninginn í gær ásamt Uwe Schwenker, framkvæmdastjóra Kiel. MYND/LIVING SPORTS

Alfreð Gíslason:

## Dýrasti þjálfari í heimi

**HANDBOLTI** **Alfreð Gíslason var í gær ráðinn þjálfari Þýskalandsmeistara Kiel til næstu þriggja ára. Kiel greiddi Gummersbach um 100 milljónir króna fyrir að fá Alfreð, sem gerir hann að dýrasta þjálfara heims.**

**„Þetta er mikill heiður og stórkostlegt tækifæri fyrir mig að fá að þjálfa þetta lið. Ef menn í boltanum hafa ekki áhuga á því að þjálfa Kiel þá geta þeir allt eins hætt,“ sagði Alfreð. Hann tekur við af hinum farsæla Noka Serdarusic sem stýrði liðinu ellefu sinnum til sigurs í Þýsku deildinni á fimmtán árum.**

**- hbg /** **sjá síðu 26**

Vísindamenn á vegum Heilbrigðisstofnunar Bandaríkjanna heimsækja Ísland:

# Kanna samstarf við SÁÁ

**HEILBRIGÐISMÁL** Hópur vísindamanna á vegum National Institute on Drug Abuse (NIDA), fíkniefnarannsóknarstofnunar sem heyrir undir Heilbrigðisstofnun Bandaríkjanna, er nú í heimsókn á Íslandi á vegum SÁÁ, Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann.

Hópurinn kannar möguleika á rannsóknarsamvinnu við SÁÁ, Íslenska erfðagreiningu og Landspítalann.

Einkum verða kannaðir möguleikar á rannsóknum á áhrifum vímuefnameðferðar SÁÁ, helstu líffræðilegu áhættuþáttum sem verða til þess að ungt fólk leiðist út í vímuefni, áhrifum vímuefna og næringarástands á heilsu vímuefnafíkla og smitsjúkdómum meðal fíkla.

Til greina kemur að NIDA styrki rannsóknarsamvinnu bandarísku vísindamannanna og SÁÁ.

Fyrir hópnum fer Nora D. Volkow, forstöðumaður NIDA, sem er margverðlaunaður fræðimaður á sviði fíkniefnarannsókna. Bandaríska vikuritið Time útnefndi hana nýlega eina af hundrað áhrifamestu manneskjum heims. **- gh**









## SPURNING DAGSINS



*Guðlaug, finnið þið fyrir samdrætti í samfélaginu?*

„Já, þessi samdráttur er orðinn að hríðarstormi."

Fjöldi ljósmæðra hefur sagt upp störfum. Ástæðan er lág grunnlaun stéttarinnar miðað við menntun. Guðlaug Einarsdóttir er formaður Ljósmæðrafélagsins.

Fimmtán manns létust í fimmtán slysum á síðasta ári í umferðinni:

# Alvarlegum bifhjólaslysum fjölgar

**UMFERÐIN** Fimmtán létust í fimmtán slysum í umferðinni á síðasta ári samkvæmt skýrslu Rannsóknarnefndar umferðarslysa fyrir árið 2007 sem birt var í gær. Það er sextán dauðsföllum færra en árið 2006. Dauðsföll hafa ekki verið jafnfá síðan árið 1997.

Í skýrslu Rannsóknarnefndarinnar er sérstaklega vakin athygli á því að í fjórum af þessum fimmtán slysum hafi deilur, rifrildi eða andlegt uppnám komið við sögu.

Fjöldi alvarlegra bifhjólaslysa hefur margfaldast síðastliðin fimm ár að sögn Rannsóknarnefndar umferðarslysa. Þar kemur fram að þrír bifhjólamenn hafi látist í umferðarslysum á árinu 2007. Sé hins vegar skoðaður fjöldi slysa sést að þau eru rúmlega þrefalt fleiri árið 2007, þar sem þau voru 21, en árin 2003 og 2004 þar sem bifhjólaslys voru einungis sex.

Bifhjólafólki er í skýrslunni ráðlagt að tileinka sér svokallaðan varnarakstur sem felst í því að vera með góð viðbrögð við óvæntri hindrun. Í fimm af þeim fimmtán slysum sem áttu sér stað voru bílbelti ekki notuð og í sex slysum var um of hraðan akstur að ræða. Í einu slys telur Rannsóknarnefnd umferðarslysa að um sjálfsvíg hafi verið að ræða. **- vsp**



**UMFERÐARSLYS** Þeim hefur fækkað um helming milli ára samkvæmt skýrslu. FRÉTTABLAÐIÐ/JAK

Ljósmæður njóta stuðnings:

# BHM styður ljósmæðurnar

**KJARAMÁL Bandalag háskólamanna lýsti því yfir í gær að ljósmæður nytu stuðnings félagsins í kjaradeilu sinni við ríkið. Í tilkynningu frá BHM segir að eitt meginmarkmiða bandalagsins sé að menntun sé metin að verðleikum og að kröfur ljósmæðranna snúist um sanngjarna launaröðun miðað við menntun.**

**„Ljósmæður, sem eiga að baki 6 ára háskólanám, standa höllum fæti gagnvart öðrum ríkisstarfsmönnum með sambærilega menntun og gera kröfu um leiðréttingu á því," segir enn fremur í tilkynningunni. - sh**

Ísrael og Hisbollah:

# Líkskipti við Miðjarðarhaf

**ÍSRAEL, AP Ríkisstjórn Ísraels hefur samþykkt að láta líbanska skæruliðahópnum Hisbollah í té fimm fanga úr röðum samtakanna, tólf lík skæruliða og óuppgefinn fjölda palestínskra fanga. Í staðinn fá Ísraelsmenn lík tveggja ísraelska hermanna og upplýsingar um lát annarra ísraelskra hermanna.**

**Líkin sem Hisbollah afhendir eru af ísraelskum hermönnum, Ehud Goldwasser og Eldad Regev, sem samtökin rændu fyrir tveimur árum. Ránið hleypti af stað blóðugu mánaðarlöngu stríði milli Ísraels og Hisbollah. - gh**



**NAUÐLENT** Eins hreyfils flugvél nauðlenti á Holtavörðuheiði í gær. MYND/INGIMAR DAVÍÐSSON

Eins hreyfils flugvél í kröggum:

# Nauðlenti á þjóðvegi eitt

**LÖGREGLUMÁL** Engan sakaði þegar lítil eins hreyfils flugvél nauðlenti á þjóðvegi eitt á sunnanverðri Holtavörðuheiði um klukkan tvö í gær. Að sögn varðstjóra lögreglunnar í Borgarnesi var aldrei nokkur hætta á ferð.

Í vélinni var flugmaður og einn farþegi. Flugmaðurinn ákvað að lenda vélinni á veginum þegar hreyfillinn tók að hökta. Eftir lendinguna hjálpuðu vegfarendur til við að ýta vélinni út á útskot fyrir vörubíla. Óverulegar tafir urðu á umferð.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa kom á staðinn um klukkan fimm. **- sh**



**FRÁ FRAMKVÆMDUM VIÐ KÁRAHNJÚKA** Margt hefur breyst frá því þessi mynd var tekin sumarið 2006. Eflaust eru breytingarnar frá ári til árs eitt af því sem vekur forvitni ferðamanna sem leggja leið sína á svæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ferðamenn laðast að Kárahnjúkum

**Kárahnjúkar eru á meðal áfangastaða ferðamanna sem koma á vegum erlendra ferðaskrifstofa. Ferðaþjónusta og stóriðja geta vel farið saman segir framkvæmdastýra Samtaka ferðaþjónustunnar.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Kárahnjúkavirkjun hefur haft jákvæð áhrif á ferðaþjónustu á Austurlandi og er orðin að vinsælum áfangastað ferðamanna, innlendra sem erlendra. Þetta segja Helga Jónsdóttir, bæjarstýra Fjarðabyggðar, Hildigunnur Jörundsdóttir, ferða- og menningarfulltrúi, og Sólveig Dagmar Bergsteinsdóttir, kynningarfulltrúi á Végarði sem er upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn á Kárahnjúkum.

„Til dæmis eru Kárahnjúkar einn af föstum áfangastöðum í hringferð um landið á vegum þýsku ferðaskrifstofunnar Studiosus Reisen og svo veit ég að aðrar erlendar ferðaskrifstofur hafa Kárahnjúka inni í sinni ferðaáætlun þó að þær hafi ekki beint samband við okkur," segir Sólveig.

Ekki liggja fyrir tölur um hversu margir koma á Kárahnjúkasvæðið en árið 2006 komu um 16 þúsund ferðamenn í Végarð en í fyrra fækkaði þeim niður í 10 þúsund. „Ég tel að það stafi einna helst af því að veðrið var afar gott sunnan- og vestanlands en síðra hér. Innlendir ferðamenn komu því síður austur en þeim erlendu hefur fjölgað," segir hún. Hildigunnur segir að álverið á Reyðarfirði dragi einnig til sín fjölda ferðamanna. „Sem dæmi erum við að fá fólk í júlíbyrjun á hundrað húsbílum sem er að fara að skoða álverið," segir hún.

Helga Jónsdóttir bæjarstýra segir að með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar hafi Austfirðingum tekist betur að fá ferðamenn til að stoppa við á Austurlandi. „Það kemur mér ekkert á óvart að fólk vilji fara að skoða þetta verkfræðilega þrekvirki, hvaða afstöðu sem það kann að hafa gagnvart virkjunum," segir Erna Hauksdóttir framkvæmdastýra Samtaka ferðaþjónustunnar. „Þarna er líka búið að opna leið inn á hálendið sem ekki var áður svo fólk er einnig að nýta sér það. En við höfum aldrei sagt að stóriðja og ferðaþjónusta fari ekki saman. Við þekkjum það að utan, að víða eru til sérstakar ferðir að virkjunum. Hins vegar eru skiptar skoðanir um það hvar beri að virkja og hvar ekki. Við verðum að haga málum þannig að sem flestar atvinnugreinar geti lifað hlið við hlið."

**jse@frettabladid.is**

Par dæmt fyrir fjársvik:

# Kortasvindlarar sendir úr landi

**DÓMSMÁL** Rúmenskt par, sem dæmt var í Héraðsdómi Reykjaness í fangelsi fyrir helgina fyrir fjársvik með illa fengnum greiðslukortum, var sent úr landi eftir dóminn. Lögreglan á Suðurnesjum gómaði skötuhjúin í maí, með sextíu greiðslukort með stolnum kortaupplýsingum, lögreglustjórinn ákærði þau og þau voru dæmd í 35 daga fangelsi. Fangelsismálastofnun veitti þeim reynslulausn, þar sem þau höfðu setið í gæsluvarðhaldi meira en helming refsitímans. Lögreglan á Suðurnesjum fór síðan með þau í Útlendingastofnun, sem vísaði þeim úr landi.

Hjúin þurftu að greiða 950 þúsund krónur í málskostnað. **- jss**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Árekstur á Gullinbrú

Stór gámabíll ók utan í jeppabifreið með þeim afleiðingum að jeppabifreiðin skemmdist mikið. Við áreksturinn rákust bílarnir utan í tvö önnur ökutæki sem einnig skemmdust. Ökumaður jeppans var fluttur á slysadeild til aðhlynningar.

### Ölvunarakstur í Kópavogi

Karlmaður var tekinn fyrir ölvunarakstur í Kópavogi í nágrenni við lögreglustöðina. Málið er í rannsókn.

## LEIÐRÉTTING

Guðrún Halldórsdóttir ljósmóðir var rangnefnd í allt atvinnu í Fréttablaðinu á sunnudag.

## ÁRÉTTING

Við vinnslu fréttar um kæru á hendur meindýraeyði í Fréttablaðinu í gær féll út setning. Meindýraeyðirinn segir ekkert hreiður hafa fundist daginn sem hann er sakaður um að hafa drepið starraunga. Hann hafi hins vegar litið á aðstæður að samtali við blaðamann loknu og þá fundið hreiður með ungum í.


Pevaryl®

Áhrifarík meðferð við sveppasýkingum í leggöngum




Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

**Pevaryl® , Pevaryl Depot®** (ekónazól) krem (skeiðarkrem) 1%, skeiðarstílar 150 mg og skeiðarstílar með forðaverkun 150 mg. Pevaryl er fáanlegt án lyfseðils og er notað við sveppasýkingu í leggöngum og á ytri kynfærum af völdum candida albicans. Lyfið er ekki ætlað börnum. Þeir sem hafa snertiofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfsins eiga ekki að nota lyfið. Pevaryl skeiðarstílar og krem innihalda efni sem geta eyðilagt hettur og verjur sem innihalda latex og þar með minnkað öryggi þeirra. Því skal ekki nota Pevaryl skeiðarstíla og krem með þessum getnaðarvörnum. Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. **Lesið fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Handhafi markaðsleyfis: Janssen-Cilag AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.


Halldór Haraldsson sem kærður hefur verið fyrir hótanir á Spáni neitar allri sök:

# Segir að sér hafi verið hótað

**SPÁNN** „Ef ég væri ofbeldisfullur maður sem gengi um á Spáni með byssu, þá væri fyrir löngu búið að loka mig inni," segir Halldór Haraldsson, fertugur Íslendingur sem búsettur er á Costa Blanca á Spáni. Fréttablaðið greindi frá því í gær að Halldór hefði verið kærður fyrir hótanir, meðal annars með byssu, í garð breskra hjóna sem leigðu Halldóri og fjölskyldu hans íbúð. Halldór segir hins vegar að málum sé öfugt farið.

Í spænska blaðinu Leader, sem gefið er út á Costa Blanca, kemur fram að Mark Mayled, breski maðurinn sem Halldór á í deilum við, hafi sakað Halldór um að auglýsa fasteignir Mayleds sem sínar eigin á heimasíðu sinni. Þegar Mayled hafi beðið hann um að láta af þessu, og greiða sér skuld fyrir ógreidda húsaleigu, hafi Halldór brugðist ókvæða við og hótað honum öllu illu. Þetta staðfesti Mayled í samtali við Vísi.is í gær.

Kolbrún Jónsdóttir, sem leigði hús hjá Halldóri á Spáni í fyrra, segir í samtali við Vísi.is að reynsla hennar af Halldóri sé algjörlega í takt við þá lýsingu sem Mayled hafi gefið af honum.

Halldór neitar allri sök í málinu. Hann segir Mark Mayled hafa brugðist skyldum sínum sem leigusali.



**RÆTT VIÐ SPÆNSKA LÖGREGLU** Halldór Haraldsson sést hér ræða við lögreglu. Hann snýr baki í myndavélina. MYND/VÍSIR

Þegar Halldór hafi beðið Mayled að sinna framkvæmdum í leiguíbúðinni hafi Mayled hótað sér og fjölskyldu sinni með byssu, en ekki öfugt. Einnig hafi tveir menn á vegum Mayleds ráðist á konu Halldórs og lamið hana. „Þessi maður [Mayled] var í hernum í fjórtán ár og hikar ekki við að drepa fólk," segir Halldór. Halldór segist hins vegar enga byssu eiga. Hann hafi kært Mayled til lögreglu fyrir hótanir oftar en einu sinni. **- kg**


SKÝJUM OFAR
Mikilvægum áfanga er náð
LEIKSKÓLAKENNARAR!
Til hamingju með
lögverndun starfsheitisins
FÉLAG LEIKSKÓLAKENNARA
Í dag 1. júlí 2008 taka gildi lög
sem lögvernda starfsheiti leikskólakennara.
Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda
við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

## GENGIÐ 30.06.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 79,07 | 79,45 |
| Sterlingspund | 157,64 | 158,4 |
| Evra | 124,98 | 125,68 |
| Dönsk króna | 16,755 | 16,853 |
| Norsk króna | 15,605 | 15,697 |
| Sænsk króna | 13,209 | 13,287 |
| Japanskt jen | 0,7508 | 0,7552 |
| SDR | 129,21 | 129,99 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
**160,4153**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Karlmaður dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi:

# Sló lögreglumann og stal bíl

**DÓMSMÁL** Karlmaður í Njarðvík hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir að kýla lögreglumann og aka síðan lögreglubifreið á hurð í bílageymslu lögreglustöðvar. Einnig fyrir ölvunarakstur á öðrum vettvangi. Honum var gert að greiða 280 þúsund krónur í sekt til ríkissjóðs.

Upphaf málsins er að lögreglu barst tilkynning frá fjarskiptamiðstöð um að pólskur maður hefði hringt í Neyðarlínuna og sagt: „Polish, schnell, schnell, murder."

Maðurinn reyndist dauðadrukkinn þegar lögregla kom á staðinn. Hann var skorinn og blóðugur á vinstri handlegg. Þurfti að sauma í hann 32 spor á heilsugæslustöð. Síðan var hann færður á lögreglustöð. Þar náði hann að slá varðstjóra hnefahögg á vinstri kjálka svo varðstjórinn vankaðist.



**STAL LÖGREGLUBÍL** Maðurinn stal lögreglubíl og náði að aka á hurð áður en hann var yfirbugaður.

Það skapaði manninum tækifæri til að komast inn í bílageymslu lögreglunnar og inn í lögreglubifreið sem þar stóð með lyklum í. Honum tókst að gangsetja bílinn og aka af stað, þrátt fyrir að varðstjórinn hefði snarar hendur og næði að rífa í handbremsuna.

Maðurinn spólaði bílnum áfram svo hann rakst á hurð bílageymslunnar. Hann var yfirbugaður og færður í fangaklefa. - jss

Gortaði af ódæðinu í fangelsi:

# Hrinti eldri borgara í sjóinn

**BANDARÍKIN Fjórtán ára drengur í bænum Falmouth í Maine-ríki var handtekinn á sunnudag eftir að hann hrinti eldri borgara fram af bryggju og út í sjó. „Ég hélt að það yrði fyndið," var skýringin sem drengurinn gaf lögreglu á athæfinu.**

**Hann flúði af vettvangi en var fljótlega handtekinn og færður í fangelsi. Þar fékk hann að hringja eitt símtal líkt og lög gera ráð fyrir, og nýtti það til að hringja í vin sinn, gorta af dagsverkinu og hlæja.**

**Gamli maðurinn, sem er 71 árs, hlaut skurði á bæði hnén og týndi gleraugunum sínum.** - sh



**LÉTTVÍN** Nú er hægt að flytja fjórar flöskur inn í landið í stað þriggja.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Tollfrjálsar vörur inn í landið:

# Fjórar flöskur í stað þriggja

**ÁFENGI** Nú mega ferðamenn taka með sér þrjá lítra af léttvíni inn í landið í stað 2,25 lítra eins og áður. Það þýðir að kaupa má fjórar flöskur í stað þriggja. Jafnframt má kaupa 1,5 lítra af léttvíni ásamt sterku víni en áður mátti aðeins kaupa einn lítra.

Ferðamenn mega nú flytja vörur að andvirði 65.000 króna inn í landið en áður mátti flytja inn fyrir 46.000 krónur. Fjármálaráðherra hækkaði þessa heimild í gær.

Hver einstakur hlutur sem ferðamaður flytur inn í landið helst hins vegar enn í 32.500 krónum. - vsp

## GUANTANAMO

### Segist pyntaður til sagna

Kæra var gefin út í gær á hendur Abd al-Rahim al-Nashiri, sem játaði að vera heilinn á bak við árásina á herskipið USS Cole árið 2000. Í þeirri árás létu sextán manns lífið. Hann hefur verið fangi í Guantanamo síðan 2006 og á yfir höfði sér dauðadóm. Hann neitar nú sök og segist hafa verið pyntaður til játningar.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Bílvelta í Dýrafirði

Harkaleg bílvelta varð í Dýrafirði í gærmorgun þegar bíll valt út af vegi. Einn var í bílnum og hlaut ekki alvarlega áverka. Bíllinn er sagður gjörónýtur.

# Allt frá skartgripum upp í bújarðir í boði

**Karnivalstemning ríkir á mótsvæðinu á Hellu, þar sem Landsmót hestamanna 2008 hófst í gær. Gestir streyma að og borgir tjaldbúða og sölubása eru að rísa. Í básunum er boðið upp á allt frá skartgripum til bújarða.**

**LANDSMÓT** „Hér hefur skapast landsmótsstemning, strax á fyrsta degi," sagði Telma Tómasson, upplýsingafulltrúi Landsmóts hestamanna 2008, sem hófst á Hellu í gær.

Að sögn Telmu var á þriðja þúsund manns mætt á svæðið upp úr hádegi. Tekið var að fjölga í áhorfendabrekkum og í sætum, en uppselt var í þau fyrir mótið. Kynbótasýningar voru í gangi, svo og gæðingakeppni í yngri aldursflokkum.

„Hér eru tjaldborgir að rísa og mikil eftirvænting ríkir," sagði Telma. Hún bætti við að sölubásar væru sem óðast að komast í gagnið, en af þeim verður fjöldinn allur á mótinu. Þar verður boðið upp á allt milli himins og jarðar, flest tengt hestamennsku en einnig annars konar varningur.



**MIKILL GRIPUR** Lukka frá Stóra-Vatnsskarði var langhæst dæmda hryssan í kynbótasýningu sjö vetra og eldri á landsmótinu í gær. Í hana heldur eigandinn, Benedikt Benediktsson bóndi á Kvistum í Ölfusi. Á myndinni er einnig dóttir Benedikts, Hildur Guðbjörg, sem er á kafi í hestamennsku og keppir í barnaflokki í dag.

„Það má segja að hérna verði til sölu allt frá skartgripum og upp í bújarðir," sagði Telma um leið og hún rölti um sölubásasvæðið til að lýsa því sem fyrir augu bar. „Og hér er hægt að kaupa kúrekahatta með pallíettum!"

Ekki má gleyma hestatorginu í nýrisinni reiðhöll á svæðinu. Þar verður þétt dagskrá mótsdagana. Þá lítur hinn frægi stóðhestur Orri frá Þúfu við, sýnikennsla fer fram og fleira mætti telja. Sérstök áhersla er lögð á það að þessu sinni að mótið verði stórviðburður fyrir alla fjölskylduna.

Að sögn Telmu eru erlendir áhugamenn um íslenska hestinn farnir að tínast á svæðið.

„Ég hef ekki tölu á þeim útlendingum sem sækja landsmót heim að þessu sinni, en við vitum að það er mikill áhugi. Stór hópur erlendra hestamanna hefur ekki látið þennan viðburð fram hjá sér fara um árabil." Telma sagði einnig að athyglisverður væri áhugi erlendra blaða- og fréttamanna á landsmótinu.



**TELMA TÓMASDÓTTIR** Hróður íslenska hestsins er farinn að berast mjög víða.

„Stór hluti þeirra sem koma er frá erlendum hestatímaritum víðs vegar í Evrópu og í Bandaríkjunum, þá ekki endilega Íslandshestatímaritum," sagði hún. „En svo koma til dæmis fréttamenn frá franskri sjónvarpsstöð. Þá er von á fólki frá Weekendavisen í Danmörku. Mér reiknast til að fólk frá erlendum fjölmiðlum verði vel á fjórða tuginn.

Maður getur ekki annað en haft á tilfinningunni að hróður íslenska hestsins sé að berast mjög víða," segir Telma. jss@frettabladid.is

Benedikt hætti við sundið:

# Líkamshitinn kominn niður í 35 gráður

**SUND** Benedikt S. Lafleur sundkappi gafst upp í þriðja sinn við að synda yfir Ermarsund eftir um tíu tíma sund. Ástæðan var sú að mikið hvassviðri var á leiðinni og líkamshiti hans var kominn niður í þrjátíu og fimm gráður. Ástand hans er þó ekki talið alvarlegt.



**BENEDIKT LAFLEUR**

Hann var rúmlega hálfnaður með leiðina, sem er um þrjátíu og tveir kílómetrar. Benedikt lagði af stað frá Dover í Englandi og synti í átt að Calais í Frakklandi. - vsp

Vegvísir Landsbankans:

# Atvinnuleysi eykst í haust

**ATVINNUMÁL „Atvinnuleysistölur gefa ekki rétta mynd af viðsnúningi á vinnumarkaði. Í flestum tilfellum á starfsfólk rétt á uppsagnarfresti og því líður jafnan nokkur tími þar til sótt er um atvinnuleysisbætur," segir í Vegvísi greiningar Landsbankans.**

**Vinnumálastofnun birti í gær greinargerð um stöðu á vinnumarkaði þar sem spáð er að atvinnuleysi verði tvö prósent í árslok og og að meðalatvinnuleysi ársins 2009 verði um eða yfir þrjú prósentum.**

**Í greinargerðinni kemur fram að margt bendi til þess að atvinnurekendur séu víða farnir að halda að sér höndum við ráðningar. „Það er ljóst að samdráttur í efnahagslífinu sé nú að byrja að koma fram í atvinnuleysistölum," segir í greinargerðinni.** - bþa




## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

**VOTT VEÐUR**
Ekki nóg með hvasst veður í dag þá verður einnig vætusamt á norðaustan- og austanverðu landinu og vaxandi úrkoma annars staðar með kvöldinu. Úrkoma og vindur fer þó minnkandi og mun hlýna talsvert þegar líður á morgundaginn.




Á MORGUN
Norðaustan 3-13 m/s.

FIMMTUDAGUR
Austan 3-10 m/s.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Billund | 21° |
| Ósló | 22° |
| Stokkhólmur | 21° |
| Gautaborg | 18° |
| London | 24° |
| París | 29° |
| Frankfurt | 32° |
| Friedrichshafen | 31° |
| Berlín | 29° |
| Alicante | 29° |
| Mallorca | 29° |
| Basel | 31° |
| Eindhoven | 27° |
| Las Palmas | 24° |
| New York | 29° |
| Orlando | 32° |
| San Francisco | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Útsala

## Allar útsöluvörur

## 250-2000 kr

| Upphaflegt verð | útsöluverð |
|---|---|
| ~~499~~ kr. | 250 kr. |
| ~~799~~ kr. | 500 kr. |
| ~~999-1.299~~ kr. | 750 kr. |
| ~~1.499-1.699~~ kr. | 1.000 kr. |
| ~~1.999-2.499~~ kr. | 1.500 kr. |
| ~~2.999-4.999~~ kr. | 2.000 kr. |

Þessi auglýsing á við fatnað og skó, ekki raftæki, leikföng, húsgögn og heimilisvöru

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Vilt þú endurvekja strandsiglingar við Ísland?*

Já 90%

Nei 10%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eiga ljósmæður rétt á leiðréttingu launa sinna?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

Nýjar reglur um siglingaleiðir við suður- og suðvesturströndina taka gildi í dag:

# Skref í átt að siglingaöryggi

**SAMGÖNGUR** Nýjar reglur um siglingaleiðir við suður- og suðvesturströnd Íslands taka gildi í dag. Alþjóðasiglingamálastofnunin í Lundúnum (IMO) samþykkti þessar tillögur þegar þær voru lagðar fyrir árið 2007 og felast þær í leiðastjórnun, mörkun svæða sem ber að forðast og tilkynningaskyldu skipa.

Markmiðið með leiðastjórnun, mörkun svæða og tilkynningaskyldu suður og suðvestur af landinu er að treysta öryggi sjófarenda og draga úr líkum á alvarlegum afleiðingum óhappa fyrir umhverfið. Á þessu svæði eru bæði hrygningar- og uppeldisstöðvar helstu nytjastofna, mikilvægar veiðislóðir og fiskimið. Leiðastjórnunin gerir ráð fyrir tveimur siglingaleiðum fyrir Reykjanes. Öllum skipum stærri en 5.000 brúttótonn og öllum skipum sem flytja hættuleg efni og eiturefni í búlka eða tönkum skal siglt um ytri leið nema heimilt sé að sigla þeim um innri leið. Heimilt er að sigla flutningaskipum allt að 20.000 brúttótonnum um innri leið ef þau flytja ekki hættuleg efni eða eiturefni í lausafarmi eða tönkum og að skipstjóri hafi fengið sérstaka heimild Siglingastofnunar til að sigla leiðina sem skipstjóri. **- shá**




**DETTIFOSS** Grunnhugsun leiðastjórnunar er að útiloka siglingar skipa með hættulegan farm yfir viðkvæm vistsvæði en snýr ekki að hefðbundnum flutningum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vörukarfa ASÍ:

# Karfan hækkar mest í Bónus

**NEYTENDUR Vörukarfa ASÍ hækkaði mest í Bónus, um 2,7 prósent á milli verðmælinga ASÍ í annarri og þriðju viku júní, samkvæmt nýjustu niðurstöðum úr könnunum verðlagseftirlitsins. Karfan hækkaði um 1,9 prósent í verslun Krónunnar á milli vikna og um 2 prósent í Samkaupum-Strax.**

**Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónus, segir tilboð milli vikna skýra sveiflur í verði körfunnar. „Karfan hjá okkur lækkaði í síðustu könnun. Sú staðreynd að sú lækkun gangi til baka nú skýrist af tilboðum á kjötvörum og drykkjarföngum,“ segir Guðmundur.** **- kg**



**FLUTNINGASKIP AFFERMT Í PJONGJANG** Sameinuðu þjóðirnar og hjálparsamtök dreifa bandarísku matvælunum um Norður-Kóreu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkin gefa mat:

# Matvælaaðstoð í Norður-Kóreu

**NORÐUR-KÓREA, AP** Bandarískt skip með 37 þúsund tonn af hveiti og öðrum matvælum kom í höfn í Pjongjang, höfuðborg Norður-Kóreu, í fyrradag.

Hveitið er fyrsta sendingin af fimm hundruð þúsund tonnum sem Bandaríkin hafa heitið Norður-Kóreu í matvælaaðstoð.

Sendingin kom stuttu eftir að N-Kóreumenn sprengdu kæliturn helsta kjarnorkuvers landsins til að sýna að þeir stæðu við áætlun um að falla frá kjarnorkuvopnaáætlun sinni. Talsmenn Bandaríkjastjórnar hafa þó hafnað því að hún beiti matvælaaðstoð sem pólitísku þvingunartæki. **- gh**

# Afríkuleiðtogar bjóða Mugabe velkominn

**Robert Mugabe mætti á leiðtogafund Afríkusambandsins í Egyptalandi í gær eins og ekkert væri sjálfsagðara, daginn eftir að hann sór embættiseið sem forseti Simbabve í sjötta sinn. Aðrir Afríkuleiðtogar héldu gagnrýni í lágmarki.**

**AFRÍKA, AP** Robert Mugabe var hlýlega tekið sem nýendurkjörnum forseta Simbabve á leiðtogafundi Afríkusambandsins í egypska orlofsdvalarstaðnum Sharm el-Sheikh í gær. Með því að mæta á fundinn vonaðist Mugabe eftir því að auka lögmæti valdatilkalls síns eftir hina mjög svo umdeildu síðari umferð forsetakosninga á föstudaginn, þar sem hann var einn í framboði. Ekkert benti til að kollegar hans frá öðrum ríkjum álfunnar ætluðu sér að gagnrýna hann harðlega, þrátt fyrir eindregna hvatningu vestrænna ráðamanna í þá veru.

Bandarískir ráðamenn hafa heitið því að bera málefni Simbabve upp til umræðu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna nú í vikunni, og Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, skoraði á Afríkusambandið að viðurkenna ekki niðurstöðu úrslitaumferðar forsetakosninganna í Simbabve sem Mugabe byggir nú formlegt umboð sitt til valda á.

Leiðtogarnir á fundinum „yrðu að gera það tvímælalaust að ekki verði við annað unað en að róttækar breytingar eigi sér stað [í Simbabve],“ sagði Brown í Lundúnum.

Ólíklegt þykir þó að Afríkuleiðtogarnir taki undir svo afdráttarlausar yfirlýsingar. Í stað fordæmingar er frekar búist við því að leiðtogarnir hvetji Mugabe kurteislega til að opna á einhvers konar viðræður um að deila völdum með stjórnarandstöðunni í Simbabve, í takt við það sem gert var í Kenía fyrr á þessu ári (það samkomulag endaði að vísu í ofbeldisöldu).

Afríku ber að „gera allt sem í hennar valdi stendur til að hjálpa stríðandi aðilum í Simbabve til að vinna saman að æðstu hagsmunum lands síns í því skyni að yfirvinna núverandi vanda,“ tjáði Jean Ping, forseti framkvæmdastjórnar Afríkusambandsins, í ávarpi.

En einstaka ríkisstjórnir virtust ætla að taka harðari afstöðu. Raila Odinga, forsætisráðherra Kenía, sagði að Afríkusambandið ætti að útiloka Mugabe frá leiðtogafundinum. „Þeir ættu að reka hann á dyr og senda friðargæslulið til Simbabve til að tryggja frjálsar og réttlátar kosningar,“ sagði Odinga.

Utanríkisráðherra Senegals, Cheikh Tidiane Gadio, gagnrýndi hikið við að gagnrýna Mugabe. Hann benti á að Afríkumenn segðu gjarnan að Vesturlönd ættu að láta Afríku í friði og „láta okkur sjálfa um að ákveða örlög okkar“. En þegar stór vandamál komi upp „viljum við ekki tala um þau. Það er ekkert vit í því.“

**audunn@frettabladid.is**




**MÆTTUR** Robert Mugabe, lengst til hægri, fer fyrir sendinefnd Simbabve á leiðtogafundi Afríkusambandsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stærsti framhaldsskóli Íslands:

# Tækniskólinn verður stærstur

**MENNTAMÁL** Í dag verða Fjöltækniskóli Íslands og Iðnskólinn í Reykjavík formlega sameinaðir. Nýtt nafn skólans verður Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins.

Tækniskólinn verður stærsti framhaldsskóli landsins. Gert er ráð fyrir því að um 1.800 nemendur sitji dagskóla á haustönn.

Skólinn er einkarekinn og er rekstrarfélagið í eigu Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka iðnaðarins, Samorku, Samtaka íslenskra kaupskipaútgerða og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík.

Formleg sameiningarathöfn verður við Iðnskólann á Skólavörðuholti í dag klukkan 15. **- hþj**



**SUMAR OG SÓL** Veðrið hefur leikið við landann í sumar. Þessir hressu strákar nutu lífsins í Nauthólsvík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mikil sól það sem af er sumri:

# Veðurblíða í júnímánuði

**VEÐURFAR „Það var töluvert meira sólskin á suðvesturhorninu í júní í ár en í fyrra,“ segir Trausti Jónson veðurfræðingur. „Ellefu daga í röð skein sólin í meira en tíu klukkustundir, sem er mjög óeðlilegt.“**

**Júní í ár sker sig ekki úr hópi undanfarinna ára þegar kemur að hitastigi en árið 2006 er hið eina af síðustu sex sem ekki var sólríkt. „Það hefur vissulega verið hlýtt og þurrt en þó ekkert met slegið,“ segir Trausti.**

**„Veðrið hefur ekki verið alveg jafn hagstætt á Austur- og Norðurlandi, en þó ekkert til að kvarta yfir.“** **- ges**

Stjórnmálamaður í Malasíu:

# Sakaður um samkynhneigð

**MALASÍA, AP Anwar Ibrahim, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Malasíu, hefur verið sakaður um að hafa leitað kynferðislega á aðstoðarmann sinn. Samkynhneigð er glæpur í Malasíu, en meirihluti íbúa þar er múslímar.**



**ANWAR IBRAHIM**

**Anwar heldur því fram að ásökunin sé runnin undan rifjum ríkisstjórnar landsins, sem vilji halda sér frá völdum. Hann var dæmdur í fangelsi fyrir samkynhneigð árið 1998, en hæstiréttur landsins ógilti þann dóm árið 2004.**

**Fylgi stjórnarandstöðunnar hefur aukist undanfarið á kostnað veikrar ríkisstjórnar landsins.** **- gh**

Ungur maður mátti mynda sautján ára stúlku nakta og að stunda kynlíf:

# Sendi tengdamóður kynlífsupptöku

**DÓMSMÁL** Ungur maður hefur verið sýknaður af ákæru um að hafa brotið gegn blygðunarsemi sautján ára stúlku, með því að taka upp á farsíma sinn samfarir vinar síns við stúlkuna í sumarbústað í fyrra. Hann var hins vegar sakfelldur fyrir að senda tengdamóður sinni brot af myndskeiðinu.

Rannsókn lögreglu hófst þegar stúlkan kærði vin myndatökumannsins fyrir nauðgun. Hún kvaðst lítið muna eftir atburðum, en hún hefði vaknað með honum í rúmi í sumarbústaðnum og bæði hefðu verið nakin. Myndatökumaðurinn var síðar kærður fyrir að mynda stúlkuna nakta án hennar samþykkis.

Á myndskeiðinu mátti hins vegar sjá að fullyrðingar stúlkunnar áttu ekki við rök að styðjast, að því er segir í dómnum. Þar mátti sjá að stúlkan var ekki andsnúin samræðinu og að henni hafi verið fullkunnugt um myndatökuna og ekki mótmælt henni. Maðurinn sendi tengdamóður sinni hluta af myndskeiðinu eftir að stúlkan kærði nauðgun. Með því vildi hann sýna henni að ásökunin væri ekki rétt.

Sá sem myndaði var sýknaður af því að hafa myndað stúlkuna, en sakfelldur fyrir að hafa sent tengdamóðurinni brotið, enda hafi stúlkan ekki gefið samþykki sitt fyrir dreifingunni. Ákvörðun um refsingu er frestað í ljósi þess af hvaða ástæðu myndskeiðið var sent. Það hafi bjargað vini hans, eins og vinurinn bar fyrir dómi. **- sh**

## ATBURÐARÁS

1. Stúlkan stundar kynlíf með manni í heitum potti í sumarbústað í fyrra.
2. Vinur mannsins myndar kynlífið.
3. Stúlkan kærir manninn fyrir nauðgun.
4. Vinurinn sendir tengdamóður sinni hluta myndbandsins til að sanna að engin nauðgun hafi átt sér stað.
5. Vinurinn er kærður fyrir myndatökuna.
6. Dómur fellur yfir vininum.

Jón týndist í Heiðmörk:

# Strokuhestur frá Auðkúlu

**HESTAR** Hesturinn Jón strauk frá Andvara rétt hjá Heiðmörk á föstudaginn var. Hann var þá nýkominn úr Húnavatnssýslu, þar sem eigandi hestsins býr.

„Hann fór á stökki upp í Heiðmörk og það hefur ekki sést til hans síðan þá. Við erum búin að leita um allt höfuðborgarsvæðið,“ segir Guðbjörg Guðmundsdóttir hestakona sem er miður sín yfir missinum.

Jón er stór og mikill hestur, bleikálóttur með tvílitt fax, svart og hvítt. „Þeir sem verða varir við hann geta haft samband í síma 862 7996 eða 820 4961,“ segir Guðbjörg. **- vsp**


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
N1
VIÐ OPNUM NÝJA ÞJÓNUSTUSTÖÐ Á BÍLDSHÖFÐA Í DAG
10 KR. AFSLÁTTUR AF ELDSNEYTI!
Í dag kl. 10 opnar ný þjónustustöð N1 og af því tilefni bjóðum við 10 kr. afslátt af eldsneyti á Bíldshöfða í allan dag!
Serrano og Pizza Pronto opna um leið á sama stað og út daginn verður boðið upp á fjölda frábærra opnunartilboða.
Lítið inn og skoðið nýja og glæsilega þjónustustöð N1 á Bíldshöfða!
N1
2 fyrir 1 í bakaríi
Pylsa og gos 199 kr.
Ís í brauðformi 49 kr.
70% afsláttur af blandi í poka
Frítt kaffi
2 fyrir 1 á pizzasneiðum hjá Pizza Pronto
2 fyrir 1 á burritos hjá Serrano
Opnunartilboðin gilda í dag, 1. júlí.
PIZZA PRONTO
serrano
N1 BÍLDSHÖFÐA
WWW.N1.IS
N1 - Meira í leiðinni

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hverjir unnu Evrópumeistaramótið í knattspyrnu á sunnudag?*

*2 Hver er aðstoðarmaður borgarstjóra?*

*3 Hvað seldi Bretinn Ian Usher „líf“ sitt fyrir mikið?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30.

Úrskurðarnefnd um heilsu- og mengunarmál vísar máli Borgar aftur til nefndar:

# Ágallar á meðferð heilbrigðisnefndar

**KÓPAVOGUR** Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogs þarf aftur að taka til athugunar kröfu Einingarverksmiðjunnar Borgar ehf. í Kópavogi um að starfsleyfi verksmiðjunnar nái bæði til einingastöðvar og steypustöðvar. Þetta er niðurstaða úrskurðarnefnar um heilsu- og mengunarmál frá því í síðustu viku. Heilbrigðisnefndin hafði áður hafnað kröfu Borgar.

„Það voru það miklir ágallar á málsmeðferð nefndarinnar að henni var falið að vinna málið upp á nýtt og í þetta skiptið eins og menn,“ segir Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri Borgar. Hann segir að starfsleyfið gilda fyrir steypueiningaverksmiðju og ná því yfir framleiðslu og sölu á steypu.

Því er Kópavogsbær ekki sammála. „Þeir báðu bara um leyfi fyrir einingaverksmiðju og fengu það. Kópavogsbær telur hins vegar að starfsleyfið nái ekki til þess að framleiða steinsteypu og selja á almennum markaði eins og þeir hafa gert,“ segir Þór Jónsson, upplýsingafulltrúi Kópavogsbæjar.

„Kópavogsbær tekur undir áhyggjur íbúa við Bakkabraut og hefur miklar áhyggjur af mengun og umgengni á þessum stað,“ segir Þór **- vsp**



**STEYPUBÍLL FRÁ BORG** Þessi mynd náðist af steypubíl frá Einingaverksmiðjunni Borg dæla steypu í sjóinn. Myndin var tekin á síðasta ári. MYND/RAYMOND

Veiddu makríl á síldarveiðum:

## Of mikil áta í síldinni núna

**SJÁVARÚTVEGUR** Mikil áta er í þeirri síld sem veiðist um þessar mundir. Því hentar hún ekki vel til vinnslu að sögn Sveinbjörns Sigmundssonar verksmiðjustjóra HB Granda.

Skipin Faxi RE og Ingunn RE ætluðu út til veiða en vegna mikillar brælu veiddist lítið af síld. Í staðinn var stærsti hluti aflans makríll.

Veiðarnar hófust vestan við Þórsbankann. Í fyrsta holli var hlutfall makríls um 34 prósent en í seinna hollinu um 70 prósent.

Bræla er enn á miðunum en samkvæmt veðurspá ætti að gefa aftur til veiða eigi síðar en á miðvikudag. **- vsp**

Akkeri af Jamestown-skipinu:

## Híft úr sjó eftir 127 ár á botni

**REYKJANES Akkeri úr seglskipinu Jamestown var halað upp af hafsbotni fyrir utan Hafnir á Reykjanesi í vikunni. Það hafði legið þar í ein 127 ár en það sökk árið 1881, eftir að hafa rekið mannlaust að Ósabotnum.**

**Elsta húsið í Sandgerði er reist með timbri úr Jamestown-skipinu, og stendur til að akkerinu, sem er tvö tonn á þyngdina, verði stillt upp við hlið Efra-Sandgerðis.**

**Tómas J. Knútsson kafari hefur unnið að björguninni ásamt öðrum kafara, Davíð Sigurþórssyni, en undirbúningur þessa hófst árið 2002.**

**Akkerið er geymt á bak við Fræðasetrið í Sandgerði í sjókeri, til að koma í veg fyrir málmskemmdir.**

**Vefsíðan 245.is greindi frá. - kóþ**

# Afnotagjöldin kosta uppsagnir hjá RÚV

**Tilkynnt var í gær að stöðugildum hjá Ríkisútvarpinu yrði fækkað um tuttugu. Trúnaðarmaður á Fréttastofu Útvarps segir starfsmenn slegna yfir fréttunum. Útvarpsstjóri segir hækkun afnotagjalda um fimm prósent ekki nógu háa.**

**RÍKISÚTVARPIÐ** „Starfsmenn eru almennt slegnir. Ég held að fólk hafi ekki reiknað með þessu í dag,“ segir Heiðar Örn Sigurfinnsson, trúnaðarmaður starfsmanna Fréttastofu Útvarps.

„Við höfum verið að segja fréttir af fjöldauppsögnum í samfélaginu en bjuggumst ekki við að þetta kæmi til hjá okkur sjálfum,“ segir Heiðar.

Á starfsmannafundi Ríkisútvarpsins sem haldinn var í gær tilkynnti Páll Magnússon útvarpsstjóri að stöðugildum innan stofnunarinnar yrði fækkað um tuttugu. Þar af væri átta starfsmönnum sagt upp og átta væru að hætta. Ekki yrði ráðið í þær stöður á ný og ekki yrði ráðið í afleysingar í þær fjórar stöður þar sem starfsmenn væru að taka orlof. Starfsmenn RÚV verða þá um 300 talsins.



**PÁLL MAGNÚSSON**

Heiðar Örn segir að af þeim átta starfsmönnum sem var sagt upp hafi fimm eða sex starfað hjá Fréttastofu Útvarps.

Páll Magnússon útvarpsstjóri segir ástæðu uppsagnanna vera að forsendur hafi ekki staðist. Í langtímarekstraráætlunum við breytingu reksturs Ríkisútvarpsins hafi tekjuforsenda samningsins milli Ríkisútvarpsins og stjórnvalda verið sú að tekjur af afnotagjöldum væru ekki minni að raungildi en þær voru árið 2006.



**RÍKISÚTVARPIÐ** Ríkisútvarpið hefur fækkað stöðugildum um tuttugu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Við höfum verið að segja fréttir af fjöldauppsögnum í samfélaginu en bjuggumst ekki við að þetta kæmi til hjá okkur sjálfum.
>
> **HEIÐAR ÖRN SIGURFINNSSON**
> TRÚNAÐARM. Á FRÉTTASTOFU ÚTVARPS

„Þessi forsenda hefur ekki staðist og á þessu og síðasta ári vantar um 400 milljónir upp á að þetta hafi gengið eftir,“ segir Páll. „Við erum að bregðast við þessu núna og náum sparnaði upp á 180 milljónir, til dæmis með fækkun starfsmanna.“

Frá og með 1. ágúst næstkomandi hafa stjórnvöld heimilað fimm prósenta hækkun á afnotagjöldum. Páll telur það vera fullítið.

„Ég reikna með að til þess að hækkunin myndi skila Ríkisútvarpinu sömu tekjum og árið 2006 að raungildi þyrftu afnotagjöldin að hækka um tuttugu prósent,“ segir Páll.

Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar Alþingis, segir aldrei hafa komið til umræðu innan nefndarinnar að hækka afnotagjöldin meira en þau fimm prósent sem lagt var upp með frá ríkisstjórninni.

„Fjárlögin standa fyrir sínu á þeim tíma sem þau eru samþykkt. Ekki var vilji til þess í desember þegar þau voru samþykkt að hækka afnotagjöldin frekar,“ segir Gunnar.

**vidirp@frettabladid.is**

Þingsályktun á Spáni:

## Apar fá réttindi

**SPÁNN, AP Umhverfisnefnd Spánarþings hefur beint því til ríkisstjórnar landsins að beita sér fyrir auknum réttindum mannapa á borð við górillur og simpansa.**

**Hvatt er til þess að bannað verði að framkvæma skaðlegar tilraunir á mannöpum og að hafa þá til sýnis í hagnaðarskyni.**



**GÓRILLA**

**Stuðningsmenn ályktunarinnar hafa bent á skyld-leika manna og mannapa til stuðnings auknum réttindum mannapa.**

**Ályktunin hlaut stuðning allra flokka. Talsmaður íhaldsmanna sagðist þó hálfskammast sín fyrir að vinna að réttindum apa á tímum harðnandi efnahags. - gh**





**LOUIS VUITTON** Fyrirtækið vann fimm milljarða málsókn á hendur eBay.

Réttað yfir netfyrirtæki:

## eBay fær fimm milljarða sekt

**FRAKKLAND Internetfyrirtækið eBay var í gær dæmt til að greiða tískuframleiðandanum Louis Vuitton hátt í fimm milljarða íslenskra króna í skaðabætur fyrir að selja falsaðar vörur merktar fyrirtækinu á netinu. eBay hyggst áfrýja dómnum.**

**Réttað var yfir internetfyrirtækinu í París. Því var einnig meinað að selja vörur frá ilmvatnsframleiðendunum Christian Dior, Kenzo, Givenchy og Guerlain.**

**Talsmaður eBay segir dóminn endurspegla ótta við samkeppni. - kg**

Dani fastur í skattamartröð:

## Þarf að borga fyrir að vinna

**DANMÖRK** Óheppinn Dani þarf að borga 109 krónur af hverjum hundrað sem hann vinnur sér inn. Maðurinn, sem heitir Peter Holm, þarf því að borga fyrir að vinna. Á meðan málið er í vinnslu þarf Holm að taka lán til að borga skattinn sinn. Þetta kemur fram á heimasíðu Jyllandsposten.

Holm borgar tvöfaldan skatt af ýmsum tekjuliðum eftir að hann stofnaði nýtt fyrirtæki í samvinnu við fjárfesti. Hann er því bæði eigandi og starfsmaður fyrirtækisins, sem veldur þessari furðulegu tvísköttun.

Málið er nú fyrir dönskum skattayfirvöldum en þangað til það leysist getur Holm harmað hlutinn sinn. **- ges**


-2 krónur á Súðavík í dag!

Afsláttur er veittur af almennu verði Orkunnar sem er 175,6 kr. á 95 okt. bensíni og 192,1 kr. á dísel.

M.v. verð 1. júlí 2008.





Sparaðu hjá Orkunni í dag!

ORKAN BENSÍN

SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!

DYNAMO REYKJAVÍK

www.toyota.is

# SUMIR NOTAÐIR ÚRVALSJEPPAR ERU EINFALDLEGA Á BETRI KJÖRUM EN AÐRIR



**Toyota Land Cruiser 100**
4700 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 12.05 Ekinn: 65.000 km
Verð: 6.750.000 kr. Skr.nr. NA827
**Tilboð: 5.550.000 kr.**
Greiðsla á mán.: 95.728 kr.
m.v. 72 mán. og 555.000 kr. útborgun.



**Toyota Land Cruiser 100**
4700 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 10.06 Ekinn: 39.113 km
Verð: 7.390.000 kr. Skr.nr. UI267
**Tilboð: 6.390.000 kr.**
Greiðsla á mán.: 94.513 kr.
m.v. 84 mán. og 639.000 kr. útborgun.



**Toyota Land Cruiser 100**
4700 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.05 Ekinn: 73.000 km
Verð: 5.990.000 kr. Skr.nr. ZR843
**Tilboð: 5.250.000 kr.**
Greiðsla á mán.: 86.813 kr.
m.v. 72 mán. og 525.000 kr. útborgun.



**Toyota Land Cruiser 100**
4200 Dísil sjálfsk.
Á götuna: 09.04 Ekinn: 108.456 km
Verð: 6.950.000 kr. Skr.nr. AT225
**Tilboð: 5.990.000 kr.**
Greiðsla á mán.: 118.689 kr.
m.v. 60 mán. og 599.000 kr. útborgun.



**Toyota Land Cruiser 100**
4700 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.05 Ekinn: 77.000 km
Verð: 5.990.000 kr. Skr.nr. UL423
**Tilboð: 5.250.000 kr.**
Greiðsla á mán.: 86.113 kr.
m.v. 72 mán. og 525.000 kr. útborgun.



**Toyota Land Cruiser 100**
4200 Dísil sjálfsk.
Á götuna: 12.02 Ekinn: 110.000 km
Verð: 5.090.000 kr. Skr.nr. LP687
**Tilboð: 4.490.000 kr.**
Greiðsla á mán.: 131.780 kr.
m.v. 36 mán. og 449.000 kr. útborgun.



**Toyota Land Cruiser 100**
4700 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 10.03 Ekinn: 87.000 km
Verð: 4.590.000 kr. Skr.nr. NL095
**Tilboð: 3.990.000 kr.**
Greiðsla á mán.: 90.556 kr.
m.v. 48 mán. og 399.000 kr. útborgun.



**Toyota Land Cruiser 100**
4700 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 03.04 Ekinn: 82.000 km
Verð: 4.990.000 kr. Skr.nr. SM105
**Tilboð: 4.290.000 kr.**
Greiðsla á mán.: 81.427 kr.
m.v. 60 mán. og 429.000 kr. útborgun.



**Toyota Land Cruiser 100**
4700 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 04.05 Ekinn: 56.000 km
Verð: 5.990.000 kr. Skr.nr. YI073
**Tilboð: 5.150.000 kr.**
Greiðsla á mán.: 85.071 kr.
m.v. 72 mán. og 515.000 kr. útborgun.

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annaðhvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Bjóðum nokkra glæsilega Land Cruiser 100 á einstöku tilboði og með sérlega hagstæðri fjármögnun.**

**Allt Úrvalsbílar í fullri ábyrgð.**

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 42908 07.2008

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL



**FÓTBOLTASVÍN** Þessi knáu fótboltasvín – sem eru að vísu úr plasti – sáust á velli í þýska bænum Meckenbeuren nærri Friedrichshafen í tilefni af EM. Slátrari á staðnum setti hinn svínslega fótboltaleik á svið í auglýsingaskyni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Deilt um áform um að reisa risavaxinn skúlptúr fyrir utan Kaupmannahöfn:

# 70 metra risi við innsiglinguna

**KAUPMANNAHÖFN** Skiptar skoðanir eru meðal Dana um risavaxinn skúlptúr sem fyrirhugað er að reisa í sjónum fyrir utan Trekroner í Kaupmannahöfn. Ráðgert er að hann vegi átján hundruð tonn og verði 72,5 metrar á hæð, sem er aðeins tveimur metrum lægra en Hallgrímskirkjuturn. Hann mun því bera nafnið Stóri-Róbert með rentu en nafnið er til komið annars vegar vegna stærðarinnar og hins vegar til minningar um listamanninn Robert Jacobsen sem gerði styttuna. Vakin er athygli á því að nafnið tengist ekki samnefndri fatakeðju fyrir stóra karlmenn.

Stóri-Róbert er talinn geta orðið nokkurs konar frelsisstytta eða táknmynd Kaupmannahafnar og hefur Berlingske Tidende eftir einum fylgismanna styttunnar að hún geti orðið táknmynd fyrir alla Danmörku og jafnvel Norðurlöndin.

Skoðanir hafa ekki einungis verið skiptar um fegurð verksins og stærð heldur hefur kostnaðurinn við styttuna líka vakið umtal. Hann er tæpir 3,3 milljarðar íslenskra króna.

Ef af framkvæmdum verður mun Stóri-Róbert að öllum líkindum vera tilbúinn árið 2010. **- ges**



**STÓRI-RÓBERT** Skúlptúrinn er enginn smásmíði og sitt sýnist hverjum um fegurðargildi hans.

Dómstóll í Póllandi:

## Hægt að rétta yfir Jaruzelski

**PÓLLAND, AP Áfrýjunardómstóll í Varsjá úrskurðaði í gær að ekkert væri lengur því til fyrirstöðu að Wojciech Jaruzelski, fyrrverandi hershöfðingi og leiðtogi kommúnistastjórnarinnar í landinu, yrði dreginn fyrir rétt fyrir að hafa sett herlög árið 1981.**

**Í skjóli herlaganna var á sínum tíma gerð tilraun til að ganga milli bols og höfuðs á andófi lýðréttindasinna sem verkalýðshreyfingin Samstaða fór fyrir. Um 100 manns dóu í átökunum.**

**Með þessari niðurstöðu var úrskurði undirréttar hnekkt. Þar var krafist að saksóknarar söfnuðu frekari sönnunargögnum. - aa**

Heimdallur ályktar:

## Fagna lagabreytingu

**STJÓRNMÁL** „Með þessari lagabreytingu hefur ríkisstjórnin útrýmt lagalegri mismunun gagnvart samkynhneigðum og því ber að fagna.“ Þetta segir í ályktun Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík.

Í ályktuninni fagna Heimdellingar breytingu á lögum um staðfesta samvist en með þeim er prestum og forstöðumönnum trúfélaga gert heimilt að staðfesta samvist samkynhneigðra.

„Það er táknrænt að lögin taki gildi í dag, 27. júní, á alþjóðlegum mannréttindabaráttudegi samkynhneigðra,“ segir enn fremur í ályktuninni. **- vsp**

Fundur matvælaráðherra:

## Hvetja til aukins rekjanleika

**MATVÆLI Neytendur verða að geta treyst því að fiskafurðir sem þeir kaupa séu unnar úr stofnum sem nýttir eru á sjálfbæran hátt. Þetta var meðal niðurstaðna sumarfundar matvælaráðherra Norðurlandanna, sem Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sótti í síðustu viku. Fundinum lauk í Växjö í Svíþjóð á föstudag.**

**Ráðherrarnir hvöttu til merkinga og rekjanleika á fiskafurðum sem veiddar eru á sjálfbæran hátt. Einnig lýstu þeir yfir áhyggjum af fyrirhuguðu banni Evrópusambandsins á viðskiptum með selskinn. Þá var töluvert rætt um áhrif loftslagsbreytinga á matvælaframleiðslu á Norðurlöndum. - kg**



**GEORGE W. BUSH** Demókrötum á Bandaríkjaþingi hefur ekki tekist að fá settan tímaramma fyrir brottför bandaríska hermanna frá Írak. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stríðsrekstur Bandaríkjanna:

## Sjötíu þúsund milljarðar

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti staðfesti í gær fjárveitingu Bandaríkjaþings til stríðsrekstursins í Írak og Afganistan upp á 162 milljarða dollara, jafnvirði tæplega þrettán þúsund milljarða íslenskra króna.

Bush lýsti ánægju sinni með að samstaða hefði náðst með repúblikönum og demókrötum í þinginu um fjárveitinguna sem dugar nokkuð fram á næsta ár, þegar nýr forseti verður tekinn við.

Bandaríska þingið hefur nú í heild samþykkt jafnvirði rúmlega fimmtíu þúsund milljarða króna fjárveitingar í stríðsreksturinn í Írak og tæplega sextán þúsund milljarða í aðgerðir í Afganistan. **- gh**

# Kennaraháskólinn í eina sæng með HÍ

**Í dag sameinast Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands undir einu nafni og merki. Á sama tíma verður ný stjórnskipan Háskólans tekin í notkun. Eftir sameininguna verða nemendur Háskóla Íslands um þrettán þúsund talsins.**

**MENNTAMÁL** Háskóla Íslands hefur verið skipt í fimm fræðasvið og myndar Kennaraháskólinn stofninn í einu þeirra, menntasviði. Önnur fræðasvið verða nú félagsvísindasvið, heilbrigðisvísindasvið, hugvísindasvið og verkfræði- og náttúruvísindasvið.

Ólafur Proppé, fráfarandi rektor Kennaraháskólans, lýkur störfum í haust þegar ráðið hefur verið í stöðu forseta menntavísindasviðs. „Ég er að fara á eftirlaun svo að nú fá ferskir vindar að blása,“ segir Ólafur. Hann bætir því við að þrátt fyrir að sameiningin eigi sér stað í dag sé ferlið ennþá í vinnslu og það eigi eftir að taka nokkur misseri fyrir alla þætti sameiningarinnar að falla á sinn stað.

Ólafur segir að samstarfið á milli skólanna hafi verið einkar ánægjulegt. „Það hefur verið langur aðdragandi, við höfum unnið markvisst að sameiningunni um nokkurt skeið og hér hefur ríkt góður hugur. Samstarfið hefur verið í senn ögrandi og skemmtilegt verkefni.“







**ÓLAFUR PROPPÉ** Fráfarandi rektor Kennaraháskólans.

**GAMLI KENNARAHÁSKÓLINN** KHÍ verður nú hluti af Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kennaraháskólinn hefur verið á háskólastigi síðan árið 1971. Hann var fyrir rúmum tíu árum sameinaður Þroskaþjálfaskólanum, Fósturskólanum og Íþróttaskólanum sem þá voru færð upp á háskólastig. Skólinn hefur síðan myndað öflugan kjarna kennaramenntunar á Íslandi. Í Háskóla Íslands verður uppeldis- og menntunarfræðideild einnig innan vébanda menntunarsviðsins en þannig verður kennaramenntunin gert kleift að eflast enn frekar, bæði á grunn- og framhaldsstigi.

Sameiningin eykur möguleika á þverfaglegri nálgun í kennslu og rannsóknum. Í vor var lögum um skólastig í landinu breytt en þau fela í sér lengingu kennaranáms og kröfu um meistaragráðu.

Ólafur segir sameininguna vera afskaplega jákvætt skref fyrir kennaramenntun hérlendis. „Ég tel að ef við höldum vel á málum þá verði þetta til þess að efla kennslu hér á landi enn frekar.“

helgath@frettabladid.is

### KENNARAHÁSKÓLINN Í HUNDRAÐ ÁR

Skólinn er jafngamall opinberri fræðsluskyldu á Íslandi. Hann var stofnaður með lögum árið 1907 en hóf kennslu haustið 1908. Lengi voru karlmenn í meirihluta í stéttinni en árið 1919 voru kennslukonur þó fjölmennasta kvennastéttin sem naut sömu kjara og karlar.

Framan af voru inntökupróf í skólann en árið 1947 voru það landspróf og gagnfræðapróf sem veittu rétt til náms. Skólinn fékk viðbótarrými í Stakkahlíð árið 1962 þar sem hann hefur haft aðstöðu síðan.

Kennaraskólanum var breytt í Kennaraháskóla Íslands með lögum árið 1971. Lengi var aðeins grunnnám í boði en á tíunda áratugunum hófst framhaldsnám og útskrifuðust fyrstu nemar með M.Ed. gráðu árið 1996.

Kennaraháskólinn hefur boðið upp á öfluga fjarkennslu í áraraðir. Fyrst hófst hún sem tækifæri fyrir starfandi kennara til að ná sér í réttindi en nú er fjarnám hliðstætt staðnáminu.

Nýjar námsbrautir bættust við þegar Kennaraháskólinn sameinaðist Fósturskólanum, Íþróttakennaraskólanum og Þroskaþjálfaskólanum í byrjun árs 1998.

Sameining KHÍ við Háskóla Íslands markar hundrað ára afmæli skólans.

Kamfýlóbaktersýkingar:

## 30 tilkynningar um sýkingar

**HEILBRIGÐISMÁL** Fyrstu fimm mánuði ársins bárust samtals þrjátíu tilkynningar frá sýklafræðideild Landspítala til sóttvarnalæknis um kampýlóbaktersýkingar í mönnum.

Flestir, eða 16 manns, voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu en sex sem greindust voru með búsetu á Reyðarfirði í maímánuði.

Sýkingarnar á Reyðarfirði voru ekki tengdar ferðalögum heldur smituðust einstaklingarnir á staðnum.

Upptök smitsins eru ókunn þrátt fyrir ítarlega rannsókn í samvinnu við heilbrigðiseftirlit Austurlands og lækna á Austurlandi.

Reglubundnar árstíðabundnar sveiflur í fjölda sýkinga af völdum kampýlóbakters eru vel þekktar með auknum fjölda tilfella á sumrin. **- shá**

Viðræður í Kína:

## Rætt við fulltrúa Dalai Lama

**KÍNA, AP Í dag hefjast tveggja daga viðræður kínverskra yfirvalda við sendimenn Dalai Lama, andlegs leiðtoga Tíbeta, um stöðu Tíbets í Kína.**



**DALAI LAMA.** FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Viðræðurnar eru framhald viðræðna sem fram fóru í maí í kjölfar uppreisnar Tíbeta í Lhasa, höfuðstað Tíbets, og víðar í Kína í mars. Tugir létu þá lífið í blóðugum uppþotum.**

**Kínverjar hafa stjórnað Tíbet með harðri hendi frá því þeir réðust þangað inn á sjötta áratug síðustu aldar.**

**Sumir sérfræðingar telja að Kínverjar hafi aðeins samþykkt viðræður til málamynda, til að losna við gagnrýni fyrir Ólympíuleikana í Peking. - gh**

Foreldrasamtök mótmæla birtingu áfengisauglýsinga hjá RÚV:

# Vilja að RÚV hætti birtingum

**FJÖLMIÐLAR** Foreldrasamtök gegn áfengisauglýsingum hafa sent menntamálaráðherra, Lögreglustjóranum í Reykjavík og stjórn RÚV ohf. bréf þar sem kerfisbundnum áfengisauglýsingum, til dæmis í Popplandi, er mótmælt og skorað á stjórn RÚV að stöðva allar þessar beinu og óbeinu áfengisauglýsingar.

Foreldrasamtökin lýsa vonbrigðum sínum með það að RÚV birti kerfisbundið áfengisauglýsingar og virði þannig réttindi barna og unglinga í landinu að vettugi og brjóti á lögvörðum rétti þeirra til þess að vera laus við áfengisáróður.

„Samtökin skora hér með á stjórn RÚV ohf. að stöðva allar þessar beinu og óbeinu áfengisauglýsingar sem allar eiga það sammerkt að vera ólöglegar og langt fyrir neðan virðingu fyrirtækisins. Telji fyrirtækið minnsta vafa hvað varðar „lögmæti“ þessara áfengisauglýsinga þá ber því hlutverki sínu samkvæmt að láta börn og unglinga í landinu njóta þess vafa,“ segir í bréfinu.



**ALLIR FARI EFTIR REGLUNUM** „Það verða bara allir að fara eftir sömu reglum,“ segir Ómar Benediktsson, stjórnarformaður RÚV ohf.

Ómar Benediktsson, stjórnarformaður RÚV, hafði ekki fengið bréfið eða séð það í gær en hafði heyrt af því og spurst fyrir um það. Hann sagði að auglýsingabirtingar RÚV væru í samræmi við lög og reglur. RÚV virti lög og reglur og auglýsingarnar væru í samræmi við það. Ef sleppa ætti að birta einhvern hluta þeirra væri verið að „opna hít. Það verða bara allir að fara eftir sömu reglum,“ sagði hann.

Ómar vildi ekki segja hvort bréfið yrði tekið fyrir í stjórn Foreldrasamtakanna. **- ghs**

66°Norður notar nýtt efni:

# Fötin framleidd úr kókoshnetu

**FATNAÐUR** 66°Norður hefur hafið sölu á fatnaði sem unninn er úr efni sem kallast Cocona, en efnið er unnið úr kókóshnetuskel. Cocona er sagt mjög umhverfisvænt og var valið besta uppfinning ársins 2005 hjá Time Magazine.

Í fréttatilkynningu frá 66°Norður kemur fram að efnið skari fram úr á þremur sviðum; það dragi úr raka í húðinni, veiti vörn gegn útfjólubláum geislum og lágmarki líkamslykt.

Fyrirtækið er fyrsta íslenska fyrirtækið sem notar Cocona-efnið í fatnað.

-vsp

Sovét- og nasistatákn bönnuð í Litháen:

# Refsivert að sýna hamar og sigð

**LITHÁEN, AP** Þing Litháens hefur samþykkt lög sem gera það refsivert bæði að sýna sovésk tákn á borð við hamar og sigð, og nasistatákn á borð við hakakrossinn.

Valdas Adamkus forseti staðfesti lögin á föstudag. Samkvæmt þeim er bannað að láta tákn á borð við fána Sovétríkjanna, sovésku kommúnistastjörnuna og sovéska einkennisbúninga sjást á almannafæri. Þjóðsöngur Sovétríkjanna má heldur ekki heyrast.

„Við megum aldrei gleyma að þessar ógnarstjórnir fæddu af sér stríðsglæpamenn sem bera ábyrgð á dauða milljóna manna í Evrópu," sagði Emanuelis Zingeris, einn þingmannanna sem áttu frumkvæði að lagasmíðinni.

Samþykkir voru 58 þingmenn, tveir á móti en 80 sátu hjá eða voru fjarverandi atkvæðagreiðsluna.

Andstæðingar löggjafarinnar segja að hún geri hin umræddu tákn meira spennandi fyrir þá sem á annað borð sýna þeim áhuga. Ráðamenn í Moskvu eru líka allt annað en sáttir og segja lögin „móðgun".

Tölvuþrjótar gerðu árásir á margar heimasíður í Litháen um helgina og settu sovésk tákn inn á þær, auk blótsyrða.

- aa



**BANNVARA** Öll þessi gömlu tákn Sovétríkjanna, sem hér sjást á hersýningu í Moskvu, er nú refsivert að sýna í Litháen. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lundarhverfi í Kópavogi:

# Lögbann þingfest í haust

**KÓPAVOGUR** Réttarstefna hefur verið gefin út í lögbannskröfu íbúðaeigenda í Lundarhverfi í Kópavogi.

Íbúarnir hafa undanfarnar vikur staðið í deilum við Kópavogsbæ um meint ósamræmi á milli deiliskipulags hverfisins annars vegar og Nýbýlavegar hinsvegar en gatan fellur undir valdsvið Vegagerðarinnar.

Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri, segir það skýrt að ef það sé misræmi á milli deiliskipulaga, „þá sé það á ábyrgð Kópavogsbæjar".

Málið verður þingfest 3. september.

- hþj



**JUAN JOSE IBARRETXE** Fer fyrir héraðsstjórn Baskalands. NORDICPHOTOS/AFP

Héraðsþing Baskalands:

# Baskar kjósi um sjálfsstjórn

**SPÁNN Héraðsþing Baska hefur samþykkt að halda atkvæðagreiðslu meðal Baska um aukna sjálfsstjórn héraðsins. Fréttavefur BBC greinir frá þessu.**

**Mikið hefur verið fjallað um mögulegt sjálfstæði Baskalands í tengslum við hryðjuverk Frelsissamtaka Baska, ETA, undanfarna áratugi. Skoðanakannanir benda til þess að um fjörutíu prósent Baska vilji aukna sjálfsstjórn frá Spáni.**

**Ríkisstjórn Spánar er andvíg hugmyndunum og hefur sagst ætla að leggja samþykktina undir stjórnlagadómstól ríkisins.**

- gh

Þriðjudagsganga í Viðey:

# Leikkona segir skemmtisögur

**HREYFING** Íslenski fjallaklúbburinn mun stjórna þriðjudagsgöngu í Viðey þriðjudaginn 1. júlí næstkomandi.



**GUÐLAUG ELÍSABET ÓLAFSDÓTTIR**

Hjólað verður um eyna og mun Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir segja skemmtisögur um allt sem gerst hefur í Viðey, að hennar eigin sögn.

„Ég hvet alla til að mæta. Við siglum frá Skarfabakka korter yfir sjö og þetta tekur um tvær klukkustundir," segir Guðlaug

Hún segir margt að sjá eins og listaverk Richard Serra og friðarsúlu Yoko Ono.

„Leiðsögnin sjálf er síðan eins og kalda vatnið, ókeypis og öllum heimil," segir Guðlaug Elísabet að lokum.

- vsp

**ÁSTRALÍA**

## Axarmorðingi gengur laus

Lögregla í Ástralíu leitar nú manns á áttræðisaldri sem grunaður er um að hafa myrt tvö barnabörn sín og eiginkonu með öxi auk þess að hafa sært dóttur sína alvarlega.




## „ORÐRÉTT“

### Loksins, loksins

**„Það var kominn tími til, við höfum beðið svo lengi.“**

SPÁNVERJINN JUAN VALENCIA PALMERO, SEM BÚIÐ HEFUR HÉR Á LANDI Í 25 ÁR, FAGNAÐI SIGRI SPÁNAR Á EM Í FÓTBOLTA INNILEGA.

**Morgunblaðið, 30. júní**

### Skýrt og skorinort

**„Þetta eru fyrst og fremst gífurleg vonbrigði.“**

GUÐLAUG EINARSDÓTTIR, FORMAÐUR LJÓSMÆÐRAFÉLAGSINS, UM FUND MEÐ SAMNINGANEFND RÍKISINS.

**Fréttablaðið, 30. júní**

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HELGI JÓNSSON RITHÖFUNDUR OG ÚTGEFANDI

## *Of upptekinn fyrir áhugamál*

„Ég var að klára að þýða bókina Rosemary's Baby eftir Ira Levine sem Stephen King segir vera mesta spennutrylli allra tíma,“ segir Helgi Jónsson rithöfundur og útgefandi. „Þetta er svo þekktur titill að það er ekki hægt að þýða hann, þannig að hún mun áfram heita Rosemary's Baby í íslensku þýðingunni.“

Helgi hefur nóg að gera því hann starfar á sjónvarpsstöðinni N4 á Akureyri auk rit- og útgáfustarfa. „Ég er svo upptekinn að ég hef ekki tíma fyrir áhugamál.“

„Svo sit ég núna og er að skrifa tvær Gæsahúðarbækur.“ En Helgi er líklega þekktastur fyrir bækurnar úr þeirri seríu sem samtals hafa selst í tæplega fimmtíu þúsund eintökum frá upphafi. Í fyrra hóf göngu sína ný sería sem heitir Gæsahúð fyrir eldri. „Þær eru dálítið svakalegar þessar. Sú fyrsta hét Villa vampíra og svo er Eva engill væntanleg.“



Auk þessarar hryllingsbókaseríu hefur Helgi getið sér gott orð fyrir unglingabækur á borð við Allt í sleik, Hjálp í faðmlögum og Sogblettinn að ógleymdri sögulegu unglingaskáldsögunni Rauðu augun sem fjallar um unglinga sem mæta afturgengnum fórnarlömbum Tyrkjaránsins.

Nú hyggst Helgi sækja á ný mið því hann er með fullorðinsbók í smíðum. „Ég er mjög spenntur fyrir þessari bók. Hún er búin að vera lengi að gerjast í hausnum á mér en hún verður ekki tilbúin fyrr en á næsta ári. Ég treysti mér ekki til að tjá mig mikið um þessa bók en ég get allavega sagt að hún á eftir að vekja athygli. Svo mikið er víst.“

## ELÍSABET:

### Á TVO AFMÆLISDAGA



■ Breskum krökkum gæti þótt Elísabet Englandsdrottning heppnasta kona í heimi. Ástæðan er að hún á tvo afmælisdaga. Fyrra afmælið heldur hún vanalega 21. apríl en hún fæddist á þeim degi árið 1926. Hins vegar halda Bretar ekki afmæli hennar fyrr en nokkrum mánuðum seinna. Ástæðan er sú að opinberi afmælisdagur krúnuhafa er fyrsti, annar eða þriðji sunnudagurinn í júní ár hvert. Sá siður hefur verið frá því árið 1748 en Játvarður sjöundi færði afmælisdaginn fram í júní seint á 19. öld í þeirri von að gott veður væri alltaf á deginum.

## SJÓNARHÓLL

**VAXANDI ANDSTAÐA VIÐ STÓRIÐJU**

### *Alltaf að læra eitthvað nýtt*



**ÓLÖF MARÍA ÓLAFSDÓTTIR** Vöruhönnuður

„Mér finnst frábært að vita til þess að fólk sé að vakna til vitundar um umhverfismál,“ segir Ólöf María Ólafsdóttir vöruhönnuður.

Marý segist vera sífellt að læra meira um umhverfismál. „Ég er alltaf að uppgötva eitthvað nýtt í þessum efnum.“ Hún segir myndböndin sem voru sýnd á tónleikum Bjarkar og Sigurrósar í Laugardalnum hafa vakið sig til frekari umhugsunar. „Ég vona að það hafi verið fleiri að fylgjast með fræðslunni sem fór fram á tónleikunum. Ég gerði mér ekki grein fyrir því hve mikið af náttúruperlum væri verið að eyðileggja í nafni erlendra stórfyrirtækja.“

Marý er sannfærð um að til séu betri leiðir til þess að tryggja stöðugleika í íslenskum efnahag. „Það er eins og við nennum ekki að leita að öðrum hugmyndum en stóriðju. Við megum ekki gleyma því að hingað kemur fjöldi manns á hverju ári til þess eins að sjá landið okkar sem þykir ennþá bæði hreint og fallegt.“

# Íbúðarhús Samúels í Selárdal verður rifið í sumar og endurreist

**Íbúðarhús Samúels Jónssonar í Selárdal í Arnarfirði verður rifið í sumar og endurreist í upprunalegri mynd en útbúin verður aðstaða fyrir listaog fræðimenn. Lokahönd verður lögð á listaverkin í Brautarholti í sumar en endurbætur á þeim hafa staðið yfir undanfarin fjögur sumur.**



**ÍBÚÐARHÚS SAMÚELS** Samúel flutti í Brautarholt árið 1947 og hóf að byggja við það upp úr 1950.

Þýski myndhöggvarinn Gerhard König ásamt vinnuflokki snýr aftur í Selárdal í júlí, fjórða sumarið í röð, til að ljúka viðgerðum á listasafnshúsinu í Brautarholti og styttum Samúels. „En aðalatriðið er að í sumar verður íbúðarhús Samúels rifið,“ segir Ólafur Engilbertsson, forsvarsmaður félags um endurreisn Brautarholts.

Með König í för verða sjálfboðaliðar frá Seeds-samtökunum sem ætla að rífa íbúðarhúsið. Sigurður Pálmi Ásbergsson arkitekt hefur teiknað endurgerð hússins, sem gert er ráð fyrir að þjóni sem íbúð og vinnuaðstaða fyrir lista- og fræðimenn. „Hugmyndin er að listamenn geti unnið verk og sett upp sýningar í listasafnshúsinu og fræðimenn eða aðrir geti nýtt aðstöðuna á efri hæðinni. Svo er gert ráð fyrir setustofu þar sem hægt er að koma fyrir lítilli minjagripasölu.“

Samúel flutti í Brautarholt árið 1947 og byggði utan á húsið en upp úr 1950 fór hann að bæta við það. Yngstu hlutar hússins eru því um hálfrar aldar gamlir, en þeir elstu enn eldri.



**ÓLAFUR ENGILBERTSSON**

Að sögn Ólafs var athugað hvort hægt væri að ráðast í endurbætur á húsinu án þess að rífa það en í ljós kom að það var of skemmt. „Markmiðið er þó að reyna að halda í upprunalegan steinvegg og skorstein hússins,“ segir Ólafur.

Eik ehf. á Tálknafirði hefur gert tilboð í smíði hússins og ráðgerir að byggja það í einingum á Tálknafirði og flytja á staðinn.

Miðað er við að listamenn og annað áhugafólk geti nýtt sér aðstöðuna frá og með sumrinu 2010.

Tækniþjónusta Vestfjarða metur kostnað við að gera húsið fokhelt á rúmar tíu milljónir króna. Framkvæmdir hafa að mestu leyti verið fjármagnaðar fyrir styrki frá ríkinu – félagið hefur fengið úthlutun á fjárlögum árlega síðan 2004 – auk þess sem Baugur og Minningarsjóður Margrétar Björgólfsdóttur hafa veitt styrki. Enn á þó eftir að ganga frá fjármögnun á endurreisn íbúðarhússins og leitar félagið eftir stuðningi við að ljúka henni. Hægt er að leggja endurreisnarstarfi í Selárdal lið með því að leggja inn á reikning félagsins: 512-26-4403, kt. 440398-2949.

**bergsteinn@frettabladid.is**



**SAMÚEL JÓNSSON Í SELÁRDAL**

### LISTAMAÐURINN MEÐ BARNSHJARTAÐ

Samúel Jónsson (1884-1964), bóndi í Brautarholti í Selárdal, er einn þekktasti alþýðulistamaður síðari tíma á Íslandi, oft nefndur listamaðurinn með barnshjartað. Samúel flutti að Brautarholti árið 1947 og reisti þar mörg verk sem síðar urðu víðfræg, til dæmis líkan af Ljónagarðinum í Alhambra á Spáni. Við fráfall Samúels féll Brautarholt í eyði. Ekki var hlúð að verkum hans og undir lok síðustu aldar lágu þau undir skemmdum.

Árið 1998 var stofnað félag um endurreisn listasafns Samúels Jónssonar í Selárdal. Þýski myndhöggvarinn Gerhard König var fenginn til að gera áætlun um viðgerðir á styttum Samúels. Hlé varð á viðgerðum næstu árin en þær hófust að nýju vorið 2004 og hafa staðið yfir á hverju sumri síðan og stendur til að leggja lokahönd á listaverkin í ágúst.

MARKAÐURINN
Einfalt mál
með Fréttablaðinu alla miðvikudaga



Auglýsingasími
512 50 50



– Mest lesið

# Gæða útimálning!

## Það er engin tilviljun að sífellt fleiri nota málninguna frá Múrbúðinni

*Sérframleidd málning fyrir íslenskar aðstæður*


*DEKAPRO útimálning, SCALA þakmálning*


*DEKAPRO útimálning, SCALA þakmálning*


*DEKAPRO útimálning, SCALA þakmálning*



**SCALA þakmálning**


*ODEN viðarvörn, SCALA þakmálning*




**ODEN þekjandi viðarvörn**

Besta þekjandi viðarvörn í Skandinavíu samkvæmt prófun Folksham í Svíþjóð.

Sjá www.murbudin.is


*DEKAPRO útimálning, SCALA þakmálning, ODEN viðarvörn*


*ODEN viðarvörn, SCALA þakmálning*


*DEKAPRO útimálning, SCALA þakmálning*


*DEKAPRO útimálning, SCALA þakmálning*



**DEKAPRO útimálning**


*DEKAPRO útimálning, SCALA þakmálning, ODEN viðarvörn*


*DEKAPRO útimálning, SCALA þakmálning*


*DEKAPRO útimálning, SCALA þakmálning*




LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM




**MÚRBÚÐIN**

*– Afslátt eða gott verð?*

***Reykjavík, Klettháls 7: Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16***
***Suðurnes, Fuglavík 18: Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-14***
***Akureyri, Furuvellir 15 : Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-14***

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.377 **-0,91%**

**Fjöldi viðskipta:** 385
**Velta:** 7.101 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| FÆREYJABANKI | +3,85% | EIK BANKI | -6,93% |
| ICELANDAIR | +2,48% | GLITNIR | -1,60% |
| 365 | +1,77% | TEYMI | -1,47% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 6,40 -0,62% ... Bakkavör 29,40 +0,51% ... Eimskipafélagið 14,30 0,00% ... Exista 7,52 -1,05% ... Glitnir 15,40 -1,60% ... Icelandair Group 16,55 +2,48% ... Kaupþing 763,00 -0,91% ... Landsbankinn 23,05 -1,29% ... Marel 90,50 -0,77% ... SPRON 3,33 0,00% ... Straumur-Burðarás 9,95 -0,10% ... Teymi 2,01 -1,47 ... Össur 93,40 +0,32%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Metverðbólga á evrusvæðinu

Verðbólga mældist slétt fjögur prósent á evrusvæðinu í nýliðnum mánuði, samkvæmt útreikningum Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins, sem birtir voru í gær.

Verðbólga hefur ekki verið hærri síðan hagstofan tók upp verðbólguútreikninga fyrir svæðið fyrir tólf árum.

Líkt og í fleiri löndum hafa snarpar hækkanir á olíu- og matvælaverði keyrt verðbólguna upp á evrusvæðinu. Vandræðin jukust enn í gær þegar verð á hráolíu fór í rúma 143 dali á tunnu en það hefur aldrei verið hærra. Til samanburðar er verðið nú fjórfalt hærra en fyrir sjö árum.

Evrópski seðlabankinn hefur haldið stýrivöxtum óbreyttum í 4,0 prósentum í rétt rúmt ár til að sporna við verðbólguþrýstingi.

Fréttastofan Associated Press sagði í gær evrópska bankann milli steins og sleggju



**SVONA MIKIL VERÐBÓLGA?** Líklegt þykir að evrópski seðlabankinn hækki stýrivexti í vikunni til að sporna við því að verðbólga aukist meir en orðið er. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

þessa dagana enda hefur dregið úr atvinnuleysi á sama tíma og verðbólga hefur skotist upp. Ekki er útilokað að seðlabankinn bregðist við með hækkun upp á 25 punkta á morgun til að draga úr frekari áhrifum verðhækkana. **- jab**

## Vísitalan heldur áfram að lækka

Úrvalsvísitalan í Kauphöll Íslands heldur áfram að lækka og stóð í 4.377 stigum í lok dags í gær.

Vísitalan lækkaði um 0,91 prósent í gær og hefur lækkað um tæplega 30 prósent frá áramótum. Lækkunin er rúmlega 50 prósent frá hæsta gildi fyrir rétt innan við ári.

Vísitalan hefur ekki verið lægri í tæp þrjú ár eða frá því í lok júlí árið 2005. Lækkunin nú er meiri en í síðustu niðursveiflu rétt eftir aldamót.

Vísitalan lækkaði þá tvö ár í röð um tæplega 30 prósent samanborið við 55 prósenta lækkun nú á innan við ári. **- bþa**

## Landsbankinn Kepler verðlaunaður

Landsbanki Kepler hlaut 47 verðlaun í skoðanakönnun Thomson Extel 2008. Niðurstöður könnunarinnar lýsa sérfræðiáliti rúmlega 7.500 fagfjárfesta frá 63 löndum og er könnunin talin eitt víðtækasta mat á verðbréfamiðlun í Evrópu.

Meðal verðlauna sem bankinn hlaut var fyrsta sæti fyrir greiningu á Sviss, fjórða sæti fyrir Spán og fimmta fyrir Þýskaland.

„Það er frábær árangur að hafa hlotið þessa viðurkenningu fyrir framúrskarandi greiningar starfsfólks okkar og góða þjónustu um alla Evrópu. Þessi verðlaun undirstrika sérfræðiþekkingu okkar og mikinn vöxt í hlutabréfagreiningum á meginlandi Evrópu, þar á meðal á litlum og meðalstórum fyrirtækjum,“ segja Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson, bankastjórar Landsbankans.



**LANDSBANKINN VERÐLAUNAÐUR** Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson, bankastjórar Landsbankans.

„Við erum sérlega stolt af því hve hátt við skorum í greiningu á löndum sem staðfestir, enn og aftur, hugmynd Landsbanka Kepler um staðbundna þekkingu sem nær yfir alla Evrópu. Meira en 100 greinendur starfa nú hjá Landsbankanum og fylgjast með rúmlega 800 fyrirtækjum en það er 87 prósent af markaðsvirði evrópska markaðarins,“ segja Sigurjón og Halldór. **- bþa**






# Sjötíu milljarðar króna fyrir útblásturskvótann

**Íslensk flugfélög verða að kaupa losunarkvóta vegna útblásturs gróðurhúsalofttegunda, frá og með árinu 2012. Ætla má að losunarkvóti geti kostað venjulegan flugfarþega hátt í átta þúsund krónur fyrir ferð til Danmerkur og aftur heim. Heildarkostnaður við kvótakaup gæti numið 70 milljörðum króna eftir fá ár.**



**ENGAR UNDANÞÁGUR** Hver farþegi kynni að þurfa að greiða vel yfir sjö þúsund krónur fyrir útblásturskvóta fyrir ferð til Kaupmannahafnar og heim aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Það hefur verið unnið að því á vegum stjórnvalda allt undanfarið ár að vekja athygli á sérstöðu Íslands. En um leið liggur ljóst fyrir að við höfum ekki sömu leiðir til að hafa áhrif á lagasetningu í Evrópusambandinu og ef við hefðum sæti við borðið,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra.

Evrópuþingið og ráðherraráð Evrópusambandsins hafa samið um að öll flugfélög á Evrópska efnahagssvæðinu verði, frá og með árinu 2012, að afla sér heimilda fyrir útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Þetta þýðir að íslensk flugfélög kynnu að þurfa að kaupa kvóta.

Reiknað er með því að Evrópuþingið staðfesti samkomulagið eftir rétta viku. Lendi flugvél eða taki á loft innan Evrópska efnahagssvæðisins, þarf losunarkvóti að vera fyrir hendi. Þetta á því einnig við fyrir flug héðan vestur um haf, eða þaðan og hingað til lands.

„Það kemur á óvart að við höfum ekki fengið undanþágu, þar sem Íslendingar komast tæplega til og frá landinu öðruvísi en með flugi. Við gerum ráð fyrir að taka þátt í kvótakaupum í framtíðinni, en nú er enn of snemmt að fullyrða nokkuð um áhrif þess á fargjöld,“ segir Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair.

Gert er ráð fyrir því að árið 2012 verði stærstum hluta losunarkvóta í flugi úthlutað, miðað við meðaltalsnotkun áranna 2004 til 2006. Eftir árið 2018, jafnvel fyrr, þurfi að kaupa kvótann. Ríflega þrjú tonn af koldíoxíði verða til við bruna á hverju tonni af þotueldsneyti.

Sextán félög hafa flugrekstrarleyfi hér á landi. Icelandair er umsvifamest. Fleiri félög eru í eigu Íslendinga, til að mynda flugfélagið Sterling. Auk þess eiga nokkrir auðmenn einkaþotur.

Fram kom í áfangaskýrslu stýrihóps um losun gróðurhúsalofttegunda í flugi, sem út kom í byrjun mánaðarins, að losunarkvótinn geti kostað á bilinu tíu til 25 evrur, á hvern farþega, héðan til Kaupmannahafnar og til baka aftur. Gunnlaugur Stefánsson, formaður Flugráðs, bendir á að þessi kostnaður gæti aukist og numið allt að 60 evrum á þessari leið eftir fjögur ár.

Það myndi þýða að hver farþegi greiddi yfir 7.500 krónur fyrir losunarkvótann í ferðinni.

Sveinn Agnarsson, hagfræðingur hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, gerði meðal annars ráð fyrir því, í mati á þjóðhagslegum áhrifum kvótakaupa, að til ársins 2020 gætu Íslendingar þurft að greiða yfir 70 milljarða króna fyrir útblásturskvóta í fluginu einu.

**ingimar@markadurinn.is**

## Kólnun er ekki bönkum að kenna

„Meginorsökin að þeim hækkunum sem urðu á fasteignamarkaði árið 2004 var hækkun Íbúðalánasjóðs á lánshlutfalli sínu. Hið sama má segja um hækkanirnar árið 2007 þegar Íbúðalánasjóður hækkaði aftur lánshlutfallið,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Aðspurður hvort staðan hérlendis sé ekki í takt við það sem nú er að gerast í löndum í kringum okkur þar sem fasteignaverð hefur verið að lækka segir Vilhjálmur að það sé ef til vill rétt. „Hins vegar var ekki þörf á því á sínum tíma að Íbúðalánasjóður færi svona fram eins og hann gerði, Uppsveiflan á fasteignamarkaði hefði aldrei orðið eins mikil og jafn langvinn án breytinga sjóðsins,“ segir Vilhjálmur.

Samtök atvinnulífsins segja í nýrri greinargerð sem kynnt var í gær að sú kólnun sem hafin sé á fasteignamarkaði hafi verið fyrirséð og hafna því að staðan í dag verði rekin til bankanna.

Í greinargerðinni segir að bæði samtökin og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hafi varað við kólnuninni en með stefnumörkun stjórnvalda sumarið 2003 og upptöku 90 prósenta lána Íbúðalánasjóðs sumarið 2004 hafi atburðarás verið hrundið af stað sem leiddi til þess vanda sem nú sé við að glíma.

Íbúðaverð hafi tekið að hækka í kjölfar þingkosninga 2003 þegar loforð um 90 prósenta íbúðalán hafi verið færð í stjórnarsáttmála.

Þá segja samtökin nýkynntar aðgerðir ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum skynsamlegt skammtímaúrræði. Í þeim felist þó hvorki lausn á aðgengi íslenskra fjármálafyrirtækja að erlendu lánsfé né ásættanleg langtímalausn á húsnæðislánamarkaði. Samtökin segja það forgangsmál að stjórnvöld hefji hið fyrsta nauðsynlegar breytingar á aðkomu sinni að húsnæðislánamarkaði og skilji að félagslega lánastarfsemi, þar sem þau hafa hlutverk. Almennar lánveitingar séu hins vegar betur komnar í höndum fjármálafyrirtækja. **- as**

## Vöruskiptin eru næstum á núllinu

**„Verðmæti álútflutningsins hefur tvöfaldast frá því í fyrra, á verðlagi þessa árs,“ segir Jón Bjarki Bentsson, hagfræðingur hjá Greiningu Glitnis.**

**Samkvæmt tölum Hagstofunnar var næstum því jafnvægi í vöruskiptum við útlönd í síðasta mánuði. Vörur voru fluttar inn fyrir 39,8 milljarða, en útflutningurinn nam 39,3 milljörðum króna. Vöruskiptahallinn nemur því ríflega hálfum milljarði króna í mánuðinum. Vöruskiptin voru óhagstæð um 12,6 milljarða í maí í fyrra.**

**Í útflutningi munar mest um álframleiðslu og aukinn útflutning á áli, en verðmæti útfluttra sjávarafurða minnkaði. Jón Bjarki bendir á að framleiðslan hafi um það bil tvöfaldast frá því í maí í fyrra.**

**Á fyrstu fimm mánuðum ársins dró úr innflutningi um 1,7 prósent, miðað við sama tímabil í fyrra, en útflutningur jókst um 1,5 prósent, á föstu gengi.**

**Flutt var inn fyrir 182 milljarða á tímabilinu janúar til maí í ár, en út fyrir tæplega 151 milljarð.**

**Vöruskiptajöfnuðurinn er hluti af viðskiptajöfnuði, en þar er einnig tekið tillit til þjónustujöfnuðar. - ikh**



# Nemendur
# til hamingju

Í dag tekur Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, við rekstri Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík. Af því tilefni óskum við nemendum til hamingju með nýjan skóla og hlökkum til samstarfsins.

Kveðja,
starfsfólk og stjórn Tækniskólans

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, er nýr framsækinn framhaldsskóli sem byggir á traustum grunni Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík. Tækniskólinn býður upp á öflugt tækni- og iðnnám þar sem stúdentsprófs er einnig í boði. Innan skólans eru ellefu skólar, hver með sitt sérsvið, sem mynda saman einn öflugasta framhaldsskóla landsins.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

SI Samtök iðnaðarins
SAMBAND ÍSLENSKRA KAUPSKIPAÚTGERÐA ICELANDIC SHIPOWNERS' ASSOCIATION
SAMORKA

www.tskoli.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Mugabe situr sem fastast.

## Boltinn hjá Mbeki

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Robert Mugabe valsaði inn á leiðtogafund Afríkuríkja í orlofsdvalarstaðnum Sharm el-Sheikh í Egyptalandi í gær eins og ekkert væri sjálfsagðara og var þar tekið með kostum og kynjum af öðrum þjóðar- og ríkisstjórnarleiðtogum álfunnar. Daginn áður sór hann embættiseið sem forseti Simbabve í sjötta sinn, á grundvelli opinberra úrslita vafasömustu kosninga í Afríku um langt árabil.

Að Mugabe komist upp með hvað sem er til að halda völdum í því sem eitt sinn var efnahagslega þróaðasta ríki Afríku sunnan Sahara en er nú bókstaflega á vonarvöl vegna gerræðis forsetans og skjólstæðinga hans er harmleikur. Að umheimurinn horfi upp á þennan harmleik án þess að fá rönd við reist er hneyksli.

Höfuðábyrgðina á því að alþjóðlegur þrýstingur á Mugabe og gerræðisstjórn hans hefur engum árangri skilað fram til þessa er að þeir aðilar sem eru í aðstöðu til að beita mestum þrýstingi hafa kosið að gera það ekki. Þar munar mestu um stjórn Suður-Afríku, stórveldisins í þessum heimshluta, og þá einkum og sér í lagi Thabo Mbeki forseta. Hann fer að nafninu til með forystu sáttaumleitana í nafni SADC, samtaka fjórtán ríkja í sunnanverðri Afríku, en hefur í því hlutverki beinlínis haldið hlífiskildi yfir Mugabe.

Það sem rekur Mbeki til að gera þetta er væntanlega gamalgróin virðing hans fyrir þeim Robert Mugabe sem fór fyrir sjálfstæðisstríði Simbabvebúa gegn minnihlutastjórn hvítra Ródesíumanna á sínum tíma. Síðan eru liðnir nærri þrír áratugir og sá Mugabe sem nú vílar ekki fyrir sér að beita eigin þegna ofbeldi, morðum og kúgunum til að halda völdum er ekki sami maður og frelsishetjan sem hann eitt sinn var. Fjórði hver Simbabvebúi hefur flúið land (flestir til Suður-Afríku) vegna eymdarinnar og volæðisins sem gerræðisstjórnarhættir Mugabes hafa kallað yfir þjóðina.

Vegna sjúklegrar tortryggni valdhafanna í garð allra erlendra aðila hafa þeir bannað erlendum hjálparstofnunum að starfa í landinu. Sem eykur enn á eymdina enda er stór hluti landsmanna nú algerlega háður erlendum matargjöfum. Nú nota valdhafarnir mat sem kúgunartæki; aðeins þeir fá mat sem haga sér „rétt“, en á föstudaginn þýddi það að mæta á kjörstað og krossa við nafn Mugabes í þeim skrípaleik sem kallaður var úrslitaumferð forsetakosninga.

Ríkisstjórnir Norðurlandanna og margra annarra vestrænna ríkja hafa lýst sig reiðubúnar að koma inn af krafti til að hjálpa nauðstöddum í Simbabve og við uppbyggingu lýðræðislegs réttarríkis þar um leið og ólögmæt stjórn Mugabes víkur frá völdum. Betur má hins vegar ef duga skal. Efalítið á sá álitshnekkir sem Bandaríkin, Bretland og Vesturlönd almennt hafa orðið fyrir vegna klúðursins í Írak þátt í þeim skorti á slagkrafti sem þrýstingur vestrænna landa virðist hafa í málefnum Simbabve. Íraksstríðið hefur gefið ráðamönnum þróunarríkja, þar á meðal grannríkja Simbabve, tilefni til að saka Vesturlönd um tvöfalt siðgæði. En það gerir ábyrgð grannríkjanna, fyrst og fremst Suður-Afríku, þeim mun meiri á því að stöðva frekara hrun Simbabve og styðja við lýðræðis-, mannréttinda- og efnahagsumbætur í landinu, í þágu hagsmuna Simbabvebúa og heimshlutans alls.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fokið í flest skjól



Sjónvarpsmaðurinn Egill Helgason, sem hvílir lúin bein á grísku eyjunni Mykonos, vaknaði upp við vondan draum á dögunum, þegar fólk á Porsche-jeppum tók að streyma til eyjarinnar til að vera viðstatt brúðkaup ungmenna úr grískum auðmannafjölskyldum. Ekki er vitað til að fólkið hafi nein tengsl við eyjuna – „því finnst það bara smartur staður,“ skrifar Egill. Hvort tengsl Íslendinga við Mykonos séu af traustari meiði en sterkefnaðra Grikkja skal ósagt látið, en Agli finnst þetta að minnsta kosti „skuggalegt“ og spyr sig hvort hann þurfi að finna sér aðra eyju. Það er sannarlega fokið í flest skjól þegar íslenskar sjónvarpsstjörnur fá ekki að hafa grískar eyjar í friði.

### Hvað um Benedikt?

Miklar vangaveltur hafa sprottið upp um hvaða fyrrverandi forsætisráðherra sagði Jóni Ásgeiri Jóhannessyni að Baugsmálið væri runnið af pólitískum rótum, eins og hann staðhæfði í viðtali við Morgunblaðið um helgina. Með almennri útilokunaraðferð er fullyrt að aðeins fjórir komi til greina: Davíð Oddsson, Halldór Ásgrímsson, Steingrímur Hermannsson og Þorsteinn Pálsson. Eru allir búnir að gleyma Benedikt Gröndal?

### Félagsmálafrömuðurinn



Í Tækniskólanum – hinum nýsameinaða skóla Fjöltækniskólans og Iðnskólans í Reykjavík – er lögð rækt við öflugt félagslíf og til að koma í veg fyrir hálfkák í þessum efnum hefur verið ráðinn sérstakur „félagsmálafrömuður“. Veðja forsvarsmenn skólans á að enginn sé líklegri til að höfða til smiða, múrara og vélstjóra framtíðarinnar en Jón Jósep Snæbjörnsson, gjarnan kallaður Jónsi í Svörtum fötum. Jónsi er þaulreyndur í skemmtana- og þjónustugeiranum, sem poppstjarna, flugþjónn og viðburðastjóri hjá fjármálafyrirtækjum, og ætti því ekki að verða skotaskuld úr því að skipuleggja bjórkvöld á Hressingarskálanum í vetur.

bergsteinn@frettabladid.is

# Upplýsingin



SVERRIR JAKOBSSON

**Í DAG** | Vísindaleg hugsun

Á 18. öld börðust menntamenn víðs vegar í Evrópu fyrir málstað sem iðulega er nefndur Upplýsingin. Kjarni Upplýsingarinnar var umburðarlyndi í trúmálum, menntun og gagnrýnin hugsun. Frá þessum tíma hafa andlegir straumar á Vesturlöndum mótast af Upplýsingunni með misjöfnum afleiðingum en þó er ímynd hennar ennþá að flestu leyti jákvæð. Efahyggja Upplýsingarinnar er talin hafa rutt brautina fyrir frjáls og lýðræðisleg samfélög 21. aldar.

Eins og flest önnur fyrirbæri má nota Upplýsinguna sem tól til aðgreiningar og til stuðnings þjóðhverfum málstað. Í stað þess að líta á upplýsingu sem einstaklingsbundið fyrirbæri eru þá heilu þjóðirnar og samfélögin flokkaðar með tilliti til hennar. Sú klisja sem fer hæst í samtímanum er sú að þjóðir íslam hafi ekki gengið í gegnum Upplýsingu og er oft notuð sem allsherjar skýring á meintu trúarofstæki meðal múslima og þá jafnframt meintu umburðarlyndi og frjálslyndi kristinna manna.

### Átakasaga

Það er hins vegar ofmælt að skilgreina Upplýsinguna sem vestræna uppfinningu, enda litu upplýsingarmennirnir ekki endilega sjálfir þannig á málið. Þeir börðust gegn ofurvaldi kristinnar trúar í andlegu lífi Vesturlanda og litu til fyrirmynda í eldri samfélögum eða meðal framandi þjóða. Í Austur-Asíu hefði hreyfing sem kenndi sig við Upplýsingu aldrei getað tekið upp sömu baráttumál. Þar var umburðarlyndi í trúmálum ríkjandi og menntun mun útbreiddari á 17. og 18. öld en víða á Vesturlöndum.

Þá er einnig varasamt að gera Upplýsinguna að grundvelli aðgreiningar á kristni og íslam. Róttækni upplýsingarmanna fólst m.a. í því viðhorfi að kristni væri hvorki betri né verri en önnur trúarbrögð. Sú staðreynd að ennþá séu til kristin samfélög er einkum til marks um ósigur upplýsingarmanna. Upplýsingin var nefnilega ekki fyrst og fremst umbótahreyfing innan kristni heldur krafa um endurreisn forkristinna gilda. Í tímamótaverki frá 1966 skilgreindi sagnfræðingurinn Peter Gay Upplýsinguna sem endurreisn heiðinna hugmynda um manninn. Uppreisn upplýsingarmanna gegn kristindómnum var djarfasta framlag þeirra til heimsmenningarinnar og kannski

*Og á Vesturlöndum er vísindaleg hugsun í kreppu. Barátta sköpunarsinna gegn kenningum Darwins hefur áorkað því að náttúrufræðikennsla í Bandaríkjunum er að hverfa 300 ár aftur í tímann.*

ástæða þess að ekki er hægt að tala um sögu hennar sem sigurgöngu. Þvert á móti voru hugmyndir Upplýsingarinnar lengi að ná fótfestu í vestrænum samfélögum. Þar má nefna baráttuna við trúfrelsi sem náði seint fram að ganga. Upplýsingarmaðurinn Thomas Jefferson, höfundur bandarísku stjórnarskrárinnar, þurfti t.d. að horfa upp á sigurgöngu sértrúarhópa í eigin landi. Upplýsingarmönnunum sem stofnuðu til Bandaríkjanna 1776 hefði þótt einkennilegt að líta til Bandaríkjanna nú á dögum þar sem ofstækisfullir kristnir trúarhópar geta ráðið úrslitum um það hver verður Bandaríkjaforseti.

Vissulega hafa umbótamenn innan landa íslam einnig bent á annmarka á eigin samfélögum sem tengjast skorti á Upplýsingu og þar hefur einnig orðið öfugþróun með uppgangi íslamista sem hafna veraldlegum gildum. Það er hins vegar merkileg staðreynd að þær ríkisstjórnir sem hafa lengst og mest barist fyrir trúarlegum gildum innan íslam hafa jafnframt fengið rækilegan stuðning frá vestrænum ríkjum. Þar má t.d. nefna Sádí-Arabíu og furstadæmin þar í kring. Ráðamenn sem börðust fyrir veraldlegum gildum hafa hins vegar iðulega mætt heiftrækinni andstöðu vestrænna ríkisstjórna.

### Hefur Upplýsingin sigrað?

Að sumu leyti er auðvitað hægt að segja að Upplýsingin hafi áorkað miklu fyrir mannkynið þótt margir sigrar hennar hafi komið seint. Efling menntunar á 20. öld er kannski mesta afrekið, en það væri ofmælt að líta svo á að arftakar upplýsingarmanna hafi unnið fullnaðarsigur á andvísindalegri hugsun. Og á Vesturlöndum er vísindaleg hugsun í kreppu. Barátta sköpunarsinna gegn kenningum Darwins hefur áorkað því að náttúrufræðikennsla í Bandaríkjunum er að hverfa 300 ár aftur í tímann. Svo kallaðir „efasemdarmenn“ sem hafna tilvist gróðurhúsaáhrifa vilja setja efnahagslegan geðþóttamælikvarða á það hvenær taka á mark á niðurstöðum vísindamanna.

Á alþingi Íslendinga var svo samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða núna í þinglok að grunnskólamenntun á Íslandi eigi að byggja á einhverju sem kallast „kristin arfleifð“ en á sama tíma var felld tillaga um að mannréttindi ættu að vera hluti af hugmyndalegum kjarna íslensks skólakerfis. Einnig var felld breytingartillaga um að trúarleg innræting ætti að vera óheimil og að trúarbragðafræðsla ætti að virða rétt manna til trúfrelsis og trúleysis. Varla er hægt að hugsa sér afgreiðslu sem er síður í anda þess sem Voltaire, David Hume eða Thomas Jefferson hefðu kosið.

# Framsókn enskunnar

**UMRÆÐAN**

Eiður Guðnason skrifar um íslenskt mál



EIÐUR GUÐNASON

Come on,“ krakkar, „please!“ Þetta eru orð úr íslenskri sjónvarpsauglýsingu, sem nú birtist ítrekað á skjánum. Hvað er verið að auglýsa? Er nema von að spurt sé. Svo ótrúlegt sem það kann að virðast, þá er þetta úr auglýsingu þar sem verið er að mæra íslenskt lambakjöt. Hvað segja bændur nú?

Er það boðskapur þessarar auglýsingar að það sé gott og gilt að blanda saman ensku og íslensku, þegar talað er við börn? Hversvegna auglýsandinn þarf að nota ensku til að lofa lambakjötið er hulin ráðgáta – mér hulin að minnsta kosti.

Toyota-umboðið notar um þessar mundir í heilsíðu auglýsingum enskuslettuna að „smæla“ í staðinn fyrir hið fallega orð að brosa. Þetta er ekki brosleg orðnotkun, heldur brjóstumkennanleg og ekki til álitsauka fyrir það ágæta fyrirtæki. Ég veit að þeir Toyota-menn réttlæta þetta með því að vitna í Megas, sem hlotið hafi verðlaun Jónasar Hallgrímssonar („Brosa blómvarir....“ ) á Degi íslenskrar tungu. Það gerir slettuna að „smæla“ ekki hætishóti betri. Þessi enskusletta er ekki „tákn um gæði“. Öðru nær.

Auglýsendur og auglýsingahöfundar ættu líka að hafa hugfast að það skilur ekki öll þjóðin ensku og enskuslettur, þótt margir séu vel að sér í því ágæta tungumáli. Það væri miklu hreinlegra að hafa auglýsingarnar alfarið á ensku en ekki einhverju slettuskotnu hrognamáli. Kannski kemur að því.

*Höfundur er sendiherra.*

**STRANDBLAK Í SUMAR**
Fáir vita að strandblak er þó nokkuð stundað hér á landi.
HEILSA 2




**ÚTIGRILL FYRIR ALLA**
Almenningsútigrill er að finna víða um borgina. Mikilvægt er að ganga vel um.
SUMAR 3



# allt








Vinnufélagarnir veðja um það hvenær Gunnar dettur í stiganum en hann notar hverja stund til að hreyfa sig. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hleypur upp og niður stiga

***Á annasömum vinnudegi er oft erfitt að finna tíma fyrir heilsuna. Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaupa, hleypur stigana í vinnunni.***

„Það eru uppi veðmál hérna í vinnunni um það hvenær ég dett í stiganum,“ segir Gunnar. „Ég reyni yfirleitt að fara tvisvar til þrisvar í viku í hádeginu á hlaupabrettið en svo er galdurinn sá að hreyfa sig hratt alls staðar þar sem það er hægt. Ef farið er upp stiga eða úr bíl þá á bara að hlaupa.“

Gunnar segist ekki hafa stundað íþróttir framan af og ekki hafa áttað sig á því hvað hreyfing skipti miklu máli fyrr en hann var kominn „af léttasta skeiði“ eins og hann orðar það.

„Ég hafði aldrei æft neitt af viti fyrr en fyrir svona sex, sjö árum. Þá byrjaði ég að hlaupa og fann mun á mér. Stundum er mikið að gera í vinnunni hjá mér, til dæmis í kringum jól. Þá dettur út ein og ein vika en hreyfing er nokkuð sem þarf að gera þegar maður er í vinnu þar sem álag er mikið. Það að fara í hádeginu brýtur líka upp daginn, gefur manni aukaorku eftir hádegið og ótrúlegt hvað maður getur lifað á því.“

Gunnar segist huga að mataræðinu en viðurkennir að matseðillinn hafi ekki verið upp á marga fiska í eina tíð. „Ég lifði svolítið á frönskum og kokkteilsósu hérna áður fyrr, en nú er það bara saga, ég er löngu hættur því. Eftir að ég byrjaði að hreyfa mig fór ég ósjálfrátt að hugsa um mataræðið og nú stend ég mig oft að því að lesa innihaldslýsingar. Maður verður samt að leyfa sér eitthvað öðru hvoru og hafa nammidaga um helgar.“

Fjölskylda Gunnars hreyfir sig líka en önnur dóttirin keppir í fimleikum og hin hjólar úti í Kaupmannahöfn. Tíu ára sonurinn spilar fótbolta en yngsti stubburinn sem er þriggja ára er ekki byrjaður á öðru en að „brúka munn“ eins og faðir hans kemst að orði. Annars tekur Gunnar það rólega um helgar með fjölskyldunni og fer þá gjarnan í sumarbústaðinn.

„Það er líka líkamsrækt að gera ekki neitt. Það þarf að rækta líkama og sál og líkamann ræktar maður á brettinu og sálina í sveitinni.“

*heida@frettabladid.is*






**Ástin** lætur fólki líða vel. Prófessor í Edinborg heldur því fram að hormónið oxytocin stjórni því hvenær og af hverjum konur verða ástfangnar. Hormónið hefur áhrif á heilastarfsemi kvenna.

# Blakandi sumar á strönd

***Með hækkandi sól og meiri hita tekur strandblakáhugafólk fram blakboltana og íþróttafötin og skundar á vellina.***



Brynjar Pétursson stundar strandblak á sumrin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Margir tengja íþróttina strandblak bara við sólarstrendur, léttklætt fólk erlendis og frí. Færri vita að strandblak er þónokkuð stundað hér á landi. „Það er mjög mikil aukning í strandblakinu á síðustu árum hér á landi," segir Brynjar Pétursson strandblakáhugamaður.

Á Íslandi eru nú sjö strandblakvellir sem eru keppnishæfir. Þar er hægt að vera berfættur og spila alvöru strandblak. Í Reykjavík er hægt að finna fjóra velli dreifða um borgina, í Gufunesi, Heiðmörk, á Miklatúni og í Nauthólsvík. Í Kópavogi er völlur í Fagralundi við æfingasvæði HK. Fyrir utan höfuðborgarsvæðið eru tveir vellir. Annar er á Þingeyri við Dýrafjörð og hinn er á Akureyri. Á heimasíðunni www.strandblak.is er hægt að finna upplýsingar um vellina, skoða stjörnugjöf um þá og ástand þeirra.

Helsti munur á inniblaki og strandblaki er sá að í strandblakinu eru tveir í liði en sex í inniblakinu. „Það eru allt öðruvísi reglur í strandblakinu. Þar er meira gert til að fá leikinn til að fljóta. Það er til dæmis bannað að lauma með fingurgómunum til að geta stjórnað boltanum," segir Brynjar.

„Þetta eru mest blakarar sem hafa verið í inniblaki og eru jafnvel að spila inniblak á veturna," segir Brynjar þegar hann er inntur eftir því hverjir stundi strandblak á Íslandi. Blakarar spila strandblakið á sumrin, para sig tveir og tveir saman og sækja þau mót sem haldin eru yfir sumarið.

Með auknum fjölda iðkenda strandblaks fjölgar þeim mótum sem haldin eru í strandblaki. „Það hafa verið haldin hér Íslandsmót og mótum er alltaf að fjölga," upplýsir Brynjar.

*martaf@frettabladid.is*





YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
Síðumúla 15, s. 5885711 og 6946103
YOGA YOGA YOGA
Líkamsæfingar, öndunaræfingar
slökun og hugleiðsla
Sértímar fyrir barnshafandi
og kraftyoga
Allir yoga unnendur velkomnir
www.yogaheilsa.is • yogaheilsa@yogaheilsa.is




Glucomed 625 mg
Glucomed inniheldur glúkósamín
Ekki má nota Glucomed:
- ef þú ert með ofnæmi fyrir glúkósamíni, einhverju öðru af innihaldsefnunum eða skelfiski
- ef þú ert undir 18 ára
- ef þú ert þunguð eða með barn á brjósti
Gæta skal varúðar við notkun Glucomed ef þú þolir illa glúkósa, ef þú ert með vanstarfsemi í nýrum eða lifur eða ef þú ert með þekktan áhættuþátt fyrir hjarta- og æðasjúkdómum.
Tvær töflur á dag til að draga úr einkennum.
Lesið vandlega leiðbeiningar á fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá
LD3080501

ROPE YOGA WORKOUT
Heilbrigð sál í hraustum líkama
Byrjendanámskeið í ROPE YOGA
Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði
NÁMSKEIÐIN HEFJAST MIÐVIKUDAGINN 2. JÚLÍ
SKRÁNING Í SÍMA 696-4419
EÐA MEÐ PÓSTI Á ELIN@ELIN.IS
www.elin.is





Elín Sigurðardóttir
Ég er íþróttafræðingur að mennt og hef frá 9 ára aldri stundað sund og hef meðal annars keppt fyrir Ísland á tvennum Ólympíuleikum. Auk þess hef ég kennt Rope Yoga síðustu 11 ár bæði hérlendis og í Los Angeles, USA. Árið 2002 lærði ég Kripalu nudd í Lenox, USA

„Aldrei verið hressari!"



Original Arctic Root
Ein vinsælasta lækningajurt heims
Original Arctic Root öðru nafni Burnirót er ein vinsælasta lækningajurtin í heiminum í dag. Klínískar rannsóknir hafa leitt í ljós að hún eflir einbeitingu, úthald og vinnur gegn streitu og álagi.
Vinnur gegn streitu og álagi
Original Arctic Root er fljótverkandi og þeir sem nota hana finna jákvæða breytingu á einbeitingu og úthaldi á skömmum tíma. Original Arctic Root hefur svo sannarlega slegið í gegn á Íslandi og nýtur nú mikilla vinsælda.
Heilsuvara ársins í Svíþjóð 2003, 2004 og 2005
Fæst í apótekum og heilsubúðum.
Original Arctic Extract
heilsa –hafðu það gott

**Fótbolti** er skemmtileg íþrótt, sérstaklega á sumrin þegar veður er gott. Tilvalið er fyrir vini eða fjölskyldu að fara saman út í garð og spila skemmtilegan leik.





Gestir hafa aðgang að útigrillum í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Útigrill fyrir almenning

***Víða um borgina eru útigrill sem almenningur hefur aðgang að. Ýmist er þá hægt að koma með kol og pylsur með sér eða kaupa þær á staðnum.***

Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum hafa gestir aðgang að útigrilli eftir að hafa greitt aðgangseyri inn í garðinn. Þar gildir að hafa með sér kol og mat á grillið.



Hægt er að grilla í Viðey á útigrillum við Naustið sem að sögn staðarhaldara eru mjög vinsæl. Þar er hægt að grilla frá klukkan 11 á morgnana og fram eftir degi en athuga þarf að grillin eru oft upptekin vegna mannfagnaða í Naustinu á kvöldin.

Á Klambratúninu eru útigrill og aðstaða til að sitja og borða. Þar eru einnig leiktæki fyrir börnin og hægt að eyða skemmtilegum degi með fjölskyldunni. Þar skal hafa með sér kol og grillmat. Almenningsútigrill eru í Hljómskálagarðinum þar sem skal nota eigin kol og á ylströndinni í Nauthólsvík eru tvö gasgrill sem gestir hafa aðgang að. Hægt er að koma með eigin mat á ylströndina en einnig er hægt að kaupa pylsur og meðlæti á staðnum fyrir 100 krónur. Einnig geta hópar pantað grillin og kostar það 2.000 krónur á klukkustund.

Í Heiðmörk eru útigrill víða um svæðið sem ferðafólk hefur aðgang að. Í Furulundi eru útileiktæki og tvö grill og í Grenilundi eru einnig grill. Við Helluvatn eru grill og salernisaðstaða. Þjóðhátíðarlundur er nýjasti áningarstaðurinn í Heiðmörk og þar er hægt að grilla. Hægt er að panta svæði í Heiðmörk í gegnum Skógræktarfélag Reykjavíkur.

Útigrillin um borgina eru ætluð öllum og gildir þá að ganga vel um og taka tillit til náungans.

*heida@frettabladid.isw*

Sigma linsur fyrir flestar gerðir myndavéla



10% AFSLÁTTUR AF SIGMA LINSUM ÞESSA VIKUNA.

FOTO VAL
Myndavéla-viðgerðir
Skipholti 50B
Sími 553 9200
www.fotoval.is • mail:fotoval@fotoval.is



Hiti í bústaðinn



Ryðfríir neysluvatnshitarar, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitarar til húshitunar og flest annað til rafhitunar.

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áranlangri reynslu.

Rafhitarar fyrir heita potta

Rafhitun
Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitun.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

vera

útsala



-40%
-50%

vera
Laugavegi 49

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

Við bjóðum fullkomnustu heyrnartækin frá danska framleiðandanum ReSound

* Hágæða heyrnartæki með vindvörn
* Fyrstu hlaðanlegu heyrnartækin
* Einföld og þægileg í notkun



Tímapantanir í síma 534-9600

* Heyrnarþjónusta
* Heyrnarmælingar
* Heyrnartæki
* Ráðgjöf



AZURE EFLIR HEYRN Á EÐLILEGAN HÁTT

Azure er nýjasta og háþróaðasta heyrnartæki sem ReSound framleiðir.
Hugmyndin að baki Azure heyrnartækinu er að heyrn með því verði eins eðlileg og frekast er unnt. Kristaltær tónn án takmarkana og ama fyrir notandann - rétt eins og hann á að vera.
Azure flokkar ekki það sem notandinn fær að heyra og takmörkuð stærð tölvuforrita afmarkar ekki hljóðvinnslu þess.

Nánari upplýsingar á www.heyrn.is

Heyrnarþjónustan Heyrn ehf. Hlíðasmára 11. 201 Kópavogur. Sími 534 9600. netf: heyrn@heyrn.is

lh hestar
ÍÞRÓTT ● MENNING ● LÍFSSTÍLL

Rúnar Geir Ólafsson
**er með búfjárræktardellu**
BLS. 6



ÞRIÐJUDAGUR 1. JÚLÍ 2008



**Leiktæki af öllum stærðum og gerðum verða í Húsasmiðjugarðinum.**
MYND/JENS EINARSSON

## Húsasmiðjugarðurinn slær öll met

Börnum mun ekki leiðast á LM2008. Húsasmiðjan hefur í samvinnu við LM2008 sett upp leiksvæði fyrir börn á Gaddstaðaflötum, Húsasmiðjugarðinn. Þar verður stanslaus dagskrá fyrir börn á öllum aldri frá morgni til kvölds. Í garðinum verða kindur og hestar, rólur og vegasölt, sandkassar og rennibrautir, heybaggar, sparkvöllur og leiktjöld. Jónsi mætir í garðinn með „Landsmótshreystina“ og Sveppi mætir líka. Halla og Gulli syngja lög úr söngleiknum Abbababb og Búri og Bína syngja lög sem allir krakkar kunna. Og svo verður söngvakeppni þar sem jafnvel ÞÚ getur unnið!

Þess má geta að frítt er inn í Húsasmiðjugarðinn og barnagæsla er í boði Húsasmiðjunnar.



**Kristinn G. Bjarnason og Jóna Fanney Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri LM2008, við nýja Hiluxinn.**
MYND/TOYOTA Á ÍSLANDI

## Hilux fyrir heimsmet

Toyota á Íslandi hefur heitið nýjum Hilux jeppa að verðmæti 4,3 milljónir króna á þann sem slær heimsmet Drífu frá Hafsteinsstöðum í 100 metra skeiði á LM2008. Metið er 7,18 sekúndur. Drífa er eitt fljótasta skeiðhross í heimi. Hún setti metið í fyrra á skeiðleikum Skeiðfélagsins á velli Sleipnis á Selfossi. Hún gæti auðveldlega slegið það aftur við góðar aðstæður. Hefur ótal sinnum hlaupið undir 7,5 sekúndum.

Hundrað metra skeiðið er ung keppnisgrein. Nýtt heimsmet hefur verið slegið á hverju ári undanfarin ár. Það má því segja að helmingslíkur séu að metið verði slegið. Hlaupið er á dagskrá klukkan 19.30 á laugardagskvöldið. Sjá meira á bls. 2.



**Lukka frá Stóra-Vatnsskarði. Knapi Hans Þór Hilmarsson.**
MYND/JENS EINARSSON

# Lukka á Landsmóti

**Landsmót hestamanna hófst á Gaddstaðaflötum við Hellu í gær. Mótið nær hápunkti um helgina. Búist er við tólf til fjórtán þúsund áhorfendum, þar af nokkur þúsund erlendum gestum.**

### LUKKA KOM EKKI Á ÓVART

Eitt þeirra hrossa sem Landsmótsgestir fá að njóta er hryssan Lukka frá Stóra-Vatnsskarði. Hún kemur með hæstu einkunn kynbótahrossa inn á mótið, 8,86 í aðaleinkunn, þar af 9,13 fyrir kosti. Hún sló heimsmet Rauðhettu frá Kirkjubæ og Divu frá Gategården, sem báðar eru með 8,81 í aðaleinkunn. Það sem ekki síst hefur vakið athygli varðandi þennan mikla og fagra gæðing, er að hún á ekki til frægra né hátt dæmdra hrossa að telja. Benedikt G. Benediktsson, eigandi Lukku, segir að hún hafi ekki komið sér á óvart.

„Lukka kom mér ekki á óvart. Ég þekki það sem að henni stendur. Það er hins vegar einstök heppni þegar hross verður svona afburða gott. Það hefði getað gerst hjá hvaða ræktanda sem er. En aðalatriðið er að hafa trú á því sem maður er með í höndunum. Dómar á hrossum segja ekki nærri alltaf alla söguna. Það getur svo margt komið upp á,“ segir Benedikt.

### TVÆR SVARTAR STJÖRNUR

Fleiri stjörnur verða á LM2008. Kappi frá Kommu og Seiður frá Flugumýri II eru báðir kolsvartir fjögra vetra stóðhestar. Þeir settu báðir heimsmet í einkunn í forskoðun, báðir sýndir af hinni snjöllu Mette Mannseth. Margir bíða spenntir eftir að sjá þessa fola. Þá er búist við afar harðri og spennandi keppni í B flokki gæðinga, en þar er hver snillingurinn upp af öðrum skráður til leiks. Og svo er að sjá hvort Sigurbirni Bárðarsyni tekst að sigra í A flokki gæðinga á Landsmóti, en það eru einu gullverðlaunin sem hann hefur ekki unnið á ferli sínum.

# Hróður eykur hróðurinn

Hróður frá Refsstöðum er handhafi Sleipnisbikarsins á LM2008, sem er æðstu verðlaun mótsins. Hann er með 126 stig fyrir 54 dæmd afkvæmi, einu stigi fyrir ofan Sæ frá Bakkakoti, sem er með 125 fyrir 53 dæmd afkvæmi. Flestir höfðu reiknað með því að Sær frá Bakkakoti yrði Sleipnisbikarhafi á þessu Landsmóti. Flest teikn á lofti bentu til þess. Niðurstaðan kom Guðlaugi Antonssyni, hrossaræktarráðunauti, nokkuð á óvart?

„Þetta eru töluverðar sviptingar. Sær lækkar um fjögur stig á meðan Hróður hækkar um eitt. Persónulega átti ég frekar von á því að Sær yrði ofar. Það vantar fimmta gírinn í mörg afkvæmi Hróðurs, sem vigtar töluvert í kynbótamatinu. Ég átti því frekar von á að Sær héldi sinni stöðu.“

Eigandi Hróðurs er Mette Mannseth á Þúfum í Skagafirði. Hann er undan gæðingi Benedikts Líndal, Létti frá Stóra-Ási, Kolfinnssyni frá Kjarnholtum, og Rán frá Refsstöðum, Náttfaradóttur frá Ytra-Dalsgerði. Léttir er geldingur og á aðeins þrjú skráð afkvæmi. Rán fékk 7,66 í aðaleinkunn þegar hún var sýnd.



**Baugur frá Víðinesi, sonur Hróðurs frá Refsstöðum. Knapi Mette Mannseth.**
MYND/JENS EINARSSON



**Orri frá Þúfu.**
MYND/JENS EINARSSON

## Orri frá Þúfu á Hestatorgi

Frægasti stóðhestur landsins, Orri frá Þúfu, verður til sýnis fyrir Landsmótsgesti á Hestatorgi á LM2008. Einnig Kraflar og Keilir frá Miðsitju. Allir hafa þeir hlotið Sleipnisbikarinn og heiðursverðlaun fyrir afkvæmi. Hestatorg er samstarfsverkefni félagasamtaka, stofnana og skóla sem tengjast hestamennskunni og er staðsett í Rangárhöllinni, nýrri reiðhöll sem risin er á Gaddstaðaflötum. Dagskrá verður á Hestatorginu frá fimmtudegi til sunnudags. Þar munu aðilar torgsins kynna starfsemi sína. Þekktir reiðkennarar stíga á stokk, og á bak, og miðla af reynslu sinni. Síðast en ekki síst verður hægt að berja þar augum hinn fræga Sleipnisbikar, æðstu verðlaun mótsins.



**Gári frá Auðsholtshjáleigu. Knapi Lena Zielinski.**
MYND/JENS EINARSSON

## Gári með gullið fyrir afkvæmi

Gári frá Auðsholtshjáleigu er efstur stóðhesta sem keppa til fyrstu verðlauna fyrir afkvæmi á LM2008. Hann er með nokkuð afgerandi forystu, 125 stig fyrir 18 dæmd afkvæmi. Gári er undan Orra frá Þúfu og Limru frá Laugarvatni. Í öðru sæti er Huginn frá Haga með 120 stig og 30 dæmd afkvæmi. Í þriðja sæti Aron frá Strandarhöfði með 119 stig og 39 dæmd afkvæmi. Í fjórða sæti er Hágangur frá Narfastöðum með 118 stig og 16 dæmd afkvæmi, í fimmta sæti Þyrnir frá Þóroddsstöðum með 118 stig og 23 dæmd afkvæmi, í sjötta sæti Dynur frá Hvammi með 117 stig og 54 afkvæmi.

## AA-fundir á Landsmóti

AA-fundir verða haldnir í félagsheimilinu Dynskálum á Hellu alla Landsmótsvikuna og eru þeir klukkan 23.30. Endilega látið sjá ykkur.

*AA deildin á Hellu.*

# lh hestar
ÍÞRÓTT . MENNING . LÍFSSTÍLL

Málgagn Landssambands hestamannafélaga

**Útgefandi:** Landssamband hestamannafélaga
**Heimilisfang:** Íþróttamiðstöðin, Engjavegi 6, 104 Reykjavík
**Netfang:** lh@isisport.is **Sími:** 514-4030
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Jens Einarsson
**Netfang:** jenseinars@simnet.is **Sími:** 862-7898
**Auglýsingar:** Fréttablaðið/Bjarni Þór Sigurðsson
sími: 512-5435, GSM 822-5062



**HELSTU SAMSTARFSAÐILAR LH ERU:**

VÍS GLITNIR TOYOTA LÍFLAND


# Átjánda Landsmót hestamanna


Haraldur Þórarinsson

Landsmót hestamanna eru haldin annað hvert ár. Hið átjánda í röðinni fer nú fram hér á Gaddstaðaflötum við Hellu. Landsmótsár eru jafnan þrungin spennu og eftirvæntingu. Allir sem rækta, temja og sýna hross, leggja nótt við dag. Landsmótin eru gluggi á það hvernig til tekst. Hér gefst hestafólki tækifæri til að kynna sér strauma og stefnur og meta hvort við séum á réttri braut

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því fyrsta Landsmótið var haldið á Þingvöllum 1950. Þá átti íslenski hesturinn undir högg að sækja. Framsýnir hestamenn sneru vörn í sókn og bundust samtökum um að standa vörð um þennan mikilvæga þjóðararf. Landssamband hestamannafélaga var stofnað. Hlutverk hestsins hefur breyst frá því að vera þarfasti þjónninn, sem flutti björg í bú og var helsta samgöngutæki þjóðarinnar, yfir í að vera gleðigjafi þúsunda, bæði hér heima og erlendis.

Nú eru fjörutíu og sjö hestamannafélög í Landssambandi hestamannafélaga, hringinn í kringum landið. LH er þriðja stærsta sérsambandið innan ÍSÍ með yfir þrjátíu þúsund iðkendur. Hestamennskan er fjölskylduvæn íþrótt sem nýtur sívaxandi vinsælda. Iðkendum fjölgar stöðugt. Íslendingar teljast orðið til hestaþjóða heimsins.

LH er aðili að FEIF, alþjóðlegum samtökum eigenda íslenskra hrossa. Í FEIF eru nú átján þjóðir og iðkendur eru um sjötíu þúsund. Í útlöndum eru meira en hundrað þúsund hross, töluvert fleiri en til eru hér á landi. Erlend samskipti hafa stóraukist og verða æ stærri þáttur í félagsstarfi hestamanna með hverju árinu. Það er viðurkennt að íslenski hesturinn hefur kynnt Ísland og íslensku þjóðina meira og betur heldur en nokkuð annað. Hann hefur verið kallaður besti íslenski ambassadorinn. Hestatengd atvinnustarfsemi hér á landi blómstrar. Talið er að hún velti nú um fjórtán milljörðum króna á ári og er hún þar með orðin mikilvægur þáttur í íslenska hagkerfinu.

Það er ánægjulegt fyrir okkur hestamenn að verða vitni að því hér á þessu Landsmóti hversu vel hestamannafélögin í landinu hafa sinnt sínu hlutverki. Hestaíþróttinni vex stöðugt fiskur um hrygg. Hún var og er snar þáttur í menningu þjóðarinnar. Ég vil fyrir hönd stjórnar Landssambands hestamannafélaga þakka öllu því góða fólki sem komið hefur að undirbúningi og framkvæmd þessa móts. Þátttakendum óska ég góðs gengis og áhorfendum góðrar skemmtunar.

Að lokum vil ég minna á kjörorð Landssambands hestamannafélaga. Hestamennska er: ÍÞRÓTT – MENNING – LÍFSSTÍLL.


Drífa frá Hafsteinsstöðum, heimsmethafi í 100 metra skeiði. Knapi Sigurður Sigurðarson. MYND/JENS EINARSSON

# Hilux fyrir heimsmet

**Toyota á Íslandi hefur heitið nýjum Hilux jeppa að verðmæti 4,3 milljónir króna á þann sem slær heimsmet Drífu frá Hafsteinsstöðum í 100 metra skeiði á LM2008. Hlaupið er á dagskrá klukkan 19.30 á laugardagskvöldið.**


Kristinn G. Bjarnason og Jóna Fanney Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri LM2008, við nýja Hiluxinn eftir að hafa handsalað veðmálið. MYND/TOYOTA Á ÍSLANDI

Flott er hjá Toyota-mönnum að leggja svo rausnarlega undir. Líkurnar á að þeir vinni eru góðar. En þeir gætu líka tapað. Það sem einu sinni hefur gerst getur alltaf gerst aftur. Drífa er eitt fljótasta skeiðhross í heimi. Hún setti metið í fyrra á skeiðleikum Skeiðfélagsins á velli Sleipnis á Selfossi, 7,18 sekúndur. Hún gæti auðveldlega slegið það aftur við góðar aðstæður og hefur ótal sinnum hlaupið undir 7,5 sekúndum. Hundrað metra skeiðið er ung keppnisgrein. Nýtt heimsmet hefur verið slegið á hverju ári undanfarin ár. Það má því segja að helmingslíkur séu á að metið verði slegið.

**FLEIRI FLJÓT SKEIÐHROSS**

En það eru fleiri fljót hross skráð til leiks. Má þar nefna fyrrverandi heimsmethafa í greininni, Móses frá Grenstanga (7,26 sekúndur) og knapa hans Ragnar Tómasson, Ester frá Hólum (7,29 sekúndur) og Þórarin Eymundsson, og Hreim frá Barkarstöðum (7,64 sekúndur) og Viðar Ingólfsson. Þessi hross hafa öll getu til að hlaupa hratt og gætu auðveldlega gert usla á góðum degi. Kristinn G. Bjarnason hjá Toyota á Íslandi er þó hvergi banginn, enda tilbúinn að taka hvorri niðurstöðunni sem er. „Bíllinn verður á mótinu og lyklarnir eru klárir um leið og við fáum staðfestingu á að nýtt met hafi verið slegið,“ segir hann.

# Gamlir og góðir á Landsmóti 2008

Gæðingar geta enst fram í háa elli. Á LM2008 eru skráðir til leiks hestar sem eru komnir vel á þrítugsaldurinn. Þar má nefna Seið frá Sigmundarstöðum, 23 vetra. Hann hefur verið í keppni meira og minna frá því hann var 5 vetra. Hann var keppnishestur Daníels Inga Smárasonar í Sörla í mörg ár. Síðan gekk hann yfir til kærustunnar, Berglindar Rósu Guðmundsdóttur. Bæði unnu þau marga Íslandsmeistaratitla á honum. Nú hefur Seiður fengið enn eitt hlutverkið og er nú keppnishestur Valdísar Bjarkar Guðmundsdóttur, systur Berglindar. Þau keppa í barnaflokki á LM2008 fyrir Gust.


Seiður frá Sigmundarstöðum. Knapi Berglind Rósa Guðmundsdóttir. MYND/JENS EINARSSON

# Landsmót haldið á Hellu

Hella er 750 manna bær á Suðurlandi, um 100 kílómetra austur frá Reykjavík og um 50 kílómetrum austar en Selfoss. Gaddstaðaflatir, mótssvæðið, er alveg við bæjarmörkin á Hellu og minnsta mál að fara gangandi í „kaupstaðinn“.

Suðurland er þéttbýlt og víða hægt að fá gistingu á notalegum sveitabæjum, auk þess sem næg tjaldstæði eru á Gaddstaðaflötum. Margir ferðaþjónustubæir eru með hestaleigu, lengri og styttri ferðir.

Einnig eru í boði óteljandi aðrir afþreyingarmöguleikar: Skoðunarferðir um Njáluslóðir, siglingar í ám og vötnum, og allt þar á milli! Ef þú hefur ekki ennþá uppgötvað Landsmót, eða hefur ennþá ekki tekið ákvörðun um hvort þú ætlar þangað, þá getur þú fundið allar hagnýtar upplýsingar á www.landsmot.is.


Gaddstaðaflatir við Hellu. MYND/LANDSMÓT EHF.




# Hestatryggingar

Í hestamennsku sameinast áhugamál og lífsstíll og getur það sem henni fylgir haft mikið fjárhagslegt og tilfinningalegt gildi fyrir eigandann. Hestarnir geta verið reiðhestar, keppnishestar og kynbótahross og því geta tjón haft mismunandi fjárhagslegar afleiðingar.

Hafðu samband við ráðgjafa Sjóvá í síma 440 2000 eða á hestar@sjova.is.
Nánari upplýsingar er að finna á sjova.is.

## Fjölbreytt úrval trygginga

- Reiðhestatrygging
- Góðhestatrygging
- Kynbótahryssutrygging
- Afnotamissistrygging fyrir kynbótahryssur
- Folalda og tryppatryggingar
- Ófrjósemistrygging fyrir stóðhesta
- Sjúkrakostnaðartrygging
- Líf- og heilsutrygging
- Ábyrgðartrygging
- Takmörkuð líftrygging

SJÓVÁ | KRINGLUNNI 5 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 440 2000 | FAX 440 2020 | SJOVA.IS | SJOVA@SJOVA.IS

SJÓVÁ

## Hafrar & bygg

Landsmót var fyrst haldið á Gaddstaðaflötum árið 1986. Einar Öder Magnússon var aðalstjarna mótsins. Hann sat efsta hest í A flokki, Júní frá Syðri-Gróf, bræðurna Otur og Kjarval frá Sauðárkróki, sem stóðu efstir í fjögra og fimm vetra flokki, stóðhestinn Flosa frá Brunnum og klárhryssuna Tinnu frá Flúðum. Kristall frá Kolkuósi varð efstur í B flokki gæðinga, knapi Gylfi Gunnarsson, og Olil Amble vann töltið á Snjalli frá Gerðum. Ófeigur frá Hvanneyri hlaut Sleipnisbikarinn og Krafla frá Sauðárkróki varð efst í elsta flokki hryssna.

Næsta Landsmót á Gaddstaðaflötum var haldið 1994. Þá sló Rauðhetta í gegn og setti heimsmet í einkunn kynbótahrossa, fékk 8,81 í aðaleinkunn. Knapi var Þórður Þorgeirsson, sem var knapi mótsins og helsta stjarnan. Galsi frá Sauðárkróki sló í gegn í fjögra vetra flokki stóðhesta, knapi Baldvin Ari Guðlaugsson. Gustur frá Hóli varð efstur í elsta flokki stóðhesta, fékk 9,01 fyrir kosti, knapi Ragnar Ingólfsson. Þokki frá Garði hlaut Sleipnisbikarinn. Töltið vann Sigurbjörn Bárðarson á Oddi frá Blönduósi. Orri frá Þúfu varð efstur í B flokki gæðinga, knapi Gunnar Arnarson, og í A flokki varð efstur Dalvar frá Hrappsstöðum, eftir sögulegt fráhvarf Gýmis frá Vindheimum. Knapi á Dalvari var Daníel Jónsson.

Síðast var Landsmót haldið á Gaddstaðaflötum 2004. Þar setti Þóroddur frá Þóroddsstöðum heimsmet í aðaleinkunn, 8,74, þá fimm vetra. Knapi Daníel Jónsson. Hryðja frá Hvoli fékk 8,65 í flokki sex vetra hryssna, þar af 10 fyrir skeið. Knapi Þorvaldur Árni Þorvaldsson. Björk frá Litlu-Tungu varð efst í flokki fjögra vetra hryssna, fékk 8,49 í aðaleinkunn og var ein af stjörnum mótsins. Knapi Erlingur Erlingsson. Geisli frá Sælukoti varð efstur í A flokki, knapi Steingrímur Sigurðsson, og í B flokki var það Rökkvi frá Hárlaugsstöðum sem hirti gullið, knapi Þorvaldur Árni Þorvaldsson. Töltið vann Björn Jónsson á Lydíu frá Vatnsleysu og Sleipnisbikarinn hlaut Kraflar frá Miðsitju.

# Hertz – Hestamennska

**Hertz bílaleiga er einn af styrktaraðilum LM2008. Framkvæmdastjóri Hertz er Björgvin Njáll Ingólfsson. Þegar LH Hestar höfðu samband við kappann kom ýmislegt forvitnilegt í ljós.**



Björgvin og Sóley á góðri stund í sveitabúðinni. MYND/JENS EINARSSON

### MEÐ BINDI Í BÆNUM – Í STRIGASKÓM Í FLÓANUM

Björgvin getur vart talist hefðbundinn framkvæmdastjóri í stórfyrirtæki í Reykjavík. Hann býr ásamt konu sinni Sóleyju Andrésdóttur á Tungu í Flóahreppi. Þar eru þau með nokkra hesta, kindur, nautgripi, íslenskar landnámshænur og síðast en ekki síst sveitabúðina Sóley, gjafavörubúð að danskri fyrirmynd. Einnig taka þau á móti óvissuferðum frá fyrirtækjum og bjóða upp á ýmiskonar afþreyingu fyrir þá hópa. Björgvin var að slá þegar blaðamann bar að garði í Tungu. Hann var frjálslegur þegar hann stökk niður úr gömlum Zetor, í jogging buxum og strigaskóm.

### AÐ LÁTA SVEITADRAUMINN RÆTAST

„Það kemur ekkert annað til greina en að búa í sveit,“ segir Björgvin. „Við erum búin að vera hér í sex ár og þar áður áttum við jörð í Rangárvallasýslu. Ég vinn í Reykjavík. Sóley er kennari og sjúkraliði en hefur haft atvinnu af þessum búskap okkar hér undanfarin ár. Við erum með um þrjátíu kindur og dálítið af nautgripum. Við seljum afurðirnar sjálf og höfum meira út úr því en að leggja gripina inn, þótt við þurfum að greiða sláturkostnað og kjötvinnslu. Sveitabúðin Sóley er opin allt árið, en bara þegar við erum heima. Viðskiptavinirnir eru meðal annars fólk úr sumarbústöðum hér í kring, en einnig er tölvuvert um að fólk geri sér ferð úr höfuðborginni. Fólk hringir á undan sér og spyr hvort að það sé opið. Það er hægt að skapa sér atvinnu á ýmsan hátt. Tækifærin eru alls staðar, bara spurning um vilja til að koma auga á þau.“

### FYRIRTÆKIN OG SAMFÉLAGIÐ

„Hertz er ein af þremur stærstu bílaleigum á Íslandi. Ég er búinn að vinna þar í eitt og hálft ár og líkar það mjög vel. Starfsmenn eru 45 á veturna en áttatíu á sumrin. Við erum með um 1.300 bíla yfir sumarmánuðina, en fækkum þeim í 600 á veturna. Kúnstin í þessum bransa er að þreyja þorrann og góuna. Það gildir líka að vera með opinn huga. Hertz á Íslandi er fyrsta bílaleiga í heimi til að taka vetnisbíla í flotann. Það hefur vakið mikla athygli erlendis. Hertz er í eigu Magnúsar Kristinssonar. Hann er góður vinnuveitandi. Eitt af því sem hann leggur áherslu á er að taka þátt í samfélagslegum verkefnum, eins og Landsmóti hestamanna til dæmis. Hefðbundnar auglýsingar eru ágætar. En okkur finnst það ekki síður góður kostur ef hægt er að sameina markaðssetningu, og að láta gott af sér leiða,“ segir Björgvin.

Að lokum er vakin athygli á því að Hertz er með bíla til leigu á LM2008 á Gaddstaðaflötum. Þar verður hægt að fá fjölbreytt úrval bíla af öllum stærðum á góðu verði.

# Kynslóðabil í hestamennsku er ekkert

Alltaf er forvitnilegt að skoða elsta og yngsta keppandann á hverju Landsmóti. Oftast eru það margir áratugir sem skilja á milli. Kynslóðabil í hestamennsku er ekkert.

Að þessu sinni er það Erling Sigurðsson, 66 ára, sem vermir toppsætið í elsta flokki. Hann keppir fyrir Andvara. Yngsti fulltrúi ungu kynslóðarinnar er aftur á móti Ylfa Guðrún Svafarsdóttir, átta ára. Hún keppir fyrir Fák.

Erling, eða Elli Sig eins og við hestamenn köllum hann, er gamalreyndur keppnismaður í hestaíþróttum. Hann hefur tekið þátt í öllum Landsmótum hestamanna frá LM1958 á Skógarhólum, ýmist sem knapi eða eigandi keppnishrossa. Hann er frægur fyrir keppnisskap og þrautseigju. Það væri lygi að segja að hann sé alltaf ljúfur sem lamb. Hann lætur stundum í sér heyra og þá hressilega. En 98 prósent er hann húmoristi fram í fingurgóma, hjálpsamur og góður félagi. Síungur í anda. Erling keppir í A-flokki á Hnikari frá Ytra-Dalsgerði.

Ylfa Guðrún er að stíga, eða öllu heldur ríða, sín fyrstu spor í keppni. Hún er eldheitur hestamaður og keppnismaður. Hún veit hvað hún vill. Vont veður er ekki til í hennar orðaforða. Það er alltaf hægt að ríða út. Þótt hún sé aðeins átta ára er hún smám saman að taka að sér framkvæmdastjórnina í hesthúsinu. Það er hún sem dregur mömmu og pabba á hestbak.

Barnaflokkur er í raun fyrir tíu til þrettán ára börn. Yngri börn mega þó taka þátt samkvæmt reglum. Guðrún Ylfa keppir á hestinum Gammi frá Ási I í Hegranesi. Þess má geta að hún varð efst í pollaflokki á gæðingamóti Fáks á Hvin frá Syðra-Fjalli.



Ekkert kynslóðabil er í hestamennskunni. Erling, 66 ára, og Guðrún Ylfa, átta ára, taka bæði þátt í Landsmóti. MYND/JENS EINARSSON




# Rappað á Landsmóti

Tímarnir breytast og mennirnir með. Sérð þú nokkuð fyrir þér buxnasíða rappara á Þingvöllum 1950? Nei. En LM2008 á Gaddstaðaflötum er allt annað mál. Þar mun stíga á stokk rapphópurinn Óskar Axel og Karen, ásamt DíJei Sigurði Antoni. Óskar og Karen urðu í öðru sæti á Músíktilraunum í Tónabæ síðastliðinn vetur og hafa komið fram við ýmis tækifæri síðan, meðal annars á 17. júní í Reykjavík þar sem þau sungu og léku fyrir 5.000 manns. Óskar Axel er textahöfundur hópsins. „Okkur langar að flytja birtu þangað sem myrkur er. Textarnir fjalla meðal annars um kynþáttafordóma og eiturlyf. Við viljum vinna gegn slíku,“ segir Óskar Axel.



Rapphópurinn: Karen Pálsdóttir, Óskar Axel Óskarsson og Sigurður Anton Kristjánsson. MYND/JENS EINARSSON


Allt fyrir
Hestaferðina
Úrvals fatnaður yst sem innst, reiðbuxur, sokkar,
hanskar, peysur, jakkar, úlpur......
• Lynghálsi 3 og Lónsbakka Akureyri! •
SONNENREITER by elta nova
CASCO
Reiðhjálmar
- margar gerðir
Teymingargjarðir
Ferðajárningatöng
- ein með öllu
Hrímnir
Lítil hnakktaska
vatnshelt leður -
fæst í brúnu og svörtu -
fleiri gerðir fáanlegar -
www.lifland.is • lifland@lifland.is
LÍFLAND

## Hestamenn á netinu

**FRÉTTAMIÐLAR:**
www.eidfaxi.is
www.hestafrettir.is
www.847.is
www.horse.is

**STOFNANIR:**
www.feif.org
www.lhhestar.is
www.holar.is
www.landsmot.is
www.worldfengur.is
www.tamningamenn.is
www.fhb.is

**HROSSABÚ (SÝNISHORN):**
www.strandarhofud.is
www.akurgerdi.is
www.arabaer.is
www.armot.is
www.austurkot.is



Dr. Ágúst Sigurðsson, rektor LBHÍ á Hvanneyri. MYND/JENS EINARSSON

# Dustar rykið af Bluppinu

Dr. Ágúst Sigurðsson, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri, mun fjalla um kynbótamatið, BLUPP, á Hestatorgi á LM2008. Fyrirlesturinn ber heitið: Er kynbótamatið málið? Einhverjir spyrja eflaust hvort Ágúst sé búinn að missa trúna á Bluppinu. En því fer fjarri. „Ræktendur hafa sett kynbótamatið á ís undanfarin ár. Það er mín tilfinning. Ég held að það sé hins vegar tímabært að dusta af því rykið. Gagnagrunnurinn þéttist með hverju ári og kynbótamatið verður öruggara. Líka kynbótaspáin fyrir yngstu gripina. Tamning og meðhöndlun gripa er ennþá misjöfn og það er erfitt að leiðrétta fyrir því. Einnig verða alltaf tilviljanir í búfjárrækt sem tölvulíkön sjá ekki fyrir. Það er hins vegar engin spurning í mínum huga að við ættum að nota Bluppið meira,“ segir Ágúst.

# Með búfjárræktardellu

**Rúnar Geir Ólafsson var greindur með ólæknandi vöðvarýrnun þegar hann var tveggja ára. Hann hefur verið bundinn við hjólastól frá sjö ára aldri. Hann lætur fötlunina ekki aftra sér og er á kafi í hrossarækt.**



Rúnar Geir fer eins oft og hann getur út í girðingu til hrossanna sinna. MYND/JENS EINARSSON

**SKEIÐIÐ ER SKEMMTILEGAST**

Rúnar Geir er fæddur og uppalinn í sveit og hændist snemma að hestum. Hann á um tuttugu hross og fær þrjú til fjögur folöld á ári. Hann býr nú á Eyði-Sandvík í Flóa með foreldrum sínum. Þar rekur fjölskyldan stórt kúabú. Skýrsluhaldið er á könnu Rúnars. Hrossaræktin er aukabúgrein og þar heldur Rúnar Geir um stjórnartaumana.

„Ég vil hafa hrossin alhliða. Ég hef aldrei riðið á tölti eða skeiði. Missti af því. Ég hafði einfaldlega aldrei mátt til þess. Það var teymt undir mig í þau skipti sem ég fór á hestbak. En mér finnst mest gaman að horfa á skeiðið. Töltið verður samt líka að vera gott,“ segir Rúnar Geir.

Hrossahópurinn er á bletti fyrir utan stofugluggann og þar má sjá trippi undan Blæ frá Hesti, Kráki frá Blesastöðum, Akki frá Brautarholti, Galdra-Lofti frá Stóra-Hofi og fleiri merkisgripum. Það er greinilegt að Rúnar Geir er ekki í hrossaræktinni til að klappa folöldunum.

„Ég er sennilega með krónískа búfjárræktardellu. Ég fæ mest út úr því að horfa á hrossin hér út um gluggann; spá og spekúlera hvaða stóðhestur hentar hverri hryssu. Síðan tekur við spenningurinn að sjá hvað kemur út úr því. Fyrstu folöldin í minni ræktun fæddust 2005. Þau trippi verða tamin næsta vetur. Ég hlakka mjög til að sjá hvernig þau reynast.“

**VEL ÆTTAÐAR HRYSSUR**

Rúnar Geir ætlar sér ekki að finna upp hjólið í hrossaræktinni. Í hryssuhópnum er ein Orradóttir, önnur undan Otri frá Sauðárkróki, sú þriðja undan Frama frá Ragnheiðarstöðum og sú fjórða undan Atlasi frá Feti. Fyrsta folaldið á Eyði-Sandvík í ár var hestur undan Stála frá Kjarri. Fleiri eru væntanleg. Í sumar ætlar Rúnar Geir að leiða undir Hugin frá Haga, Glym frá Innri-Skeljabrekku og Krák frá Blesastöðum.

„Eina leiði ég undir hest frá sjálfum mér, þriggja vetra fola undan Sæ frá Bakkakoti,“ segir Rúnar Geir og stoltið leynir sér ekki í svipnum. „Hann er að vísu seldur. Þetta gengur víst ekki öðruvísi en afsetja eitthvað af gripunum,“ bætir hann við og greinilegt að hann er bóndi og búmaður.

Hann stendur nú á tvítugu. Lýkur stúdentsprófi frá FSu innan skamms og stefnan hefur verið sett á Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Búskapurinn og hrossaræktin eiga hug hans allan.

**AÐGENGI FYRIR FATLAÐA**

„Ég fer af og til á hestasýningar og mót og reyni þannig að fylgjast með hvaða hross eru að gera sig. Aðgengi fyrir fatlaða er víðast hvar þokkalegt. Það er til dæmis mjög gott í Ölfushöllinni. Ég hef líka farið nokkrum sinnum á sölusýningar í Hestheimum. Þar keypti ég tvær hryssur sem ég rækta undan. Ég fór á LM2006 og þar fengum við að leggja bílnum á góðum stað svo ég gæti fylgst með úr honum. Ég vona að það verði svipað á Gaddstaðaflötum. Það er auðvitað mikilvægt að það sé gott aðgengi fyrir fatlaða að hreinlætisaðstöðu og veitingum,“ segir Rúnar Geir.



Stjórn Hornfirðings: Eydís Benediktsdóttir, Bryndís Björk Hólmarsdóttir, Þorbjörg Gunnarsdóttir, Árnína Guðjónsdóttir og Ásthildur Gísladóttir.

# Karlarnir að missa tökin

Ýmislegt bendir nú til að konur séu að taka öll ráð í sínar hendur í hestamennskunni. Framkvæmdastjóri Landsmótsins er kona, Jóna Fanney Friðriksdóttir. Meirihluti aðstoðarmanna hennar er konur.

Dómarar í töltkeppni Landsmóts eru allir kvenkyns; þær Hulda G. Geirsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Elsa Magnúsdóttir, Elisabeth Jansen og Eva Petersen. En þetta er ekki það „versta“. Stjórn hinna ýmsu félaga í hestamennskunni færist líka í ríkari mæli á kvenna hendur. Til dæmis eru eingöngu konur í aðalstjórn Félags tamningamanna. Sömu sögu er að segja af stjórn hestamannafélagsins Hornfirðings. Þar verma konur stjórnarsætin. Hvað þessu veldur hafa LH Hestar enga hugmynd um. Það er hins vegar vissara fyrir karlana að gá að sér áður en þeir missa alveg tökin.

**HRINGGERÐI**
í ýmsum stærðum. Fljótleg og auðveld í uppsetningu.

**HLIÐGRINDUR**
stækkanlegar allt að 1 metra.




Bugðutanga 3 - Mosfellsbæ - Sími 894 5111 - www.brimco.is

# Rangárhöllin komin í gagnið á LM2008

Rangárhöllin, reiðhöllin á Gaddstaðaflötum, var formlega afhent hestamönnum í Rangárþingi þann 27. júní síðastliðinn. Höllin er glæsileg bygging sem mun setja mikinn svip á LM2008.

Rangárhöllin er reiðhöll í fullri stærð með glæsilegu anddyri og stórum veitingasal. Áhorfendastúkur eru steyptar. Höllin mun nýtast vel á LM2008. Þar hefur Hestatorgið aðstöðu og munu reiðkennarar halda kennslusýningar á svæðinu, sem eru hluti af dagskrá torgsins. Í höllinni verður veitingasala og Netkaffi þar sem gestir geta komist í samband við Veraldarvefinn. Einnig er í höllinni hluti af sölu- og markaðssvæði Landsmóts.



Rangárhöllin var formlega afhent hinn 27. júní. Nöfn á þeim sem eru á myndinni talið frá hægri: Arnar Bjarni Eiríksson, framkvæmdastjóri Landsstólpa, afhendir Kristni Guðnasyni, stjórnarformanni Rangárhallarinnar ehf., lyklana að höllinni. Á myndinni eru einnig Guðmundur Einarsson, Ómar Diðriksson og Þröstur Sigurðsson. MYND/JENS EINARSSON

www.toyota.is




## Hilux Adventure

Nú færðu Hilux Adventure með veglegum aukahlutapakka. Hilux Adventure kemur með 33" breytingu, losanlegu prófíl dráttarbeisli og filmum í rúðum.

Jafnt sem fjallkóngur, vinnuþjarkur og borgarbarn hefur Hilux sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður.

Láttu reyna á'ann.

TODAY TOMORROW TOYOTA

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

* Í blönduðum akstri. Viðmiðunartölur framleiðanda miðað við óbreyttan Hilux DC.



Tvær vinkonur á bjartri sumarnótt. MYND/JENS EINARSSON



Landsmót hestamanna eru öðrum þræði fjölskylduskemmtun.

# Landsmót – næsti bær við himnaríki

● Ég stíg út úr tjaldinu og út í nóttina – á vit ævintýranna. Kannski hitti ég gamla vini? Kannski nýja? Kannski ástina?

Það er hánótt, en samt er næstum því eins bjart og dagur væri. Sólin neitar að setjast. Hún felur sig kannski augnablik á bak við fjall eða hæð, en svo kemur hún aftur og sveipar nóttina dulúðlegri birtu. Ég fæ á tilfinninguna að ævintýri sé á næsta leiti. Þetta var stórkostlegur dagur. Mér finnst ég hafa séð öll bestu hross heimsins. Íslenski hesturinn er auðvitað sá langfallegasti. Á morgun ætla ég að kaupa mér folald, hryssu. Ég er alveg handviss um að gæfan mun ganga í lið með okkur. Hún mun verða ein af þeim bestu og gefa mér marga frábæra gæðinga.

Ég stíg út úr tjaldinu og út í nóttina – á vit ævintýranna. Kannski hitti ég gamla vini? Kannski nýja? Kannski ástina? Tónlistin frá stóra hvíta tjaldinu berst út í bjarta sumarnóttina. Fólk situr fyrir utan tjöld og hjólhýsi í daufu ljósinu frá prímusnum, spjallar, syngur! Næstum allir kunna að syngja. Hross drúpa höfði í litlum hólfum rétt hjá, sátt og örugg. Hvar er ég eiginlega? Þetta hlýtur að vera himnaríki!



Gæðingurinn Rökkvi frá Hárlaugsstöðum, knapi Þorvaldur Árni Þorvaldsson. MYND/JENS EINARSSON



Geisli frá Sælukoti, knapi Steingrímur Sigurðsson. MYND/EIRÍKUR JÓNSSON

### EITT ÞÚSUND HROSS

Á Landsmóti leiða menn saman hesta sína. Um eitt þúsund hross taka þátt í sýningum og keppni á LM2008: Gæðinga-, barna-, unglinga- og ungmennakeppni, töltkeppni, skeiðkappreiðum, kynbótasýningum og ræktunarbússýningum. Getur þú ímyndað þér það? Eitt þúsund þrautþjálfaðir íslenskir gæðingar á einum stað!

Mótið tekur heila viku. Byrjar á mánudegi með forkeppni í hinum ýmsu greinum og lýkur á sunnudegi með úrslitum og verðlaunaafhendingum. Þeir sem eru á kafi í hrossarækt fá allt fyrir peninginn. Kynbótasýningar eru alla mótsdagana. Fyrst einstaklingsdómar, síðan yfirlitssýningar og svo verðlaunaafhendingar.

Ræktunarbússýningar eru sérstakur kapítuli á Landsmótum og vekja ævinlega mikla lukku. Þær eru einskonar sambland af gæðinga- og kynbótasýningum. Þar koma fram mörg af bestu hrossum mótsins frá tíu til fimmtán bestu ræktunarbúum landsins. Það er ævinlega mikil stemning, dúndrandi tónlist og lifandi samband milli sýnenda og áhorfenda.

### LANDSMÓT ER GÆÐASTIMPILL

Allir sem eru í hestamennsku og vilja ná árangri í reiðmennsku eða ræktun vilja komast með hross á Landsmót. Í því felst ákveðinn gæðastimpill. Takmarki er náð. Þeir sem ekki komast inn upplifa jafnvel dálitla höfnun – eða alveg þangað til þeir eru komnir í brekkuna! Þá gleymist öll sorg og sút. Landsmótin eru mælikvarði á árangur. Ertu í hópi þeirra bestu?

Í sögu Landsmótanna hafa nokkrir skarað fram úr og dregið vagninn. Annað hvort sem ræktendur eða knapar – eða hvort tveggja! Má þar nefna Svein Guðmundsson á Sauðárkróki, Jóhann Þorsteinsson

LÍTTU VIÐ
ÞAÐ GÆTI BORGAÐ SIG,
VIÐ ERUM Í ALFARA LEIÐ



Knapinn



Knapinn • Borgarbraut 58 • 310 Borgarnes • Sími 4370001 • Netfang: knapinn.is • www.knapinn.is



MYND/EIRÍKUR JÓNSSON

á Miðsitju, Sigurbjörn Bárðarson á Oddhóli og Gunnar Arnarson á Auðsholtshjáleigu. Konur hafa einnig látið að sér kveða og má þar nefna Ólöfu Guðbrandsdóttur í Nýjabæ, Freyju Hilmarsdóttur í Votmúla og Olil Amble. Allar hafa þær náð framúrskarandi árangri sem reiðmenn og hrossaræktendur. Allt þetta fólk er ennþá á fullu. Og það er einmitt það skemmtilegasta við hestamennsku á íslenskum hestum. Þú getur verið að alla ævi. Ef þú hættir af einhverjum ástæðum að fara á bak í ellinni þá taka börnin við að ríða út og þú snýrð þér að ræktuninni.

**ÍÞRÓTT – MENNING – LÍFSSTÍLL**

En þótt hestarnir séu þungamiðja Landsmótanna eru þau í raun svo miklu meira: Menningarviðburður, kaupstefna, og síðast en ekki síst – fjölskylduskemmtun!

Á LM2008 verður lögð enn meiri áhersla á fjölskyldu- og menningarþáttinn en áður. Við erum alltaf að gera okkur betur grein fyrir hve hestamennskan er dýrmætt fjölskyldusport. Þar er ekkert kynslóðabil. Einnig hve íslenski hesturinn er stór partur af menningu okkar og sögu. Þess vegna verður lögð sérstök áhersla á að börn, og fjölskyldan í heild sinni, geti notið sín á mótinu. Einnig verður lögð áhersla á að fólk geti kynnt sér sögu hests og þjóðar. Landsmótið 2008 mun því endurspegla kjörorð Landssambands hestamannafélaga: Íþrótt – menning – lífsstíll.


# Það er ódýrara en þú heldur að tryggja hestinn hjá VÍS

Líftrygging kostar aðeins frá

**287 kr. á mánuði**

Takmörkuð líftrygging 400.000 kr. Dæmi um iðgjald miðast við gjaldskrá VÍS í apríl 2008, 20% landsmótsafslátt og fjölskyldutryggingu í gildi.
Allar tryggingar eru gefnar út til eins árs í senn.
ATH! Landsmótsafslátturinn gildir í eitt ár.



Fáðu **20% afslátt** á Landsmótinu

Fíton/SÍA

Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Sími 560 5000 vis.is

VÍS Agria Dýravernd







## KLERKUR FRÁ BJARNANESI

verður til afnota í girðingu á Suðurlandi frá miðjum júlí. Panta folatoll og upplýsingar í símum 822 5062 og 893 1526 eða senda tölvupóst á btor@simnet.is eða olgeirola@simnet.is

Innan skamms mun ræktunarbúið Bjarnanesi 1 opna heimasíðu www.bjarnanes.is





Sverrir Þór Sverrisson, Sveppi, lætur sjá sig. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Barnadagskrá

Gaman verður í Húsasmiðjugarðinum á Landsmóti hestamanna. Hér er brot af því sem við ætlum að gera með þér:

- Komdu í ratleiki með okkur!
- Hefur þú séð víkinga skylmast?
- Það er líka gaman að dunda bara inní tjaldi
- Stelpum og strákum finnst gaman í fótbolta í sveitinni.
- Lista- og leiksmiðjur... og flottur smíðavöllur.
- Viltu fara á hestbak? Eða ertu kannski lestrarhestur?
- Rólur, sandkassar, rennibrautir og trampólín og fleira.
- Svo er gaman að leika sér í heyböggum ...eða bara að blása á fífur. Hvað ætli séu mörg fífufræ á einum stöngli?
- Húsdýr verða í garðinum og svo koma mjög skemmtilegir gestir í heimsókn.
- Halla og Gulli syngja lög úr vinsæla söngleiknum Abbababb!
- Búri og Bína syngja skemmtileg lög með ykkur – lög sem allir kunna!

**SÖNGVAKEPPNI LANDSMÓTS**

Ertu góður söngvari? Jónsi og Einar Örn úr hljómsveitinni Í svörtum fötum stýra söngvakeppni á laugardeginum. Sigurvegarinn fær að troða upp á kvöldvökunni á Landsmóti... fyrir framan fleiri þúsund áhorfendur. Slærð þú í gegn?



Jón Jósep Snæbjörnsson mætir í Húsasmiðjugarðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**MUNIÐ ÞIÐ EFTIR ÞVÍ HVAÐ SKÓLAHREYSTIN VAR SKEMMTILEG Í VETUR?**

Nú er það Landsmótshreysti með Jónsa! Allur tækjakostur verður settur upp í Húsasmiðjugarðinum og við gerum armbeygjur, þolfimiæfingar, hoppum og skoppum, hlaupum og lyftum! Sveppi mætir í stuði og segist ætla að vinna! En við erum nokkuð viss um að allir sem taka þátt verði sigurvegarar í Landsmótshreystinni 2008!

Það verður svo margt um að vera í Húsasmiðjugarðinum að við komum því ekki fyrir á þessum síðum en þegar þú mætir á Landsmót færðu ítarlega dagskrá og færð að vita nákvæmlega hvenær þetta allt verður í boði!

# Þetta er alltaf jafn gaman

**Erling Sigurðsson er elsti keppandinn á LM2008. Hann er 66 ára og hefur verið þátttakandi í öllum Landsmótum hestamanna frá því á Skógarhólum 1958. Hann segir að aldur sé afstæður.**



Erling Sigurðsson, elsti keppandinn á LM2008. MYND/JENS EINARSSON

Erling man vel eftir LM1958 á Skógarhólum. Hann var þá knapi á tveimur stökkhestum og komst í verðlaunasæti á öðrum þeirra.

„Ég var með Þröst Ólafs Þórarinssonar og Feng Birnu Nordal í 300 metra stökkinu. Fengur varð í öðru sæti. Ég var 16 ára og svo léttur að það þurfti að þyngja mig með blýhlunkum úr kafarabelti. Lágmarksþyngd knapa var 65 kíló með hnakk og beisli og ég þurfti sex hlunka, sem vógu eitt kíló hver. En það er nú liðin tíð,“ segir Elli og lítur til hliðar með glotti – „Þetta með þyngdarleysið á ég við!“

**STEIKJANDI HITI**

„Það var óskaplega gott veður alla mótsdagana. Hitinn fór upp undir 30 gráður á daginn. Það var allt orðið skraufa þurrt. Á kvöldin og nóttunni lá dalalæða yfir jörðinni. Það var mikil tjaldborg, öll tjöldin á afmörkuðu svæði. Það var óskaplega skemmtileg stemning. Mér er minnisstætt hve klæðnaður keppenda var misjafn. Foreldrar mínir voru leiðandi í klæðaburði hvað reiðfatnað snerti. Mamma var öll kvöld að pússa stígvél og passa að allt væri hreint og snyrtilegt. Svo voru aðrir sem létu sér bara nægja Nokia-stígvél, gallabuxur og uppábrot.

Höskuldur Eyjólfsson á Hofsstöðum reið með okkur á Þingvöll. Hann var mikill vinur foreldra minna. Hann var einn fremsti reiðmaður landsins á þeim tíma. Þetta var mikil upplifun fyrir mig, 16 ára unglinginn.“

**KAFALDSBYLUR Á LM1970**

„Landsmótið á Skógarhólum 1970 er náttúrlega það mót sem situr fastast í minningunni. Þá fórst Bjarni Benediktsson eins og flestir muna. Sömu nótt skall á aftakaveður; kafaldsbylur í miðjum júlí. Hugsaðu þér! Það var ökkladjúpur snjór í hestagirðingunni. Tveir hestar króknuðu og drápust. Þetta var ömurlegt. Það bjargaði okkar hestum að við tókum með okkur strigaábreiður sem pabbi átti. Ég man hve ég var hissa þegar hann sagði mér að kippa þeim með. Það var ekki venjan um hásumar.

Það eru nokkur hross sem standa upp úr í minningunni frá Landsmótum. Hrímnir frá Hrafnagili og Náttfari frá Ytra-Dalsgerði voru afbrigði hvor á sinn hátt. Ólíkir snillingar. Hlynur frá Bringu og Kristall frá Kolkuósi brutu líka blað. Sérstaklega var það reiðmennska Eyjólfs Ísólfssonar á Hlyn sem markaði ákveðin þáttaskil. Dimma frá Gunnarsholti situr líka í mér. Vel tamin og fallega sýnd af Rúnu Einarsdóttur.“

**ALDUR ER SPURNING UM AFSTÖÐU**

Erling hefur varið ófáum stundum í að þjálfa og undirbúa keppnishesta. Hann er mjög nákvæmur og telur ekki eftir sér handtökin. Skeiðið hefur alltaf verið í uppáhaldi. Af þekktum gæðingum og skeiðhestum sem hann hefur verið með um dagana má nefna Frama frá Kirkjubæ, Þrótt frá Tunguhálsi, Vana frá Stóru-Laugum og Vafa frá Hofstöðum. En er áhuginn ekki farinn að dvína með aldrinum?

„Nei. Þetta er alltaf jafn gaman og mér finnst ég ekkert farinn að eldast,“ segir Erling. „Aldur er bara spurning um afstöðu. Mér er svo minnisstætt þegar ég var einu sinni að aðstoða gamlan Fáksmann, Ingólf Kristjánsson, þá 93 ára. Hann var mjög þakklátur og sagði: „Þakka þér kærlega fyrir Elli minn. Þetta á nefnilega eftir að nýtast mér svo vel í framtíðinni.“ Og þannig líður mér. Mér finnst ég bara rétt að byrja,“ segir hinn hressi og síungi Erling Sigurðsson.

# Fjórtán ára flytur kvæði



Steinunn ásamt Arinbirni föður sínum. MYND/JENS EINARSSON

Kveðskapur hefur ætíð verið hluti af íslenskri menningu. Til forna mærðu hirðskáld konunga og jarla í kvæðum og drápum. Hetjukvæði voru dægrastytting. Enn í dag reyna skáld og hagyrðingar að fanga stemningu líðandi stundar í bundið mál. Á LM2008 mun fjórtán ára stúlka flytja Landsmótsgestum kvæði sem faðir hennar orti í tilefni mótsins. Hún heitir Steinunn Arinbjarnardóttir og er í hestamannafélaginu Fáki. Hún keppir fyrir Fák á Landsmótinu á hestinum sínum Ás frá Káragerði.

Steinunn er nemandi við Réttarholtsskóla í Reykjavík. Hún stundar einnig nám í fiðluleik við Suzukitónlistarskólann Allegro. Faðir hennar, Arinbjörn Vilhjálmsson, er arkitekt og starfar sem skipulagsstjóri Garðabæjar. Hrossið á myndinni heitir Dagný frá Hlemmiskeiði 3, Kolfinnsdóttir frá Kjarnholtum.

**LANDSMÓT HESTAMANNA 2008**

*Nú komin er á keppnisvöll*
*um kvöld á úrvalshestum*
*sú hofmannlega hersing öll*
*er heilsar landsmótsgestum*
*og óskar þess að eigi þjóð*
*hér unaðslega daga,*
*að ríki fjör og gleði góð*
*svo gangi allt án baga.*

*Nú látum rætast lífsins draum*
*sem leiddi skáldið forðum,*
*að finna í æðum fjörsins straum*
*sem fæst vart lýst með orðum;*
*sem kóngar saman koma um stund*
*án kórónu en glaðir,*
*á sumarbjörtum sælufund*
*við saman þéttum raðir.*

*Og hlátrasköll og hófadyn*
*mun hátíð þessi bjóða.*
*Við hyllum íslenskt hestakyn,*
*já! hestinn okkar góða.*
*Nú lífsfákinn skal leggja á skeið*
*svo líki mönnum öllum,*
*og glöð svo höldum heim á leið*
*frá Hellu á Rangárvöllum!*

**Arinbjörn Vilhjálmsson**


**TENNANT S12**

Tekur grasið, hárið, taðið og umfram allt rykið án þess að þeyta því upp í loftið.
Þar sem tækið er rafmagnsknúið þá heyrist ekkert í því þegar það er í gangi.
Hestarnir sýndu tækinu áhuga en þeim brá ekkert þegar hliðarburstinn sópaði undan og frá hurðinni á þeirra stalli.




PON Pétur O. Nikulásson ehf
Melabraut 23. 220 HAFNARFJÖRÐUR
www.pon.is • Sími: 552 0110



# GÆÐINGUR

| |
|---|
| Gerð: Unndís |
| Litir: Beinhvítur og svartur |
| Efni: Pontetorto - No Wind Teflon |
| Verð: 18.990 kr. |

WWW.CINTAMANI.IS

CINTAMANI

SPJARAÐU ÞIG

# Gróskumikil ræktun í Dallandi

**Hestamiðstöðin Dalur er gamalgróið nafn í hestamennskunni. Hún var stofnuð 1978. Þar hafa starfað margir af bestu tamningamönnum okkar. Aðaltamningamaður og bústjóri í dag er Halldór Guðjónsson frá Kirkjubæ.**



Dalland er fagurt býli eins og sjá má á þessari mynd. MYND/ANNA MARÍA SIGURJÓNSDÓTTIR

### HROSSARÆKT OG SKÓGRÆKT

Dalur er hluti af hrossaræktarbúinu Dallandi, sem er í eigu Gunnars B. Dungal, sem átti og rak bóka- og ritfangaverslanir Pennans – Eymundssonar í áratugi, og Þórdísar Öldu Sigurðardóttur, myndlistarmanns. Búið er ekki byggt af neinum vanefnum. Þau hjónin lagt mikinn metnað í það og hrossaræktin hefur borið árangur. Hross frá Dallandi eru oftar en ekki í fremstu röð. Frægasti gæðingur frá búinu er án efa Ormur frá Dallandi, sem varð efstur alhliða gæðinga á LM2000. Einnig er þekktur Nátthrafn frá Dallandi sem kemur inn á LM2008 með þriðju hæstu einkunn ársins í tölti.

En Gunnar og Þórdís hafa ekki síður lagt metnað í að rækta garðinn sinn – og það í eiginlegri merkingu! Dalland er tvímælalaust eitt fegursta býli landsins. Það er í litlu dalverpi í Mosfellsbæ. Þar er mikill og fagur trjágróður sem þau hjónin hafa ræktað. Trén sem þau hafa plantað um dagana skipta tugum þúsunda. Mitt í þessum sælureit er lítil tjörn og á bakka hennar stendur íbúðarhús þeirra hjóna. Hestamiðstöðin er aðeins spölkorn þar frá. Þar er aðstaðan með því besta sem gerist í dag: Rúmgóð hesthús, reiðhöll, hringgerði og útigerði.

### ÞJÓÐHÖFÐINGJAR Í DALLANDI

Háttsettir embættismenn og þjóðhöfðingjar hafa ófáir heimsótt þetta fallega hrossabú. Má þar nefna Jóhann Karl Spánarkonung, Johannes Rau, forseta Þýskalands, Oscar Luigi Scalfaro Ítalíuforseta og Elísabetu Englandsdrottningu. Og nú síðast Friðrik krónprins í Danaveldi og hin ástralska kona hans, Mary krónprinsessa. Þar er engum í kot vísað. Dalland er fallegt anddyri hestamennsku á Íslandi.



Ormur frá Dallandi tekinn til kostanna. Knapi Þórdís Alda Sigurðardóttir. MYND/ANNA FJÓLA GÍSLADÓTTIR

### AÐ SKAPA OG RÆKTA

Sama er hvar borið er niður. Þörfin fyrir að skapa og rækta blasir allstaðar við. Sama hvort það er heimilið, vinnustofa Þórdísar, útihúsin, túnin eða úthagarnir. Þegar Gunnar og Þórdís fluttu að Dallandi árið 1975 var þar ekki hríslu að sjá. Það var óralangt til Reykjavíkur og oft bras að komast í vinnuna. Gamli Saabinn sat oft fastur. Nú er öldin önnur. Erfiðið hefur borið ávöxt. Með elju og dugnaði hafa þau látið draum sinn rætast: Að eiga sælureit í sveitinni!



Fallegt sumarkvöld við tjörnina. Þetta fallega smáhýsi var á sínum tíma turn á trésmiðju Völundar í Reykjavík. MYND/JENS EINARSSON



Gunnar og Þórdís fyrir framan heimili sitt á Dallandi. MYND/JENS EINARSSON






# Verslanir FB

*– fleira en þig grunar*

**Sáðvörur, áburður og rekstrarvörur fyrir landbúnað**

TOP REITER

*Top Reiter hestavörurnar fást nú í öllum verslunum Fóðurblöndunnar*

*FB verslun - Reykjavík - sími 570 9800*
*FB verslun - Selfossi - sími 482-3767*
*FB verslun - Hvolsvelli - sími 487-8413*
*FB verslun - Egilstöðum - sími 570 9860*
*www.fodur.is - www.aburdur.is*








Áburðarverksmiðjan

FB FÓÐURBLANDAN – gæði í hverri gjöf

Fóðurblandan - Korngörðum 12 - 104 Reykjavík - Sími: 570 9800 - Fax: 570 9801 - netfang: fodur@fodur.is - www.fodur.is





**Gæðaplast sem endist**

# Býr þinn hestur vel...?

**Nótuð og afar sterk plastborð í innréttingar og klæðningar.**

GOVAplast QUALITY RECYCLING

## Gæðaplast sem endist

Govaplast borðin eru góð lausn í innréttingum hesthúsa. Borðin eru hátækniþróuð, örugg og mjög sterk, en um leið afar auðveld í meðhöndlun og auðveld í uppsetningu. Govaplast borðin hafa sannað sig rækilega við íslenskar aðstæður í þau átta ár sem þau hafa verið hér á markaði.





Stærðir:
Lengd og þykkt
118 cm x 32 mm

Sérpöntum aðrar lengdir eftir óskum. Einnig fáanlegt í 28 mm þykkt

- Gæðaplast
- Frábær ending
- Brotnar ekki
- Ekkert viðhald
- Einangrandi
- Fallegt útlit
- Auðvelt að þrífa
- Umhverfisvænt

**GOVAPLAST ER GÆÐAPLAST VARIST EFTIRLÍKINGAR!**

stofnað 1968
**Ragnar Valsson Bílaklæðningar**
**S. 554 0040**
**Bílaklæðningar ehf.** - Kársnesbraut 100 - 200 Kóp.
S. 554 0040 - 892 1315 - Netfang: bkl@bkl.is



Hin geysivinsæla hljómsveit Merzedes Club mun skemmta á Landsmóti hestamanna.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON

# Landsliðið í skemmtanabransanum

Óhætt er að segja að landsliðið í skemmtanabransanum verði á LM2008. Fyrstan skal telja Helga Björnsson, söngvara, leikara og hestamann með meiru. Hann mun meðal annars flytja lög af nýrri plötu sinni, þar sem hann tekur fyrir gamlar íslenskar hestavísur. Örn Árnason og Óskar Pétursson láta sig ekki vanta og poppstjarna Suðurlands, Labbi í Mánum, mun sjá um danstónlistina á föstudagskvöldið.

Þeir Jón Jósep Snæbjörnsson og Einar Örn munu síðan krýna sigurvegarann í söngvakeppni barnanna á laugardagskvöldið. Hin landsþekkta hljómsveit Merzedes Club opnar síðan dagskrána á útisviðinu. Hundur í óskilum tekur lagið og Jónsi sér um brekkusöng. Það verða svo engir aðrir en Hjálmar sem sjá um dansmúsíkina. Dagskrá í heild sinni má nálgast á www.landsmot.is.



Félagar í víkingafélaginu Rimmugýgi.
MYND/HELGI INGASON

# Víkingar berjast á Rangárbökkum

Víkingaarfleifðin er hluti af sögu og menningu okkar Íslendinga. Í dag eru víkingar, gráir fyrir járnum, aufúsugestir á samkomum af ýmsu tagi. Þeir verða á LM2008.

Víkingafélagið Rimmugýgur í Hafnarfirði er elsta víkingafélagið á Íslandi. Heitir það eftir öxi Skarphéðins Njálssonar, Rimmugýgi. Félagar eru á ýmsum aldri og af báðum kynjum. Þeir hafa um árabil sett upp sýningar og skemmtiatriði þar sem orrustur víkinga eru fyrirmyndin. Bardagalistin er þó ekki það eina sem þeir bjóða upp á til skemmtunar. Menning víkinganna er einnig höfð í hávegum, svo og handverk frá víkingatímanum. Á LM2008 munu víkingar bjóða upp á bæði bardaga- og handverkssýningar. Frændur félaga í Rimmugýgi, þeir úr víkingafélaginu Hringhorna á Akranesi, munu koma í heimsókn, en þeir sérhæfa sig í leikjum víkinga. Það mun því verða vopnaglamur á Njáluslóð á LM2008.








„Og stigháir fákar, framhjá mér þutu, án myndar og hljóðs."

# Unglamb á áttræðisaldri

Birgir Sigurjónsson, fyrrverandi formaður Sörla, er á áttræðisaldri. Hann rekur ennþá sitt eigið fyrirtæki, er með ólæknandi fornbíladellu og fer í hestaferð á hverju sumri.

„Sörlafélagar fara í eina skipulagða hestaferð á vegum félagsins á hverju ári, í framhaldi af sleppitúrnum," segir Birgir. „Ég læt mig aldrei vanta. Þetta er ódýr ferð, innan við þrjátíu þúsund krónur á mann með tvo hesta. Og svo er félagsskapurinn svo góður. Í þetta skiptið höfðum við bækistöð á Rjúpnavöllum, sem eru við rætur Heklu. Það er mjög þægilegt að gista alltaf á sama stað við góðar aðstæður. Við vorum í sex daga. Riðum á hverjum degi á fallega staði í grenndinni undir styrkri leiðsögn Kristins Guðnasonar í Árbæjarhjáleigu. Það voru um fimmtíu manns í ferðinni og hundrað og sextíu hross."

Já, það er sannarlega nóg um að vera hjá Birgi. Þegar LH Hestar ræddu við hann var hann á leiðinni á landsmót Fornbílaklúbbsins, sem haldið var á Selfossi síðastliðna helgi. Sjálfur á Birgir þrjá fornbíla á skrá. En það er bara til að hita sig upp. Síðan tekur við Landsmót hestamanna á Gaddstaðaflötum. Það er eins og Erling Sigurðsson segir: Aldur er afstæður! Við látum hér fylgja með nokkrar myndir úr ferðinni.



Birgir ásamt dóttur sinni Ragnhildi þegar Sörlahópurinn var undir Heklurótum í steikjandi hita og mýryki.
MYND/JENS EINARSSON



Birgir er hvergi banginn þótt freyði um bógana.
MYND/JENS EINARSSON





ICELANDAIR HORSE FESTIVAL
LANDSMÓT
HELLA 2008
30. JUNE - 6. JULY

*Við verðum með kynningu á bás **D-12***
*í reiðhöllinni á Landsmótinu á Hellu*

# Hestamenn byggja í Tjarnabyggð

- *Á annað hundrað lóðir seldar í Tjarnabyggð*
- *35 hús í byggingu og margar fjölskyldur fluttar inn*
- *Kaupendur eru ánægðir og hafa hannað búgarða eftir eigin höfði*
- *Ljósleiðarinn hefur slegið í gegn*
- *Vegir, hitaveita og aðrar lagnir komnar að 220 lóðum*
- *Tveir úr sveitarstjórn Árborgar hafa þegar keypt og annar fluttur inn*
- *Landsþekktir hestamenn hafa keypt í Tjarnabyggð*
- *Tæpir 10 km. af göngu- og reiðstígum þegar komnir*
- *Bjóðum nú lóðalán með 5% föstum vöxtum til 40 ára*

Kynning
allar helgar
frá kl.13-15




Ljósleiðari um alla Tjarnabyggð

Það er Síminn



*Búgarðabyggð í Árborg*

## Tjarnabyggð

**Viðtöl við kaupendur á heimasíðunni**

**www.tjarnabyggd.is**

*Nánari upplýsingar:*
*Fasteignasalan Garður í síma 5621200*
*Landeigandi í síma 8980343*

fasteignasalan
GARÐUR

*Fasteignasalan Garður: sími 5621200*
*Sigrún Sigurpálsdóttir löggiltur fasteignasali*

*Nýtt samfélag í fallegri sveit*

# RANGÁRÞING YTRA

## GADDSTAÐAFLATIR Á HELLU



Hella á Rangárvöllum er miðstöð sveitarfélagsins Rangárþings ytra.

Hella er í um 90 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu

Gaddstaðaflatir á Hellu bjóða upp á eina glæsilegustu aðstöðu landsins til ástundunar hestamennsku hvort heldur er til atvinnu, íþrótta eða sem áhugamál.

Skammt er til margra helstu náttúrperla landsins

Fjölbreyttir útivistarmöguleikar eru í héraði.
Öflugt félagslíf er í Rangárvallasýslu

### GADDSTAÐAFLATIR

Hestamannafélögin á Suðurlandi hafa byggt upp aðstöðu á Gaddstaðaflötum með það að markmiði að halda landsmót hestamanna. Þar er nú einhver glæsilegasta aðstaða landsins til mótshalds. Aðstaðan mun einnig nýtast til almennrar hestamennsku hvort heldur sem er til atvinnu eða áhugamál fyrir alla íbúa svæðisins:

- Keppnisvellir eru tveir
- Reiðhöll hefur verið byggð, nefnd Rangárhöllin, og verður vígð nú á Landsmóti 2008.
- Skv. nýju deiliskipulagi er gert ráð fyrir lóðum fyrir tæplega 50 hesthús fyrir allt að 1500 hesta austan við aðalmótssvæðið.
- Þar verður öll aðstaða hin besta, rúmar lóðir og gott aðgengi bæði fyrir tæki og hesta.
- Reiðleiðir um sýsluna eru fjölbreyttar og auðvelt að velja leiðr við hæfi. Reiðleiðakort af Rangárvallasýslu er í vinnslu.
- Fjölmargar reiðleiðir liggja inn á hálendið.

Fjölmargir hestabúgarðar og ræktunarbú eru í héraði. Hestamannafélagið Geysir er eitt öflugasta hestamannafélag landsins og starfssvæðið er öll Rangárvallasýla. Þá eru fjölmörg ræktunarbú og búgarðar í sýslunni. Því er góður grunnur að öflugu félagslíf í tengslum við hestamennsku í héraði.



### HELLA

Hella er þéttbýli í vexti og er miðstöð Rangárþings ytra. Alls búa í sveitarfélaginu um 1500 manns, þar af um 800 á Hellu. Frá Hellu er um 90 km til Reykjavíkur, tæplega 40 km eru á Selfoss og tæpir 10 km til Hvolsvallar. Á Hellu er öll grunnþjónusta fyrir hendi.

- Heilsugæsla er rekin af Heilbrigðisstofnun Suðurlands.
- Lundur er hjúkrunar– og dvalarheimili og er rekið af sveitarfélaginu ásamt Ásahreppi.
- Grunnskóli er á Hellu og á Laugalandi í Holtum, leikskólar eru á Hellu, Þykkvabæ og Laugalandi og tónlistarskóli er rekinn af sveitarfélögum í Rangárvallasýslu og er starfsemin samræmd kennslu í grunnskólum.
- Verslun - bæði dagvöruverslun og sérvöruverslanir.
- Á Hellu er íþróttahús og nýendurgerð sundlaug, frjálsíþróttavöllur og knattspyrnuvöllur, ásamt sparkvelli. Auk þess er íþróttahús og sparkvöllur í Þykkvabæ og á Laugalandi þar sem einnig er sundlaug.
- 18 holu golfvöllur er að Strönd, um 5 km austan Hellu
- Góðir stangveiðimöguleikar eru í Ránganum og Þverá auk þess sem Veiðivatnasvæðið er vinsælt veiðisvæði.
- Fjölbreyttir útivistamöguleikar, margar helstu náttúruperlur á hálendinu eru innan sveitarfélagsins s.s. Veiðivötn, Landmannlaugar, Hekla.
- Félagsstarfsemi er öflug í héraði, má þar nefna íþróttafélög, fjölmarga kóra, sönghópa og leikfélag.
- Atvinnuástand er gott og öflug fyrirtæki eru á Hellu og nágrenni. Má þar nefna Sláturfélag Suðurlands, Reykjagarð, Landgræðslu ríkisins, Glerverkssmiðjuna Samverk, auk skóla, heilsugæslu og annarra þjónustustofnana.
- Hafin er uppbygging nýs íbúðarsvæðis á Öldum III, í austurjaðri byggðar á Hellu. Einnig er unnið að skipulagi á nýju íbúðarsvæði á vesturbakka Rangár og þar mun rísa hverfi með stórbrotnu útsýni til austurs.
- Áætlað er að öll hesthús muni flytjast niður á Gaddstaðaflatir þar mun rísa eitt glæsilegasta svæði landsins til iðkunar hestamennsku.





# MARKAÐSTORG HEIMILANNA




# Láttu Fréttablaðið taka til í garðinum fyrir þig

## NÚ KOSTAR BARA 850 KALL AÐ AUGLÝSA GARÐDÓTIÐ ÞITT TIL SÖLU

Dagana 30. júní – 13. júlí bjóðum við auglýsingar í flokknum Garður fyrir aðeins 850 krónur (grunnverð) í Markaðstorgi heimilanna í Fréttablaðinu og á visir.is. Notaðu tækifærið og hringdu í **síma 512 5000**. Þannig geturðu grætt á því að losa þig við hluti sem þú þarft ekki lengur en aðrir gætu notað. Opið alla virka daga frá 08-22 og um helgar frá 10-22.



**Allt sem þú þarft... ...alla daga**

## Til byggingar

### Krossviður til sölu

Birkikrossviður, BB/CP. 9 mm og 12 mm. Takmarkað magn. Besta verðið. Uppl. í s. 895 6594

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m, mótabitar 1.185 kr/m,timbur 1x6 og 2x4 á 155 og 205 kr/m, allt verð með vsk.Kíktu á ulfurinn.is eða s. 840 7273, Halldór.

Vinnuskúr til sölu.Er með nýlegri rafmagnstöflu og wc verð 150þ uppl í s.8691549

## Verslun






ICENATIVE AKUREYRI . Viltu vera töff í sumar . Kíktu á midnight1977.com

## Ýmislegt

Til sölu heyrúllur í Vesturhólasýslu. S. 849 5399.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Léttist um 22 kg á aðeins 6 mánuðum. LR-kúrinn er ótrúlega einfaldur og auðveldur. Uppl. Dóra - 869-2024 www.dietkur.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Heilnudd. Uppl. í s. 849 5247.

Heilnudd Láttu það eftir þér,þú átt það skilið Uppl í síma 8486255 Svara ekki leyninr

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

## Ýmislegt



Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@simnet.is Opið 09-11:30 & 13:15-16:30 alla virka daga.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Enskir bulldoghvolpar með ættbók frá Hrfí til sölu. Tilbúnir til afhendingar 4. júlí. Áhugasamir kynni sér tegundina. Allar nánari uppl. í s. 847 1051 sjá myndir á www.123.is/bullkrot



### Pugg hvolpar til sölu

Til sölu Pugg hvolpar. Afhendir eftir ca. 2 vikur. Örmerktir, heilsufarsskoðaðir. Ættbók færðir hjá hundaræktarfélaginu Rex. Uppl. í s. 821 6362.

## Ýmislegt







# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Baliares eyjan. Costa Brava, Playa De Aro. Valladolid. Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws

## Fyrir veiðimenn

### Silunganet

Heimavík. Sími 892 8655.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði



Nýstandsett 3. herb. reyklaus íbúð. á jarðhæð í rólegu hverfi við rætur Helgafells. 120þ. á mán. Sími 691 7000.

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4530.

RENT iN 111 BREIÐHOLT FOR 2 . ROOM/ FURNITURE. ACESS /KITCHEN/BATHR. 8973611

3 herb. íbúð til leigu strax í Kópavogi. Uppl. í s. 691 6676.

Til leigu glæsileg 3 herb. íbúð í Garðab. með sérinngangi. 145 fm, stæði í bílageymslu. Leiga 200 þ. á mán. Uppl. í s. 554 3080 & 868 5349.

Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

3ja herb íbúð til leigu í grafarholti, aðeins reykl. og reglusamir koma til greina. Verð 140.000 uppl.6609596

Til leigu strax glæsileg íbúð í vönduðu fjölbýli við smára-torg í Kópavogi. Íbúðin er 3ja herbergja, allar innréttingar vandaðar, bæði yfirbyggðar og óyfirbyggðar svalir glæsilegt útsýni, mikið eldra fólk í húsinu. Leigist í 3 mán. í senn. Er í sölu. Leiga 180þ með hússj. og rafm. Sími:616-8880

Til leigu nú þegar góð 2 herb. íbúð í Hólahverfi, algjör reglusemi áskilin. Uppl. í s. 894 5063.

83 fm glæsiíb. m/ húsg. til leigu 15 júl. Við sjávarsíðunum í Grb. 145 þ. m/ hússj., hita & rafm. Bankatr. Reyklaust & reglusamt. S. 693 0221.

Raðhús + bílsk. í Garðabæ. Húsið 100 fm 2 svh., stofa, lítill garður. Bílsk. 30 fm. Getur leigst í sitthvoru lagi. Hús 140 þ. Bílsk. 30 þ. S. 892 4305.

### Miðbær - miðbær!

Til leigu stór og rúmgóð íbúð á frábærum stað í bænum. Aðeins reglus. einst. kemur til greina. S. 863 3328 & 864 5858.

Til leigu 2. herberg. Íbúð 64 fm. Í Lindarsmára Kóp. Leiga 100 þ. á mán. fyrirf. greiðsla. Laus. Svör sendist í Fbl. merkt „2000".

Til leigu. 4. herberg. íbúð við Álfholt í Hfj. 115 fm. Leiga 135 þ. fyrirf. gr. Laus. Svör sendist í Fbl. merkt „1000".

Til Leigu 2-3 herberg. íbúð í Kóp. með sér inngangi. Uppl. í s. 663 8755.

Til leigu 4 herb. íbúð, 125 fm., ásamt 24 fm. bílskúr á svæði 201 Kóp. Laus frá 15 júlí og leigist til eins árs. Uppl. í s. 893 8099.

80fm, 2ja herb. björt og falleg íbúð til leigu á miðhæð í einbýlishúsi í Seljahverfi. Verð 110 þús. á mán. með hita + rafmagni. Laus strax. Einungis reyklaust og skilvíst fólk kemur til greina. Nánari uppl. í s. 770 7022.

## Húsnæði óskast

Laganema Vestur af Fjörðum óskar eftir 2ja herb. íbúð á Ak. Reyklaus og reglusöm, skilvísum gr. heitið. Svar óskast fyrir 4. júlí. S. 822 8509.

Óska eftir taka á leigu 1-2 herb. íbúð á Ak. Reglusemi & skilvísar gr. S. 868 5582 & 867 7021.

## Húsnæði til sölu

### Lóð fyrir einbýli

Lóð í Úlfarsárdal: 369 fm. Má byggja 280 fm hús. Verð 14 milj. Sími 866 3644.

## Sumarbústaðir



### Gestahús til sölu :

Er að byggja stórglæsileg 25 fm gestahús, heilsárshús mjög vönduð og henta vel íslenskum aðstæðum. Hægt er að fá húsin á mismunandi byggingastigum. Tilvalið fyrir þá sem vilja stækka sumarhúsið sitt eða byrja á gestahúsinu. Er með hús til sýnis að Cuxhavengötu 1 Hafnarfirði Upplýsingar í síma 820 0051.



Til sölu eða leigu sumarbústaður með öllu að Syðri Brú í Grímsnesi stutt frá ljósafoss virkjun og sundlaug. Vikuleiga 55 þús. Uppl. í s. 698 1001.

## Atvinnuhúsnæði

Iðnaðar og lagerhúsnæði til leigu. 90, 180, 270, 360 ferm. 4 og 7 m lofthæð. Hagstæð leiga. Uppl. 6601060 8224200

Er 45 ára gamall karlm. reglus. með öruggar tekjur og bráðvantar einstk. íbúð sem fyrst. Helst í Mosfellsbæ eða Gravarvogi. Þarf ekki að vera stór. Greiðslugeta 80-90 þús Uppl. sími 65 90 900

Glæsilegt, bjart, nýuppgert 60 fm. húsnæði í sérbyggingu til leigu. Sérinngangur á götuhæð. Eldhús/kaffistofa og snyrting með sturtu. Hentar hvort heldur sem skrifstofur eða vinnustofa. Möguleiki á að leigja bílastæði í sérporti. Upplýsingar: tungata101@gmail.com eða í s. 552 8100.

70-90 fm húsnæði til leigu í 210 GB, sameiginlegar innkeyrsludyr, hentar ekki bílaþjónustu. Uppl. í s. 844 1011.

## Geymsluhúsnæði




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

### geymslur.com

Geymslur frá 5990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) S. 555 3464

## Gisting

Budget accommodation Rvk/Hfj. for sleeping bag. Dorm 1.500 kr./p.day. Info 770 5451.

Svefnpokapláss í Rvk/Hfj. Uppl. í s. 770 5451.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Leikskólinn 101**

**Leikskólinn 101 sem er lítill einkarekinn 2ja deilda leikskóli óskar eftir að ráða áhugasaman og áreiðanlega leikskólakennara/leiðbeinanda í fullt starf. Ekki yngri en 20 árá. Uppl. gefa Hulda eða Ragna í síma 562 5101.**

Aðstoðarmaður/nemi óskast til starfa sem fyrst hjá Café Konditori Copenhagen. Áhugasamir hafið samband við Arnar í S. 664 7411.

Gráteinn ehf. óskar eftir verkstjóra í garðyrkju og eins manni vönum smærri jarðvinnuverkum. Upplýsingar í síma 8936902.

Smiðir-verkamenn-flekauppsláttur Óskum eftir smiðum og/eða verkamönnum vönum flekauppslætti. Upplýsingar í símum 8565555 eða 6637434

Nýlenduvöruverslun Hemma og Valda leitar að kátum hnátum á dagvaktir. Umsókn sendist á valdi@trailiceland.com

### Okkur vantar

Hörkuduglega menn í hellulagnir. Mikil vinna. Uppl. í s. 896 0096 eða á sprell@sprell.is

Starfsmenn óskast! Íslandslyftur ehf. óskar eftir að ráða áreiðanlega og duglega starfsmenn til starfa í ýmis störf. Við leitum meðal annars að starfsmönnum í þjónustudeild til að sinna þjónustu og viðgerðum. Einnig óskum við eftir að fá 1-2 pólska verkamenn í vinnu við uppsetningar á lyftum. Áhugasamir sendi umsókn á islandslyftur@islandslyftur.is eða hafið samband við Helga í síma 860 7602.

Veitingahús óskar eftir starfsfólki í sal, einnig uppvask. Hlutastörf. Upplýsingar á staðnum. Kína Húsið - Lækjargötu 8 - Sími 551 1014.

### HENDUR.IS

Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

Óska eftir mönnum í smíðavinnu. Looking for carpenters. S. 849 8785.

### Sveit

Unglingur 13-19 ára óskast í sveit. Uppl. í s. 865 8104.

Fljótt og Gott á BSÍ Umferðamiðstöð óskar eftir starfsfólki á dagvaktir við almenn veitingahúsastörf. Upplýsingar og umsóknareyðublöð á staðnum.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**

**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbílstjórar, suðumenn, fiskvinnslufolk o.fl. S.8457158

### HENDUR.IS

Auglýstu frítt eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Khúfú er sárt saknað af litlum systkinum. Hann hvarf af Gunnarsbraut í Norðurmýrinni á miðvikudaginn og er rauðbröndóttur af Abyssinukyni með brúna ól og örmerktur. Hann er vinalegur og forvitinn og gæti hafa fylgt einhverjum heim eða lokast inni. Ef einhver hefur orðið var við hann vinsamlegast hafið samband við Önnu í síma 864 5824 eða Henrik simi 8928732

## Ýmislegt

2 hlutabréf í Sendibílastöð Kópavogs. Stgr. 100 þ. Uppl. Gunnar í s. 695 2589.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)

**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)

**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)

**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)

**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 2000 Opið allan sólarhringinn.**

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 2000 opið allan sólarhringinn.**

Samkynhn. KK ath: Nú eru mjög margar nýjar auglýsingar samkynhn. KK á Rauða Torginu Stefnumót. Símar 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort).

Konur ath: Nú leitar fjöldinn allur af körlum nýrra kynna. Sumir leita að varanlegu sambandi, aðrir að skyndikynnum. Heyrið auglýsingar þeirra og svarið þeim hjá gjaldfrjálsri þjónustu Rauða Torgsins, s. 555-4321.

Ný upptaka, heit og góð: kona sem tvöfaldar ánægju sína... Þú heyrir upptökuna hjá Sögum Rauða Torgsins í síma 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), uppt.nr. 8606. www.raudatorgid.is




vísir.is
"...ég sá það á vísi"

# SÖLUMAÐUR ÓSKAST

## HÚSGAGNADEILD

Óskum eftir að ráða hressan og duglegan starfskraft í húsgagnadeild okkar í Rúmfatalagernum í Skeifunni.
Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sölustarfi.



Áhugasamir hafi samband við verslunarstjóra á staðnum eða í síma 820-8003.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

# MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**

# MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**



Augl. Þórhildar 2200.410

*Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar*
*Mýrarhúsaskóla eldri við Nesveg*

## Okkur vantar fleira gott fólk til að starfa á Seltjarnarnesi

**Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar leitar að hressum og samviskusömum einstaklingum til fjölbreyttra starfa við félagslega heimaþjónustu, liðveislu, persónulega ráðgjöf og tilsjón á Seltjarnarnesi.**

Starfshlutfall og vinnutími eru samkomulagsatriði, svo betur megi samþætta starf og einkalíf. Hæfniskröfur til umsækjenda eru lipurð í mannlegum samskiptum, skipulagshæfileikar og sjálfstæði og frumkvæði í starfi.

Öll þjónusta hjá bæjarfélaginu byggir á þeim grunni að þrátt fyrir veikindi og fötlun geti einstaklingar nýtt sína hæfileika til fullnustu. Með því eiga einstaklingar að geta haldið reisn sinni og virðingu og búið sem lengst á eigin heimilum. Áhersla er lögð á alúðlega framkomu starfsfólks við þá sem njóta þjónustu frá Seltjarnarnesbæ. **Hvernig væri að prófa? - og kynna sér kosti þess að vinna hjá Seltjarnarnesbæ.**

Nánari upplýsingar veita Anna Kristín Guðmannsdóttir deildarstjóri annag@seltjarnarnes.is og Þorsteinn Sveinsson yfirfélagsráðgjafi thorsteinns@seltjarnarnes.is

Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar
Mýrarhúsaskóla eldri við Nesveg
sími 5959100, 5959130

SELTJARNARNESBÆR
Félagsþjónusta

# Draumahús

## Sölumenn fasteigna

**- TÆKIFÆRI!**

Draumahús hafa mikinn fjölda eigna til sölu sem gefa þér mikla tekjumöguleika!

Hagstæðar árangurstengdar greiðslur.

Ekkert borðagjald fyrir þig.

Hafðu samband við Draumahús í síma 530 1800 eða draumahus@draumahus.is og komdu til samstarfs við trausta og ábyrga fasteignasölu.

FASTEIGNASALAN

# MIKLABORG

## Melgerði 36 í Kópavogi



**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL 17-18**

*Fallegt lítið einbýlishús á tveimur hæðum við Melgerði í Kópavogi. Húsið er skráð 113,5 fm og bílskúrinn er skráður 36,9 fm alls er því um að ræða 149,5 fm. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi, tvær stofur, eldhús og baðherbergi. v. 39 millj.*

*Jason Guðmundsson, lögfr., og fasteignasali*
*Miklaborg fasteignasala sími 569 7000*



# GARÐURINN ER BYGGÐA BESTUR

## - þar sem ferskir vindar blása og sólsetrið er fegurst.




### Íbúð í glæsilegu parhúsi skilast fullbúin að utan sem innan.

Höfum til sölu *135 m²* 3. herbergja íbúð í parhúsi í Garði þar af 32,5 m² bílskúr. Húsin skilast fullbúin að utan sem innan. Svona hús gæti kostað 44.000.000 kr. á höfuðborgarsvæðinu en þetta hús kostar *25.900.000 kr.* í Garðinum.

*Hefurðu efni á að sleppa þessu? Komdu út í Garð!*

**25.900.000 kr.**



HEIÐARBRAUT 1 Í GARÐI

Nánari upplýsingar á www.volundarhus.is

080104 Hönnun hf/sign

*Skilalýsing*

- Húsið skilast með láréttri lerki klæðningu og stölluðu stáli á þaki.
- Gólf eru með hita og gólfefnum.
- Parket er á herbergjum, stofu og gangi.
- Allir milliveggir eru tvöfaldir.
- Flísar á forstofu, baðherbergi og þvottahúsi.
- Innréttingar eru í öllum herbergjum, eldhúsi, baði og þvottahúsi.
- Heimilistæki blástursofn, helluborð, háfur og uppþvottavél.
- Bílskúrshurð með rafmagnsopnara.
- Lóð tyrfð og steypt bílastæði með snjóbræðslu.

*Aksturstími frá Garði*

- Höfuðborgarsvæðið 35 mín.
- Bláa lónið 20 mín.
- Flugstöð, háskólasvæði, netþjónabú og Tæknigarðar 10 mín.
- Álver, iðnaðar- og atvinnusvæði í Helguvík 5 mín.

völundarhús.is

*Vel valið fyrir húsið þitt*

VH ehf · Heiðarbraut 3 · 250 Garður · **Sími 864-2400**

## HOLLVINIR GRENSÁSDEILDAR AÐALFUNDUR

Aðalfundur samtakanna Hollvinir Grensásdeildar verður haldinn miðvikudaginn 2. júlí 2008 í safnaðarheimili Grensáskirkju og hefst kl. 20:00.

*Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.*

Meðlimir samtakanna og allir, sem notið hafa Grensásdeildar sem og aðstandendur þeirra og aðrir velunnarar deildarinnar eru hvattir til að koma á fundinn.

**Stjórnin**

HRINGRÁS
ENDURVINNSLA

## Viltu vinna að verndun náttúruauðlinda?

Við leitum að skurðamönnum/suðumönnum fyrir vinnslusvæði félagins

Hæfniskröfur skurðarmanns/suðumanns
- Vanur rafsuðu eða logsuðu
- Þekking á viðgerðum á vélum/tækjum er kostur
- Gott verkvit og skipulagshæfileikar
- Snyrtimennska
- Jákvæðni

Stafslýsing:
- Viðgerðir á vélum og tækjum
- Logskurður á járni

Hringrás er stærsta og öflugasta fyrirtækið á Íslandi í vinnslu á brotajárni og brotamálmi. Með endurnýtingu á brotajárni og brotamálmi stuðlar félagið að betri nýtingu náttúruauðlinda í heiminum. Félagið starfrækir endurvinnslusvæði í Reykjavík, Akureyri, Helguvík og Reyðarfirði. Umsóknir: adalbjorg@hringras.is

**Hringrás hf. • Klettagörðum 9 • 104 Reykjajvík sími 5501900**

HRINGRÁS
ENDURVINNSLA

## Chciałbyś pracować przy ochronie bogactw natury?

Szukamy operatorów ślusarzy/spawaczy do pracy na terenie naszego przedsiębiorstwa.

Wymagania na stanowisku ślusarza/spawacza,
- Doświadczenie w spawaniu elekktrycznym lub gazowym
- Mile widziana znajomość napraw maszyn/urządzeń
- Dobra znajomość zawodu, zorganizowanie
- Rzetelność
- Optymizm

Opis miejsca pracy:
- Naprawy maszyn i urządzeń
- Cięcie żelaza palnikiem gazowym

Hringrás jest największym przedsiębiorstwem na Islandii zajmującym się recyklingiem złomu żelaza i metali kolorowych. Poprzez recykling złomu przedsiębiorstwo wspiera lepsze wykorzystywanie na ziemi bogactw natury. Przedsiębiorstwo prowadzi punkty recyklingu metali w Reykjaviku, Akureyri, Helguviku i Reyðarfirði. Podania o pracę prosimy wysyłać na adres e-mail in Englis adalbjorg@hringras.is

**Hringrás hf. • Klettagörðum 9 • 104 Reykjajvík sími 5501900**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

## TILBOÐ

**Háskólinn í Reykjavík óskar eftir tilboðum í verkið, "Hljóð- og sýningarkerfi, HR/2008"**

Verkið felst í búnaði fyrir hljóð- og sýningarkerfi í byggingar Háskólans við Öskjuhlíð, ásamt uppsetningu, forritun, prófun og öllum frágangi í samræmi við útboðsgögn.

Vinnan skal vinna í áföngum og skal fyrri hluta verksins ljúka 1. júlí 2009 fyrir byggingu 2 og 3.
Byggingu 1,4,5,6 skal ljúka 1.júlí 2010
Stefnt er að því að verklok byggingu 8 verði 31. desember 2010

Útboðsgögn verða seld á skrifstofu VST-Rafteikningar hf. að Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík frá og með þriðjudeginum 1. júlí n.k. á 5.000 kr hvert eintak.
Tilboð verða opnuð á **sama stað mánudaginn 1. sept 2008 kl. 14.00.**

VST-RAFTEIKNING HF

## Sumarbústaður óskast og veitingastaður til sölu

Vandaður nýlegur fjölskyldustaður til sölu eða í skiptum. Hentar vel hjónum/fjölskyldu til rekstrar, en ekki er þörf á menntun í matreiðslu. Upplýsingar í síma: 896-3875 eða bjarni@akkurat.is

## ATVINNUTÆKIFÆRI

Til sölu fyrirtæki í innflutningi, heildsölu og smásölu. Góð álagning. Falleg, hrífandi og auðseljanleg vara. Verð ca. 12 m.
Svar merkt: „Uppgrip"
sendist á netfang: galle@isl.is

## MARKAÐSTORG HEIMILANNA




# Láttu Fréttablaðið taka til í garðinum fyrir þig

**NÚ KOSTAR BARA 850 KALL AÐ AUGLÝSA GARÐDÓTIÐ ÞITT TIL SÖLU**

Dagana 30. júní – 13. júlí bjóðum við auglýsingar í flokknum Garður fyrir aðeins 850 krónur (grunnverð) í Markaðstorgi heimilanna í Fréttablaðinu og á visir.is. Notaðu tækifærið og hringdu í **síma 512 5000**. Þannig geturðu grætt á því að losa þig við hluti sem þú þarft ekki lengur en aðrir gætu notað. Opið alla virka daga frá 08-22 og um helgar frá 10-22.

**Allt sem þú þarft... ...alla daga**



**Auglýsingasími**

# 512 50 50




– Mest lesið



✝

*Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Ástu Bjarnadóttur**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Dvalarheimilis Hraunbúða og Sjúkrahúss Vestmannaeyja.

Bjarni Gunnarsson — Ólína Magný Brynjólfsdóttir
Súsanna Þórhallsdóttir — Rúnar Jósefsson
Sigríður Friðrikka Þórhallsdóttir — Einir Ingólfsson
Ásta Þórhalla Þórhallsdóttir — Sigurður Reed
Ásþór Guðmundsson
ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.



✝

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hilmar Þór Björnsson**
fv. útgerðarmaður,
Árskógum 8, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi, laugardaginn 28. júní. Útför hans verður auglýst síðar.

Magnús Þór Hilmarsson
Björn Ingþór Hilmarsson — Birna Katrín Ragnarsdóttir
Hilmar Þór Hilmarsson — Þórunn Arinbjarnardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



✝

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Valgerður Guðrún Einarsdóttir**

lést miðvikudaginn 18. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

Lúðvík Gizurarson
Dagmar S. Lúðvíksdóttir — Trausti Pétursson
Dóra Lúðvíksdóttir — Einar Gunnarsson
Einar Lúðvíksson — Georgina Anne Christie
og barnabörn.



✝

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Magnúsar Jónssonar**
frá Kambi, Tunguvegi 84.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Barmahlíð fyrir góða umönnun.

Guðlaug Bergþórsdóttir
Bergþóra B. Magnúsdóttir
Jón Hjaltalín Magnússon — Sonja Guðmundsdóttir
Karl Georg Magnússon — Sigrún Sighvatsdóttir
Þórdís Magnúsdóttir — Hlynur Ólafsson
Stefán Magnússon — Kristín Svavarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og sonur,*

**Jón Ólafsson**
frá Kirkjulæk,

sem andaðist á líknardeild Landspítalans aðfaranótt 24. júní verður jarðsunginn frá Breiðabólstaðarkirkju í Fljótshlíð fimmtudaginn 3. júlí kl. 11.00.

Ingibjörg Elfa Sigurðardóttir
Sveinbjörg Jónsdóttir
Signý Rós Jónsdóttir — Samúel Ingi Guðmundsson
Ómar Smári Jónsson
Andri Geir Jónsson — Agnes Helga Steingrímsdóttir
Patrik Þór Leifsson
María Jónsdóttir

**SYDNEY POLLACK LEIKSTJÓRI FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1934**

*„Ég kann ekki að meta myndir sem ég hafði gaman af því að gera. Ef myndin er góð, þá var líka fjári erfitt að gera hana.“*

***Sydney Pollack fæddist í Indiana í Bandaríkjunum árið 1934. Hann var leikstjóri, leikari, framleiðandi og rithöfundur og gerði yfir 40 myndir. Pollack lést 26. maí síðastliðinn.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 1. JÚLÍ 1979**

## *Vasadiskó markaðssett*

Fyrsta vasadiskóið, Walkman, frá Sony kom á markaðinn í Japan þennan dag árið 1979. Það var Nobutoshi Kihara sem hannaði tækið fyrir forstjóra fyrirtækisins sem vildi geta hlustað á óperur á tíðum flugferðum sínum yfir Kyrrahafið. Fyrsta vasadiskóið var blátt og grátt á lit og því fylgdu tvö pör af heyrnartólum. Enn fremur var hægt að ýta á svokallaðan „hotline“ takka sem gerði fólki kleift að tala saman yfir upptökuna á kassettunni. Þessir eiginleikar voru teknir út úr næstu útgáfu vasadiskósins. Fyrsta vasadiskóið, kallað Stereobelt, var þó fundið upp 1972 af þýsk-brasilískum manni að nafni Andreas Pavel. Hann sótti um einkaleyfi á því og hefur lengi staðið í málaferlum við Sony um hver átti upphaflegu hugmyndina. Árið 2003 var loksins kveðinn upp dómur um að hann hefði verið uppfinningamaður tækisins.



KELDUR Á RANGÁRVÖLLUM: BÆRINN OPINN ALMENNINGI EFTIR LANGA BIÐ

# Lifandi byggingar á Keldum

„Keldur eru einn af merkustu torfbæjum Íslands sem enn eru uppistandandi,“ segir Anna Lísa Rúnarsdóttir, sviðsstjóri rannsókna- og varðveislusviðs Þjóðminjasafns Íslands. Safnið er að opna torfbæinn aftur eftir langa bið. „Viðgerðum sem staðið höfðu lengi yfir lauk árið 1999. Síðan skemmdist bærinn í jarðskjálftanum árið 2000 og við höfum verið að vinna að því síðan að koma bænum í gott horf aftur. Núna hefur ákveðnum viðgerðaráfanga verið lokið svo hægt er að bjóða gestum þarna inn aftur, þó ekki sé hægt að segja beint að viðgerðum sé lokið því torfbæir þurfa alltaf viðhald og viðgerðir.“

Bærinn hefur verið í vörslu Þjóðminjasafnsins frá árinu 1947 þegar síðast var búið í torfbænum. Keldur samanstanda af rúmlega 20 byggingum, bæði bæjar- og útihúsum, svo sem skemmu, smiðju, hjalla, hesthúsi, hlöðu, lambhúsi og myllukofa. „Ummerki eru um að búið hafi verið á Keldum frá 13. öld. Líkur eru á því að skálinn á bænum sé að einhverju leyti frá miðöldum og er hann því eitt af elstu uppistandandi húsum á Íslandi. Þar er að finna mjög forna byggingagerð, meðal annars fornt stafverk. Á syllu eina er rist ártalið 1641 þó að við höfum engar frekari heimildir sem staðfesta dagsetninguna.“ Enn fremur liggja jarðgöng úr skálanum sem talin eru frá 11. til 13. öld og voru líklega undankomuleið á ófriðartímum. „Síðan eru þarna nýrri byggingar frá lokum 19. aldar og eldhús bættist við árið 1914. Eins og sjá má þá eru svona bæir alltaf í þróun, segja má að þetta séu lifandi byggingar.“



**LOKSINS OPINN ALMENNINGI** Torfbæir þurfa stanslaust viðhald, að sögn Önnu Lísu Rúnarsdóttur. Keldur hafa loksins verið opnaðar almenningi aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Keldur eru meðal stærstu torfbæja sem varðveist hafa á Suðurlandi og er einn þeirra bæja sem koma sterklega til greina á umsókn á heimsminjaskrá Unesco. „Bærinn hefur vissa sérstöðu, bæði vegna þess hversu vel forna byggingagerðin hefur varðveist en líka vegna þess hversu vel heildin og menningarlandslagið í kring hefur haldist, það er að segja þessi heildstæðu bæjarhús og síðan útihúsin sem tengjast lífinu á bænum.“

Keldur verða opnar almenningi alla daga í sumar frá klukkan 10 til 17.

**mariathora@frettabladid.is**



**Á HEIMSMINJASKRÁ UNESCO** Keldur eru einn þeirra bæja sem koma sterklega til greina á umsókn fyrir heimsminjaskrá Unesco.



✝

*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýju við andlát og útför*

**Ástu Sóleyjar Lárusdóttur**
Hallveigarstíg 9, Reykjavík.

Jónína Lára Einarsdóttir
Guðmundur Örn Ragnarsson
Bjartmar Orri Arnarson
Brynjar Frosti Arnarson
Jökull Tandri Arnarson



✝

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengamóður, ömmu og langömmu,*

**Sigríðar Guðmundsdóttur**
Bræðraborgarstíg 41 í Reykjavík,
áður til heimilis að Esjubraut 7, Akranesi.

Sérstakar þakkir eru til starfsfólks á deild 7B á Landspítala Fossvogi.

Haraldur Hafsteinn Helgason — Margrét Gísladóttir
Hulda Hafdís Helgadóttir — Valdimar Sólbergsson
Guðmundur Helgi Helgason — Anna María Guðmundsdóttir
og ömmubörn.



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Jón Sigurgrímsson**
frá Holti, Seftjörn 12, Selfossi,

lést sunnudaginn 29. júní á húkrunarheimilinu Ljósheimum, á Selfossi.

Jóna Ásmundsdóttir
Unnur Jónsdóttir — Guðmundur S. Halldórsson
Ásmundur Jónsson — Ufuoma Overo Tarimo
Guðlín K. Jónsdóttir
Ingveldur B. Jónsdóttir
Ingibjörg Jónsdóttir — Ólafur Unnarsson
Sigurgrímur Jónsson
og barnabörn.



✝

*Elskuleg frænka okkar,*

**Ragnhildur Þorvarðardóttir**
frá Dalshöfða, Vallarbraut 2, Reykjanesbæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Garðvangi 27. júní sl. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 4. júlí kl. 11.00.

Ragnar Hauksson — Eygló Alexandersdóttir
Sigríður Hauksdóttir
Pálína Hauksdóttir — Grétar Ævarsson
og aðrir vandamenn.




Hefur gæðin

HYUNDAI i10

# Lítill og sætur

## Sparneytinn og rúmgóður



- *i10* er 5 dyra smábíll fyrir fjölskyldur
- *i10* er eyðslugrannur
- *i10* er á hagstæðu verði
- *i10* getur lagt frítt í stæði í miðborginni
- *i10* er einn rúmbesti bíllinn í sínum flokki

**Hyundai i10**
5 dyra, bensín og beinskiptur.
**1.740.000**

B&L áskilur sér rétt til verð- og búnaðarbreytinga án fyrirvara

### LOKSINS ER KOMINN SMÁBÍLL FYRIR ÞÁ SEM HUGSA AF SKYNSEMI

Hann er smábíll, en samt furðu rúmgóður. Hann er sparneytinn, en samt snar í snúningum. Hann mengar lítið og fær því frítt í bílastæði í miðborg Reykjavíkur. En umfram allt er þetta flottur bíll á flottu verði. Skynsamlegur kostur í þessu árferði. Hann hentar líka öllum. Hann er nógu stór fyrir fjölskyldur með börn eða bara eldri hjón með golfsettin í skottinu. Og hann er nógu sætur fyrir unga fólkið, sem er að festa kaup á sínum fyrsta bíl. **Líttu við hjá okkur í kaffi og keyrðu hring á spánnýjum Hyundai i10 – hann bíður eftir þér.**

B&L
Með bílinn handa þér

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is
Keflavík 421 4444 - Selfoss 575 1460 - Akranes 431 2622 - Akureyri 461 2533 - Egilsstaðir 471 2524



**Varaðu þig Tiger!**
Sjálfur Tiger Woods þurfti að byrja með lítið sett.
Frábært byrjendasett fyrir börn. 400 krónur.



**Stultur**
Þegar afi og amma voru ung bjuggu þau til svona
stultur úr niðursuðudósum. Þessar koma tilbúnar í
grænu og bláu. 400 krónur.



**Og pílan flýgur...**
35 x 35 cm skotskífa og tvö sett af pílum fyrir
400 krónur.



**Skrifstofubolti**
Hengdu körfuna á vegginn á skrifstofunni og æfðu þig.
400 krónur.



**Risafrisbí**
Þetta risafrisbí er ekki úr plasti eins og flest önnur svo
það er ekki eins sárt að fá það í hnakkann. 400 krónur.

**TIGER**
**Villidýr á verði**

**Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri**

**Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is**




# STUÐ MILLI STRÍÐA Konur geta víst spilað fótbolta

**KOLBRÚNU BJÖRT SIGFÚSDÓTTUR** FINNST ÍSLENSKA KVENNALANDSLIÐIÐ ÓTRÚLEGT



„Pfff. Stelpur geta ekki spilað fótbolta. Alveg sama þótt íslenska kvennalandsliðið sé í 18. sæti á heimsvísu, andstæðingarnir eru svo ömurlegir. Það ætti að láta þær spila við strákana, þá sést hvort þær eru góðar í alvörunni.“ Slíkar raddir heyrast. Árið er 2008 og við erum ennþá að tala svona. Sama ár og kvennaboltinn hefur rokið upp, bæði í aðsókn og gæðum. Það er munur á kvenna- og karlalandsliðunum í fótbolta. Jafnvel stelpunum og handboltalandsliðinu. Allavega er allt annað að mæta á völlinn hjá þeim. Ólíkt handboltalandsliðinu er ekki mætt til að pressa á andstæðinginn og vonast þannig til að hafa áhrif á leikinn. Í Laugardalshöll er æpt, urrað á dómarann, klappað látlaust, gefið merki um leiktöf og tekin andköf. Andrúmsloftið er slíkt að hægt er að skera það með hníf.

Þegar fótboltastrákarnir okkar spila er mætt með von í hjarta, um að dagurinn í dag sé sá dagur sem Ísland fari með sigur af hólmi. Þar er æpt á dómarann en eftir nokkra stund er vonin fokin fyrir örvæntingu, sorg og loks vonleysi. „Dómgæslan var hræðileg,“ segja menn og rölta með fánann út í bíl. Leikir íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta lykta ekki af rómverskri ljónagryfju. Pressan er af allt öðrum toga. „Skora Ísland – Skora!“ heyrist sungið og viti menn. Sú ósk er uppfyllt, allt að sjö sinnum í leik. Þegar mætt er á stelpurnar er einfaldlega mætt til að sjá þær vinna, ekki styðja þær til sigurs beint, eins og hjá handboltaliðinu, þótt látlaust sé sungið og klappað, heldur til að horfa á þær rúlla enn einu landsliðinu upp.

Mikill meirihluti áhorfenda er konur og stelpur. Komnar til að horfa á hetjurnar sínar. Og hvílíkar hetjur! Það tekst ekki hverjum sem er að blása íslenskum konum baráttuanda í brjóst. Ég hef aldrei getað spilað fótbolta. En þessar stelpur geta það og vá hvað mig langar það!

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**Kl. 20.30**

*Flautuleikarinn Hafdís Vigfúsdóttir heldur tónleika í Hinu húsinu, Pósthússtræti 3-5, í kvöld kl. 20.30. Á efnisskrá tónleikanna eru verk eftir Telemann, Kuhlau, Tomasi, Takemitsu og Piazzolla. Hafdís lauk B. Mus gráðu frá Listaháskóla Íslands vorið 2005 og hefur síðan stundað framhaldsnám í flautuleik í París.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Allsherjargoðinn í Hafnarhúsi

Listasafn Reykjavíkur tók upp á þeirri nýjung í vetur að framlengja opnunartímann í Hafnarhúsinu til kl. 22 á fimmtudagskvöldum og að nota í leiðinni tækifærið og bjóða upp á lista- og menningartengda viðburði þessi kvöld. Framtak þetta hefur verið afar vel heppnað og hefur auðgað menningarlíf borgarinnar svo um munar. Viðburðaröðin heldur áfram næstkomandi fimmtudagskvöld, en þá verður sýnd þar heimildarmynd eftir Egil Örn Egilsson um Sveinbjörn Beinteinsson allsherjargoða.

Sveinbjörn Beinteinsson bjó lengst af á Draghálsi í Svínadal. Hann var skáld gott, kvæða- og fræðimaður, og eftir hann liggja nokkrar ljóðabækur og kver auk bókarinnar Bragfræði og háttatal, sem er undirstöðurit kvæðamanna.



**SVEINBJÖRN BEINTEINSSON** Viðfangsefni heimildarmyndar Egils Arnar Egilssonar sem sýnd verður í Hafnarhúsinu á fimmtudag.

Sveinbjörn leit á náttúruna sem lifandi veru og vildi að menn lifðu í jafnvægi við náttúruöflin. Hann vildi virkja íslenska þjóðmenningu og þá fornu siði og þann arf sem okkur var gefinn af gengnum kynslóðum. Sveinbjörn var einn af stofnfélögum Ásatrúarfélagsins og allsherjargoði félagsins frá upphafi til dánardags 1993.

Ljóst er að boðskapur Sveinbjörns um samband manns og náttúru á sérlega upp á pallborðið hjá þjóðinni um þessar mundir og að auki er aldrei gert of mikið af því að hampa fornum íslenskum menningararfi. Því er ekki úr vegi að bregða sér í fimmtudagsbíó og kynnast betur lífi og skoðunum Sveinbjörns Beinteinssonar. Aðgangur að sýningunni er ókeypis og öllum áhugasömum opinn. - vþ

**> Ekki missa af...**

Heimildarmyndinni Kjötborg eftir þær Helgu Rakel Rafnsdóttur og Huldu Rós Guðnadóttur, en sýningum á henni lýkur nú í vikunni í Háskólabíói. Í myndinni er fylgst með búðarrekstri bræðranna Gunnars og Kristjáns í Vesturbæ Reykjavíkur, en þeir leggja sig fram við að veita viðskiptavinum sínum vandaða og persónulega þjónustu.



**ÓHEFÐBUNDIN EFNI** Verk eftir sænsku listakonuna Berit Lindfeldt.

# Sænskur skúlptúr á Laugavegi

Sænska listakonan Berit Lindfeldt opnar nýja sýningu á Loftinu í StartArt listamannahúsi, Laugavegi 12b, á fimmtudag kl. 17.

Berit Lindfeldt býr og starfar í Gautaborg og hefur vakið athygli fyrir innihaldsrík verk, sem byggja á hefðbundnum vinnuaðferðum í bland við tilraunir með ólík efni, hlutföll og áferð. Verk listakonunnar má finna í og við opinberar byggingar í heimalandinu Svíþjóð og nýlega vann hún samkeppni um gerð minnismerkis til minningar um rithöfundinn Astrid Lindgren. Verkið er í bænum Vimmerby. Lindfeldt hefur áður sýnt á Íslandi árið 1997 og þá í Nýlistasafninu.

Önnur sýning opnar á jarðhæð StartArt á sama tíma á fimmtudag. Sú sýning er hluti af sýningunni Heima sem staðið hefur yfir á Loftinu síðan um miðjan maí. - vþ

# Pólitík og fagurfræði

**Stór sýning á verkum eftir myndlistarmanninn Guðmund Ármann Sigurjónsson verður opnuð í Listasafninu á Akureyri á laugardag. Sýningin verður í öllum sölum safnsins og tekur sérlega til tveggja tímabila í ferli listamannsins.**



**LOGSUÐA** Dúkrista eftir myndlistarmanninn Guðmund Ármann.

Verkin á sýningu Guðmundar Ármanns Sigurjónssonar í Listasafninu á Akureyri eru einkum af tvennum toga; annars vegar hlutbundnar dúkristur og grafíkverk og hins vegar óhlutbundin málverk.

„Grafíkverkin vann ég aðallega á árunum 1968-1980. Þá var ég við nám erlendis og svo við kennslustörf hér heima og var dálítið innblásinn af sósíalisma," útskýrir Guðmundur. „Mér þótti á þessum árum myndlist eiga að vera í einskonar þjónustuhlutverki við almenning og eiga að ná til fólksins; þetta voru því að miklu leyti myndir af fólki við störf sín og óhætt að segja að það hafi verið pólitískur þráður í þessari myndsköpun. Málverkin á sýningunni eru aftur á móti nýrri og spanna tímabilið frá miðjum tíunda áratugnum og fram til dagsins í dag. Ég uppgötvaði um miðjan níunda áratuginn að með þessum pólitísku verkum mínum hafði ég vanrækt fagurfræðina og fór því að snúa mér meira að þeirri hlið myndlistar. Út frá því urðu til óhlutbundin málverk sem eru vissulega fremur ólík grafíkverkunum."

Sameiginlegur tónn í þessum ólíku verkum Guðmundar er þó áhugi og umhyggja gagnvart náttúrunni. Guðmundur segir náttúruna sjá sér fyrir efnivIði í mörg af verkum sínum. „Það er kannski erfiðara að sjá náttúruna í óhlutbundnu verkunum mínum, en hún er þó til staðar í litavalinu og formunum sem ég nota. Listsköpun mín gengur nokkuð í hringi og því eru verk mín nú farin að þróast aftur í hlutbundnari áttir. Til að mynda er aftur orðið mögulegt að greina landslag í myndum mínum."

Í tengslum við sýninguna kemur út bók um listsköpun Guðmundar á vegum forlagsins Uppheima. Í bókinni má bæði sjá dæmi um myndlist Guðmundar en jafnframt lesa texta eftir Hannes Sigurðsson, forstöðumann Listasafnsins á Akureyri, Kristján Kristjánsson heimspeking og listfræðinginn Shauna Laurel Jones.

# Námskeið í textaflutningi

**Leiklistarhátíðin Act alone hefst á Ísafirði á morgun og stendur út vikuna. Á meðal þess sem hátíðin býður upp á er námskeið með Sigurði Skúlasyni leikara um textaflutning í lausu og bundnu máli.**

**Greining og túlkun texta er mikilvæg öllum leikurum sem og öðrum sem koma fram hvort heldur á bæjarstjórnarfundum eða á þorrablótum. Námskeiðið er því sérlega hagnýtt fyrir alla sem á einn eða annan hátt þurfa að koma frá sér efni í mæltu máli.**

**Sigurður Skúlason er vel kunnur fyrir leik sinn í sjónvarpi og í kvikmyndum auk þess sem rödd hans hljómar oft í útvarpi. Óhætt er að segja að Sigurður sé meðal bestu upplesara hér á landi og er því mikill fengur að geta boðið upp á þetta vandaða námskeið á Act alone 2008.**

**Þátttökugjald á námskeiðinu er 10.000 krónur og skráning fer fram hjá Háskólasetri Vestfjarða í síma 450 3040. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfang Háskólaseturs, lara@hsvest.is.**

- vþ

Loksins á Íslandi!

GT BICYCLES



15%
kynningarafsláttur
(gildir til 11. júlí)

Notaðu skynsemina
og góða veðrið
...hjólaðu

BMX-Freestyle hjólin



GT Slammer, verð áður 29.900
verð nú 25.415



GT Slammer, verð áður 29.900
verð nú 25.415



GT Zone, verð áður 33.900
verð nú 28.815



GT Compe, verð áður 36.900
verð nú 31.365



GT Performer, verð áður 39.900
verð nú 33.915



GT Performer, verð áður 39.900
verð nú 33.915

Hjólasprettur
VERSLUN OG VIÐGERÐIR
Bæjarhrauni 22
220 Hafnarfirði
Sími 565 2292
www.hjolasprettur.is

**> FINNST HRUKKURNAR FÍNAR**

Cate Blanchett finnst kynþokkafullt að hafa hrukkur og finnst fólk sem fer í lýtaaðgerðir vera sjálfhverft. Leikkonunni finnst ekki aðlaðandi að sjá hvernig fimmtugt fólk hefur þurrkað út æviár sín með lýtaaðgerðum og er fullviss um að hrukkur muni þykja kynþokkafullar eftir fimmtíu ár.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Sienna með kvæntum manni

Nú er komið í ljós að leikkonan Sienna Miller hefur ekki verið að slá sér upp með leikaranum Matthew Rhys eftir allt saman, heldur með samleikara hans úr þáttaseríunni Brothers and Sister, Balthazar Getty. Sienna og Balthazar hafa þekkst í einhvern tíma og var það hinn fyrrnefndi Matthew Rhys, sem er fyrrverandi kærasti Siennu og samleikari Balthazars, sem kynnti þau. Samband þeirra var aðeins vinátta til að byrja með en varð innilegra eftir að Sienna dvaldi í Los Angeles í mars við tökur myndarinnar GI Joe. Sienna er nú aftur stödd í borg englanna og hefur varið flestum stundum þar með Balthazar.

„Sienna hætti með Rhys Ifans þegar hún áttaði sig á því að hún væri að falla fyrir Balthazar. Hún vildi gera hið rétta í stöðunni. Eftir að Sienna hætti með Rhys hefur hitnað nokkuð í kolunum milli hennar og Balthazar,“ segir heimildarmaður um sambandið. Balthazar virðist þó ekki hafa jafn miklar áhyggjur og Sienna af því að gera hið rétta því hann er giftur og fjögurra barna faðir.



**SIENNA MILLER** Sparkaði Rhys Ifans til að geta verið með Balthazar Getty.

**BALTHAZAR GETTY** Nýi kærastinn er giftur og fjögurra barna faðir. NORDICPHOTOS/GETTY






**SJÁLFSÖRUGGARI EN ÁÐUR FYRR** Lindsay Lohan segist vera hamingjusöm og vill ekki láta þyngdina stjórna lífi sínu.

## Neitar að stíga á vigtina

Lindsay Lohan neitar að stíga á vigtina því hún vill ekki að þyngdin stjórni lífi hennar. Í viðtali við breska tímaritið OK segist leikkonunni líða vel í eigin skinni og vera hamingjusöm, borða vel, skemmta sér og ekki leggja of mikla stund á líkamsrækt.

Leikkonan segist þó finna fyrir pressunni sem fylgir því að starfa í Hollywood og segist myndu vilja breyta ýmsu hvað varðar útlit sitt. „Ég myndi vilja vera hávaxnari og ég þoli ekki fótleggina mína,“ sagði Lindsay í viðtalinu og kveðst vera mjög meðvituð um eigið útlit. „Ég hef oft áhyggjur af freknunum, hárinu og tapa mér ef ég fæ bólu. En í fúlustu alvöru, þá er ég orðin mun sjálfsöruggari en ég var áður fyrr,“ segir Lindsay.




# Líður vel í skugganum

**Sýningar hefjast á Ríkinu, nýrri grínþáttaseríu á Stöð 2, í ágúst. Yfirumsjón með handritsgerð þáttanna hafði Sigurjón Kjartansson, en sex manna hópur lagði í handritspúkkið. Þeir Auddi og Sveppi fara með stór hlutverk í þáttunum og Silja Hauksdóttir leikstýrir þeim. Þá voru bræður grínistanna Péturs Jóhanns og Þorsteins Guðmundssonar einnig í handritsteyminu, þeir Árni Jón Sigfússon og Magnús Guðmundsson. Eru þeir þá loksins að komast út úr grínskugga bræðra sinna?**



**DÁLÍTIÐ MÁL AÐ VERA FYNDINN FYRIR FRAMAN TÖLVUNA** Magnús, bróðir Þorsteins Guðmundssonar, og Árni Jón, bróðir Péturs Jóhanns Sigfússonar, skrifuðu handritið að grínþættinum Ríkinu ásamt öðrum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Ég hef aldrei talið mig lifa í einhverjum skugga,“ segir Árni Jón, bróðir Péturs Jóhanns. Hann er þremur árum eldri. „Mér líður allavega mjög vel í þessum meinta skugga.“

Árni er arkitekt og hafði aldrei skrifað grínþætti áður. „Ég veit nú bara ekki af hverju ég var fenginn í þetta. Ætli bróðernið hafi ekki potað mér að, svo hef ég líka Heimi Jónasson, þáverandi dagskrárstjóra, grunaðan um að hafa mælt með mér.“

Árni segist gríðarlega stoltur af litla bróður og fylgjast grannt með ferli hans. „Ég er engan veginn jafn fyndinn, enda er hann atvinnumaður og fær borgað fyrir þetta. Það er aldrei grín í fjölskylduboðunum. Við högum okkur vel.“

Skriftirnar voru skemmtilegar að sögn Árna. „Það var voða frjálst form á þessu. Það var skipt í minni hópa og svo hittumst við öll af og til og bárum saman bækur okkar.“

En nú er það bara aftur í arkitektúrinn. „Hvað er ég að teikna? Ég get ekki beint sagt að það sé eitthvað djúsí. Ég er að poppa upp nokkur elliheimili, gera íbúðirnar stærri og notendavænni.“



**FÓLKIÐ Í RÍKINU** Efri röð frá vinstri: Auðunn Blöndal, Vignir Rafn Valþórsson, Elma Lísa Geirsdóttir, Víkingur Kristjánsson og Inga María Valdimarsdóttir. Sitjandi: Halldóra Geirharðsdóttir, Þorsteinn Bachmann og Sveppi.

Magnús Guðmundsson, sem er ári yngri en bróðir hans, Þorsteinn, segist ekki heldur hafa verið að skrifa sig út úr grínskugganum af bróður sínum. „Ég kannast ekki við téðan skugga og það er engin öfund hjá mér, enda er ég fyndni bróðirinn,“ segir hann. Auglýsingagerð hefur verið meginatvinna Magnúsar en þó liggur eftir hann ein skáldsaga, Sigurvegarinn. „Sigurjón bað mig um að prófa þetta þegar ég var í pásu frá auglýsingagerðinni. Þetta var mjög skemmtilegt og gaman að prófa það sem stóri bróðir er alltaf að gera. Samt er þetta erfiðara en ég átti von á. Það er dálítið mál að sitja og reyna að vera fyndinn fyrir framan tölvuna.“

Er svo eitthvað varið í Ríkið? „Tja, ég hef nú ekkert séð ennþá, en las brot af handritinu. Þar var margt mjög gott. Ég vona allavega að það verði gaman að þessu,“ segir Magnús.

Ríkið hefst 22. ágúst á Stöð 2. Gerðir voru tíu þættir í fyrstu lotu. **gunnarh@frettabladid.is**




# Spæjar um næturklúbba á Ibiza

„Þessi eyja er skólabókardæmi um hvernig á að reka góða næturklúbba. Ég er búinn að vera í njósnaferð milli klúbba og tékka á því hvernig þeir fara að þessu, og veistu... ég held bara að kvöldin mín á Nasa standist allar kröfur,“ segir Páll Óskar, sem nú nýtur lífsins á Ibiza en fellur ekki verk úr hendi frekar en fyrri daginn.

Páll Óskar undirbýr nú stærsta styrktarball ársins sem verður á Nasa 5. júlí þar sem hann ætlar að þeyta skífum stanslaust frá klukkan 23 og fram undir morgun og syngja sína helstu smelli. Páll er væntanlegur til landsins sjóðheitur og sólbrúnn á næstu dögum. Sérstakur gestur verður Haffi Haff. Miðaverð rennur óskipt til Hinsegin daga. „Já, þá verður sléttur mánuður í Gay Pride og gráupplagt að fá smjörþefinn af herlegheitunum í sannkallaðri „pride“ stemningu með Palla á Nasa,“ segir tónlistarmaðurinn kátur. Og heldur því fram, þrátt fyrir allt, að stuðið sé jafn geggjað á Íslandi og á Ibiza. „Hér eru heitustu plötusnúðarnir, Tiesto, Carl Crag, David Guetta... en allir þessir gaurar hafa komið til Íslands að spila.“

Páll Óskar segir að allt hafi orðið brjálað þegar fyrir lá að Spánn hafi sigrað á EM. „Spánverjar gjörsamlega misstu sig. Flugeldar úr öllum húsum. Eins og gamlárskvöld hjá kolvitlausum Íslendingum. Meira að segja gamlar kerlingar og smábörn hlupu út á göturnar argandi og gargandi,“ segir Páll Óskar, sem nú breytist á augabragði í fréttaritara Fréttablaðsins á Spáni. „Göturnar hér loguðu af gleði. Það fór enginn að sofa þessa nóttina. Löggan tók þátt í látunum, argandi og gargandi löggur úti um allt. Tótal stjórnleysi. Sem betur fer voru engar rúður brotnar eða kveikt í bílum. Bara gleðilæti.“ **- jbg**



**PÁLL ÓSKAR** Njósnar um næturlífið á Ibiza og ætlar ekki að draga af sér í „pride“ stemningunni heim kominn.

# Panasonic LUMIX




## Myndavélar sem hugsa fyrir okkur! Intelligent Auto iA

Panasonic Lumix myndavélar með Intelligent Auto framkvæma allt það flókna og tæknilega á meðan þú slakar á við myndatökur! Með Intelligent Auto möguleikanum sameinar Panasonic fjórar tækninýjungar sem tryggir að þú gerir aldrei mistök.



**Panasonic DMCLS70**
Stafræn MYNDAVÉL með 7,2 milljón punkta upplausn, Venus Engine II, LUMIX DC Vario linsu, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.0" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði,rauf fyrir SD/SDHC kort ofl.

7.2 MILLJÓN PUNKTA

TILBOÐ **16.995**
FULLT VERÐ 22.995



8.1 MILLJÓN PUNKTA

**Panasonic DMCLS80**
Stafræn MYNDAVÉL með 8,1 milljón punkta upplausn, Venus Engine III, LUMIX DC Vario linsu, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 5.5 - 16.5mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.5" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, rauf fyrir SD/SDHC kort ofl.

TILBOÐ **18.995**
FULLT VERÐ 22.995



8.1
LEICA DC LENS

**Panasonic DMCFS3**
8,1 millj. punkta uppl., Venus Engine IV, Intelligent Auto, Face Detection, LEICA DC Vario Elamrit linsu, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 5.5 - 16.5mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.5" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, 50MB Innra minni, rauf fyrir SD/SDHC kort ofl.

VERÐ **24.995**
FRÁBÆRT VERÐ



10.1
LEICA DC LENS

**Panasonic DMCFS5**
10,1 millj. punkta uppl., Venus Engine IV, Intelligent Auto, Face Detection, LEICA DC Vario Elamrit linsu, 4x Optical og 4x Digital Zoom, 5.2 - 20.8mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.5" LCD skjá, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, 50MB innra minni, rauf fyrir SD/SDHC kort ofl.

VERÐ **34.995**
FRÁBÆRT VERÐ



12.1 MILLJÓN PUNKTA

**Panasonic DMCFX100**
12,1 milljón punkta upplausn, Venus Engine II, LEICA DC Elamrit linsu, 3.6x Optical og 4x Digital Zoom, 6.0 - 21.4mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.5" LCD skjá, hreyfimyndatöku og rauf fyrir SD/SDHC kort. 27MB innra minni.

TILBOÐ **32.995**
FULLT VERÐ 44.995

3CCD FULL HD 1080p LEICA DC LENS TIPA




**Panasonic NVGS80**
Digital TÖKUVÉL með 2,7" skjá, 1/6" upptökuflögu, 800.000 punkta uppl., 32x Optical og 1000x Digital Zoom, Color Night view, Pure Colour Engine, MEGA O.I.S titringsdeyfi, Snapshot, DV útg., vefmyndavél ofl.

TILBOÐ **29.995**
FULLT VERÐ 32.995




**Panasonic SDRH20**
Með 30GB hörðum diski, 800.000 punkta upplausn, 32x Optical og 1000x Digital Zoom, Color Night view, MEGA O.I.S titringsdeyfi, kyrrmyndavél, 2.7" LCD breiðskjá, Dolby Digitalhljóðupptöku og USB 2.0. 512MB SD kort fylgir.

TILBOÐ **49.995**
FULLT VERÐ 54.995




**Panasonic SDRH250**
Með 30GB hörðum diski, 3CCD 1/6" upptökuflögum með 800.000 punkta upplausn hver, Leica Dicomar Linsu, 10x Optical og 700x Digital Zoom, Color Night view, MEGA O.I.S titringsdeyfi, kyrrmyndavél, 2.7" LCD breiðskjá, Dolby Digital hljóðupptöku og USB 2.0. 512MB SD kort fylgir.

TILBOÐ **64.995**
FULLT VERÐ 79.995




**Panasonic HDCSD9**
HÁSKERPU TÖKUVÉL með Full HD uppl. (1920 x 1080), MPEG4-AVC/H.264 upptaka (AVCHD samhæfð), 3CCD 1/6" upptökuflögum - 560.000 p. uppl. hver, Leica Dicomar Linsu, Viera Link, 10x Optical og 700x Digital Zoom, Color Night view, Advanced O.I.S titringsdeyfi, 2.7" LCD breiðskjá, Dolby Digital Surround 5.1 hljóðupptöku, USB 2.0. Tekur á SD/SDHC kort.

VERÐ **99.995**
FRÁBÆRT VERÐ

**REYKJAVÍK**
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

**AKUREYRI**
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

**HÚSAVÍK**
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

**SELFOSS**
EYRARVEGI 21
480 3700

**Heimilistæki**

ht.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| BIG STAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| CRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 4 D - 10.10 D | 7 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SEX AND THE CITY LÚXUS | kl. 6 - 9 | 14 |
| ZOHAN | kl. 5.30 - 10.30 | 10 |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| BIG STAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| KJÖTBORG | kl. 6 - 7 ENSKUR TEXTI | |
| MEET BILL | kl. 8 -10.10 | 7 |
| THE HAPPENING | kl. 8 - 10 | 16 |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |
| INDIANA JONES | kl. 5.30 | 12 |

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| HAPPENING | kl. 5.50 - 8 -10.10 | 16 |
| MEET BILL | kl. 5.50 - 8 | 7 |
| SEX AND THE CITY | kl. 7 - 10 | 14 |
| ZOHAN | kl. 8 - 10.30 | 10 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 10.20 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BIG STAN | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 5.50 - 8 | 12 |
| THE HAPPENING | kl. 10.10 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus






LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| WANTED- POWER / DIGITAL | kl. 5.50, 8 og10.10(P) | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 5 | 7 |
| SEX AND THE CITY | kl. 6, 9 og10.30 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 8 | 12 |

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM

SAMbio.is SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| WANTED | kl. 5:30 - 8D - 10:20D | 16 |
| WANTED | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| NARNIA 2 | kl. 5D - 8 - 10:40 | 7 |
| NARNIA 2 | kl. 5 | VIP |
| THE BANK JOB | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| INCREDIBLE HULK | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SPEED RACER | kl. 5 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| WANTED | kl. 6D - 9D | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 6D | 7 |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |
| KUNG FU PANDA M/Ensku tali og GET SMART Tvöföld forsýning | kl. 9 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA Á MIDI.IS

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| WANTED | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| THE HAPPENING | kl. 10:20 | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 7:30 | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| WANTED | kl. 8 - 10 | 12 |
| NARNIA 2 | kl. 6 - 9 | 7 |
| SPEED RACER | kl. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| WANTED | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| INCREDIBLE HULK | kl. 8 - 10:20 | 12 |

TVÖFÖLD FORSÝNING KRINGLUNNI


# Opnun í Gallerí Íbíza bunker

Systurnar Lilja og Ingibjörg Birgisdætur opnuðu sýninguna „...og konungarnir hrynja úr hásætum sínum“ á föstudaginn sem leið í Gallerí Íbíza bunker í Þingholtsstræti. Galleríið er rekið af tveimur nemum á fyrsta ári í myndlistardeild Listaháskóla Íslands. Nýjar sýningar verða vikulega í galleríinu í allt sumar. **- sm**



**LILJA BIRGISDÓTTIR** Opnaði sýningu með systur sinni.



**RAGNHEIÐUR KÁRADÓTTIR OG SIGRÍÐUR TULINIUS** Reka saman Gallerí Íbíza bunker í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LOGI HÖSKULDSSON OG HALLA ÓLAFSDÓTTIR** Litu við á opnuninni.



**ÞESSAR BLÓMARÓSIR DUNDUÐU SÉR Í GARÐINUM**

# Öreigaskáld yrkir um golf

**Einhverjum kann að koma á óvart að öreigaskáld sendi frá sér vísur og sögur úr og um golfíþróttina, sem ekki hefur verið kennd við fátæka manninn hingað til. En heimurinn allur er undir þegar Kristján Hreinsson er annars vegar.**

Skerjafjarðarskáldið Kristján Hreinsson hefur sent frá sér bók sem inniheldur vísur og sögur úr golfíþróttinni. Kristján hefur oftar en ekki valdið usla með kveðskap sínum, og er skemmst að minnast þess þegar allt ætlaði af göflum að ganga í Eurovision-forkeppninni fyrir tveimur árum þegar Kristján fór fremstur í flokki þeirra þátttakenda sem vildu ætla að Silvía Nótt og félagar hefðu haft rangt við. Ekki einu sinni var friður um Kristján þegar hann næsta ár lagði til kveðskapinn í lagið sem Eiríkur Hauksson söng til sigurs „Ég les í lófa þínum“. Skerjafjarðarskáldið sakaði höfund lagsins, Svein Rúnar Sigurðsson, um að hafa svikið sig í tryggðum og fengið annan til að setja saman enskan texta við lagið.

En þetta er sagnfræði og Kristján kannast ekki við ólgandi undiröldu í golfhreyfingunni vegna bókarinnar „Golf og gaman – golfvísur og gamanmál“. En hugsanlega og jafnvel óskandi væri ef Golf og gaman 2 myndi geyma einhverja pólitíska undiröldu og væringar.

„En svo er ekki það ég viti í 1. hefti. Fólk hefur að vísu verið að halda því fram að það sé neðanbeltishúmor í golfbókinni. Talað um „holur“ og „stöng í holu“ og að „hann fari í holuna“ ... en því svara ég með ljóðlínum eftir mig sjálfan úr Reiðvísum: Að yrkja vel ég elska mest/og af mér stundum gustar/en ljóðatúlkun lýsir best/löngun þess sem hlustar,“ segir Kristján til að lægja væringar og svara fyrir eitthvað sem hann segist ekki eiga til.



**SKERJAFJARÐARSKÁLDIÐ Í GOLFGALLANUM** Segir marga vilja greina neðanbeltishúmor í yrkingum um golf, samanber: Stöng í holu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Skerjafjarðarskáldið hefur löngum verið málsvari öreiganna og því hlýtur að koma á óvart að hann sé að yrkja um golf – íþrótt ríka mannsins.

„Það var byrjað að kalla mig þjóðskáld þegar ég var barn. Og ég hlýt að vilja rísa undir væntingum. Ekki er bara hægt að yrkja öreigakvæði heldur verður að taka alla flóruna fyrir,“ segir skáldið sem er golfari. Kristján er með 12 í forgjöf sem þykir ágætt. Golfið hóf hann að stunda sem táningur en lét það svo eiga sig í um 30 ár. „Svo byrjaði ég aftur árið 1998. Það var vinur minn hljómborðsleikarinn Þórir Úlfarsson sem dró mig í þetta á nýjan leik.“

Kristján er í Nesklúbbnum, hefur verið í nokkur undanfarin ár og unir sér vel þar við yrkingar og golf. „Stórkostlegt svæði Nesið.“

**jakob@frettabladid.is**

# Costello rokkar á ný

Mér telst til að Momofuku sé þrítugasta plata Elvis Costello, eða nálægt því. Costello er með afbrigðum duglegur og fjölhæfur og hefur til viðbótar við allt sitt rokk, nýbylgju, kántrí og gríðarlegan fjölda annars poppballöður, sígilda tónlist með Brodsky-kvartettinum, soul og hrátt nýbylgjurokk. Momofuku tilheyrir síðasta flokknum og fer vel í Costello-hillunni við hlið platna eins og This Year's Model (1978), Blood and Chocolate (1986) og When I Was Cruel (2002).

Platan heitir eftir Momofuku Ando sem fann upp skyndinúðlurnar. Costello var víst orðinn hundfúll út í plötuiðnaðinn og vann Momofuku í skyndi. Upphaflega ætlaði hann að gefa hana út eingöngu á vínyl og sem niðurhal, en skipti svo um skoðun og skellti henni á geisladisk.




Margt á Momofuku minnir á gömlu dagana með The Attractions og meistaraverkið This Year's Model, meðal annars gítarleikurinn og orgeltilþrif Steves Nieve. Lögin eru mörg stórgóð, til dæmis American Gangster Time, Turpentine, Stella Hurt og Flutter & Wow.

Á heildina hrá og ósvikin rokkplata og skemmtilegasta plata Costellos í seinni tíð.

**Trausti Júlíusson**

**TÓNLIST**

**Momofuku**

Elvis Costello and the Imposters

★★★★

Momofuku var unnin í skyndi og minnir um margt á gömlu Costello-plöturnar, sérstaklega This Year's Model. Hrá og ósvikin rokkplata.

LANDVÉLAR ehf

ÞJÓNUSTA FRÁ 1978

ístækni ehf.

# Höfum nú sameinast að Smiðjuvegi 66

Breitt úrval af vélum, verkfærum,

lagnaefnum og varahlutum

fyrir alvöru iðnaðarmenn

og handlagið fólk




*Við höfum verkfærin*

**LANDVÉLAR ístækni**

Smiðjuvegi 66 200 Kópavogi Sími 580 5800

Grafíka 08

## > Tap gegn Dönum í fyrsta leik

Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu, skipað leikmönnum 16 ára og yngri, tapaði 0-1 fyrir Danmörku á Selfossvelli í fyrsta leik sínum á Norðurlandamótinu sem hófst í gær. Íslenska liðið var síst lakari aðilinn gegn sterku liði Danmerkur en eina mark leiksins skoruðu Danir strax á 9. mínútu upp úr aukaspyrnu. Kristrún Lilja Daðadóttir, landsliðsþjálfari U-16, var ósátt við að tapa leiknum miðað við hvernig leikurinn spilaðist. „Mér fannst við vera að skapa okkur fleiri færi og við fengum í það minnsta þrjú góð marktækifæri sem við hefðum átt að nýta betur. En það þýðir ekkert að svekkja sig á því, við verðum bara að bæta fyrir það í næstu leikjum,“ sagði Kristrún Lilja. Íslenska liðið mætir Noregi í dag og Þýskalandi á fimmtudaginn.



**sport**

sport@frettabladid.is

**JÓHANN INGI GUNNARSSON:** ÞJÁLFAÐI KIEL Í FJÖGUR ÁR OG HLAKKAR TIL AÐ SJÁ VIN SINN ALFREÐ STÝRA LIÐINU

# *Handboltanördinn gæti endað ferilinn í Kiel*

Alfreð Gíslason verður annar Íslendingurinn til að þjálfa Kiel. Hinn er Jóhann Ingi Gunnarsson, sem valdi félagið fram yfir danska landsliðið sem honum bauðst að taka við árið 1982. „Þetta rifjaði upp góða tíma fyrir mér,“ sagði Jóhann um tíðindin af Alfreð.

„Umhverfið þar hentar Norðurlandabúum vel, enda hafa þeir veðjað mikið á Svía undanfarin ár. Ég var einn af fyrstu Norðurlandabúunum til að koma í þýsku úrvalsdeildina,“ sagði Jóhann. Hann fór frá Kiel til Essen, sem hann gerði að Þýskalandsmeisturum. „Það var samt skemmtilegra í Kiel, handboltaumhverfið er einstakt.“

Jóhann þekkir vel til Alfreðs. Hann var þjálfari hans í sjö ár og sá um fyrsta samning hans bæði sem leikmaður og þjálfari. Jóhann var formaður landsliðsnefndar HSÍ sem réð Alfreð sem landsliðsþjálfara 2005.

„Ef allt gengur upp hjá Alfreð, sem ég geri fastlega ráð fyrir, kæmi mér ekkert á óvart að hann yrði þarna í tíu ár og nánast endað ferilinn þarna, eða þá í hjólastól á Spáni,“ sagði Jóhann glaðbeittur en hann hafði raunar spáð fyrir því að Alfreð tæki við Kiel.



„Ég var búinn að sjá fyrir löngu síðan að hann tæki við þessu liði. Hann hefði verið í miðlungsbaráttu hjá Gummersbach, umgjörðin þar er ekki lík þessari hjá Kiel. Þetta er draumastaða fyrir Alfreð, sem hefur allt í þetta, hann er sterkur karakter og gefur sig allan í það sem hann tekur sér fyrir hendur. Hann er orðinn hálfgerður handboltanörd og er svolítill einfari. En það er alltaf stutt í húmorinn hjá honum,“ sagði Jóhann, sem náði fínum árangri með Kiel á árunum 1982 til 1986. Samhliða þjálfuninni kláraði hann embættispróf í sálfræði frá háskólanum í borginni.

„Þegar ég kom út var liðið í botnbaráttu en mér tókst á fyrsta ári að vera í baráttu um titilinn. Við náðum að byggja upp lið í toppbaráttu úr litlu; fjármagn til að ná í leikmenn var lítið en það gekk mjög vel að nýta þá ungu leikmenn sem voru hjá félaginu. Það seldist upp í höllina á sínum tíma og það hafa ekki fengist miðar síðan. Ég átti frábæra tíma hjá Kiel,“ sagði Jóhann Ingi.

Framkvæmdastjóri Kiel:

## Alfreð er heillandi maður

**HANDBOLTI** Uwe Schwenker, framkvæmdastjóri Kiel, sagði í gær að Alfreð Gíslason hefði allan tímann verið maðurinn sem Kiel vildi fá í stað Sedarusic.

„Við teljum að með Alfreð sé vandamál okkar leyst. Alfreð er algjör sérfræðingur og hann er einnig ákaflega heillandi maður með mikla útgeislun. Hann hefur sannað sig sem þjálfari og vann meðal annars Meistaradeildina með Magdeburg og kann allt sem þarf að kunna í handboltanum. Ekki síst þar sem hann var sjálfur leikmaður. Hann var reyndar frábær leikmaður, sannkallaður stríðsmaður,“ sagði Schwenker kátur og fyrirliðinn Stefan Lövgren er einnig sáttur við að fá Alfreð til starfa.

„Alfreð er góður og reyndur þjálfari. Það kemur ró á mannskapinn að hafa fengið nýjan þjálfara og nú getum við farið afslappaðir í undirbúning fyrir veturinn,“ sagði Lövgren. **- hbg**

Viðbrögð Gummersbach:

## Of gott tilboð frá Kiel

**HANDBOLTI Stefan Hecker, framkvæmdastjóri Gummersbach, segir að félagið hafi einfaldlega ekki getað hafnað tæplega 100 milljóna króna tilboði frá Kiel í Alfreð Gíslason.**

**„Ég var mjög hissa þegar ég fékk símtal frá Kiel þar sem félagið sagðist vilja kaupa Alfreð. Upphæðin sem Kiel var til í að greiða var einfaldlega of há til þess að við gætum sagt nei. Ég þakka annars Alfreð fyrir samstarfið þar sem aldrei bar skugga á og hann kom mjög heiðarlega fram í þessu máli eins og öllu öðru,“ sagði Hecker, sem hefur þegar ráðið Sead Hasanefendic í stað Alfreðs hjá Gummersbach.** **- hbg**

# Ef maður hefur ekki áhuga á að þjálfa Kiel getur maður bara hætt

**Alfreð Gíslason skrifaði í gær undir þriggja ára samning við Þýskalandsmeistara Kiel, sem greiðir tæpar 100 milljónir króna til Gummersbach fyrir það eitt að fá Alfreð til starfa. Alfreð segist ekki hafa átt von á að fá slíkt tækifæri aftur en hann hafnaði tilboði frá Barcelona fyrir fjórum árum.**

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason var í gær ráðinn þjálfari hjá einu besta og sigursælasta handknattleiksfélagi heims, Kiel. Alfreð skrifaði undir þriggja ára samning við Kiel, sem vann tvöfalt á síðustu leiktíð og tapaði í úrslitum Meistaradeildarinnar. Árið á undan vann Kiel alla þrjá stóru bikarana.

Alfreð fær það verðuga verkefni að taka við af Noka Serdarusic, sem hefur stýrt liðinu í fimmtán ár og gert það ellefu sinnum að Þýskalandsmeisturum á þeim tíma. Kiel er búið að vera lengi á toppnum og flestir handboltaspekingar eru á því að Kiel sé besta handboltalið heims.

„Ég er eðlilega mjög ánægður með að þetta skuli hafa gengið. Þetta er mikill heiður og stórkostlegt tækifæri fyrir mig að fá að þjálfa þetta lið. Aðdragandinn var tiltölulega stuttur. Ég var spurður að því fyrir nokkru síðan hvort ég hefði áhuga á starfinu ef það kæmi upp að staðan væri laus og ég játti því eðlilega.

Ef maður er í boltanum og hefur ekki áhuga á að þjálfa Kiel þá er allt eins gott að hætta þessu bara. Ég bjóst ekkert endilega við því að þetta gengi upp og að félögin næðu samkomulagi. Það kom mér svolítið á óvart,“ sagði Alfreð við Fréttablaðið í gær en félögin náðu saman síðasta föstudag og Alfreð gekk svo frá sínum málum við Kiel í gær og skrifaði í kjölfarið undir samninginn.

Kiel er ákaflega vel statt fjárhagslega, sem sést best á því að það greiddi um 100 milljónir króna til þess að losa Alfreð undan samningi við Gummersbach. Það gerir Alfreð að dýrasta þjálfaranum í sögu þýska handboltans og þar af leiðandi líklega í heiminum öllum.

„Ég vona að þeir hafi ekki verið að fara eftir kílóafjölda þegar þeir voru að semja um þetta,“ sagði Alfreð léttur en hann segist ekkert spá í þennan verðmiða.

Alfreð segir þetta tækifæri einstakt og játar að hafa ekki átt von á að fá aftur slíkt kostaboð en hann hafnaði tilboði frá spænska risanum Barcelona fyrir fjórum árum.

„Það hvarflaði aldrei að mér að slíkt tækifæri kæmi aftur. Á sínum tíma sagði ég fimm sinnum nei við Barcelona í sömu vikunni þar sem ég vildi halda tryggð við Magdeburg. Það hringdu nánast allir frá félaginu og meðal annars þjálfarinn sem var að hætta og hann bað mig að taka við af sér. Ég vildi það ekki á þeim tíma. Ég átti í raun aldrei von á að fá símtal frá Kiel. Noka er búinn að vera þarna í fimmtán ár og skila ótrúlegum árangri. Það verður ekki auðvelt að fylla hans spor en það verður víst einhver að taka þetta að sér,“ sagði Alfreð og hló dátt.




**KOMINN TIL KIEL** Alfreð Gíslason var brosmildur eftir undirskriftina í Kiel í gær. Hann stillir sér hér upp í pólóbol Kielar-liðsins en Alfreð samdi við félagið til ársins 2011. MYND/LIVING SPORTS

**henry@frettabladid.is**

Skagamenn voru engin hindrun fyrir KR-inga, sem nú eru komnir upp í þriðja sæti í deildinni:

# KR-ingar komnir á svífandi flug

**FÓTBOLTI** KR vann sanngjarnan sigur á ÍA, 2-0, í skrautlegum leik í gær þar sem ÍA fékk þrjú rauð spjöld og þar af Guðjón Þórðarson þjálfari eitt.

KR stýrði ferðinni allt frá fyrstu mínútu og Skagamenn freistuðu þess að sækja hratt en sóknartilburðir þeirra voru afar máttlitlir. KR komst yfir með skrautlegu marki eftir mikinn darraðardans í teignum.

Ómögulegt var að sjá úr blaðamannastúku hver hefði skorað eða hvort boltinn hefði farið inn fyrir línuna. Aðstoðardómarinn flaggaði boltann inni og þar af leiðandi mark.

Það syrti enn frekar í álinn fyrir Skagamenn skömmu síðar er Svadumovic lét reka sig af velli. Hann braut á Stefáni markverði, fékk gult, reifst við Garðar, fékk annað gult og þar með ókeypis ferð í sturtu. Ekki sérstaklega skynsamlegt.

Skagamenn voru verulega ósáttir í leikhléinu og Guðjóni Þórðarsyni var þá meðal annars vísað upp í stúku. Hann tók sér stöðu í síðari hálfleik við hlið bekkjarins og þurfti að gera hlé á leiknum meðan Guðjón var beðinn um að færa sig. Skrautleg uppákoma.

Tæpum hálftíma fyrir leikslok potaði Björgólfur boltanum inn eftir að Madsen hafði misst boltann klaufalega. 2-0 og ballið búið. Til að bæta gráu ofan á svart fékk Bjarni Guðjónsson að líta rauða spjaldið áður en yfir lauk.

„Við ætluðum að fara varlega inn í leikinn og reyna að halda hreinu. Það gekk ágætlega því KR-ingar sköpuðu lítið. Sóknarleikurinn veldur mér aftur á móti áhyggjum,við erum ekki að fá mikið af færum.

Ég fékk reisupassann í hálfleik er ég var að kalla Stefán í burtu frá dómaranum í hálfleik því við vorum búnir að ákveða að láta dómarann eiga sig. Svo vildi dómarinn reka mig í stúkuna en ég stóð við skiltið, sem er almenningur hér á vellinum. Það sem var sérstakast var að hann hótaði að flauta leikinn af ef ég færði mig ekki. Ég sé mest eftir að hafa ekki látið reyna á það en hótunin er sérstök,“ sagði Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, en honum fannst þeir Bjarni og Svadumovic hafa fengið reisupassann fyrir litlar sakir.

„Þetta er búið að vera gott að undanförnu og sigurinn mjög kærkominn. Mér fannst við hafa góð tök á leiknum en þetta var fyrirhafnarlítið eftir að við urðum tveim mönnum fleiri,“ sagði Logi Ólafsson, þjálfari KR. „Ég er ánægður með liðið, sem spilar sem ein heild. Við vitum að við vinnum ef við leggjum okkur alla fram.“ **- hbg / - hþh**



**SJÓÐANDI HEITUR** Björgólfur Takefusa er búinn að fara á kostum undanfarið og skoraði sitt áttunda mark í síðustu fimm leikjum í Landsbankadeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**FJÖLMENNT** Það var hart barist á Kópavogsvelli í gær en liðin urðu á endanum að sætta sig við eitt stig hvort. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Breiðablik og Keflavík skildu jöfn, 2-2, eftir að Keflvíkingar komust í 0-2 í gær:

# Aftur gáfu Blikar tvö í forgjöf

**FÓTBOLTI** Í síðustu umferð tapaði Breiðablik fyrir Fram eftir að hafa gefið tvö mörk á silfurfati í upphafi leiks. Svipað var uppi á teningnum gegn Keflavík í gær en í þetta sinn náðu Blikar jafntefli.

Blikar voru langtum betri í fyrri hálfleik og voru mun meira með boltann en Keflvíkingar komust yfir. Símon Samuelsen átti háa sendingu inn á teig og Nenad Zivanovic varð fyrir því óláni að stýra knettinum í eigið mark og staðan var 0-1 í hálfleik.

Keflvíkingar hófu síðari hálfleik af miklum krafti og Patrik Redo fékk þrjú dauðafæri í röð eftir klaufagang í vörn Breiðabliks. Tvö þeirra fékk hann fyrir opnu marki og nýtti hann aðeins annað þeirra á 58. mínútu, 0-2.

Þá vöknuðu Blikar aftur og minnkuðu muninn. Arnar Grétarsson spændi sig í gegnum vörn Keflavíkur og skaut að marki. Það var varið en Zivanovic hirti frákastið og skoraði í autt markið.

Enn héldu Blikar að sækja og uppskáru á endanum mark. Arnar Grétarsson fékk boltann utan teigs og lét vaða af 35 metra færi. Skotið var óverjandi fyrir Ómar.

Bæði lið sóttu stíft á lokakaflanum en hvorugu tókst að skora sigurmarkið. „Við sköpum mörg færi og komumst í tveggja marka forystu en missum hana svo niður. Það á ekki að geta gerst í liði sem inniheldur svo sterka einstaklinga,“ sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur.

„Þeir áttu nokkur færi í byrjun seinni hálfleiks og undir lokin en mér fannst við stjórna leiknum að öðru leyti,“ sagði Blikinn Guðmundur Kristjánsson. „En við náðum ekki að klára þetta í kvöld. Það hefur verið allt of algengt að við náum ekki að klára færin okkar en við höfum verið að vinna mikið í því á æfingum. Þetta hlýtur því að detta inn hjá okkur. En spilamennskan var ágæt og það er eitthvað til að byggja á.“ - esá

## KR 2-0 ÍA

KR-völlur, áhorf.: 2.011 Garðar Örn Hinriks. (6)

*1-0 Grétar Sigfinnur Sigurðsson (32.), Rautt spjald: Vjekoslav Svadum.(39.). 2-0 Björgólfur Takefusa (62.), Rautt spjald: Bjarni Guðjónsson (69.).*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 23-6 (11-1) |
| Varin skot | Stefán Logi 1 – Esben 8 |
| Horn | 6-4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 26-16 |
| Rangstöður | 6-0 |

| **KR** 4–4–2 | | **ÍA** 5–4–1 | |
|---|---|---|---|
| Stefán Logi Magn. | 5 | Esben Madsen | 5 |
| Skúli Jón Friðgeirs. | 6 | Heimir Einarsson | 5 |
| Grétar S. Sigurðars. | 6 | Árni Thor Guðmunds. | 6 |
| Pétur H. Marteins. | 6 | Bjarni Guðjónsson | 6 |
| Guðmundur Gunn. | 4 | Dario Cingel | 6 |
| Gunnar Örn Jónsson | 5 | Igor Bilokapic | 3 |
| (28., Atli Jóhanns. | 6) | Helgi Pétur Magnús. | 5 |
| ***Jónas Guðni Sæv.** | **7** | (77., Árni I. Pjeturs. | -) |
| Viktor Bjarki Arnars. | 7 | Jón Vilhelm Ákason | 3 |
| Óskar Örn Hauksson | 7 | Þórður Guðjónsson | - |
| (78., Ingimundur Ó. | -) | (6., Björn Bergmann | 6) |
| Guðjón Baldvinsson | 6 | Vjekoslav Svadumovic | 2 |
| Björgólfur Takefusa | 6 | Stefán Þ. Þórðarson | 3 |
| (82., Guðm. Péturs. | -) | (74., Andri Júlíusson. | -) |

**Maður leiksins*

## Breiðablik 2-2 Keflavík

Kópavogsvöllur, áhorf.: 1.189 Kristinn Jakobsson (7)

*0-1 Nenad Zivanovic sjálfsmark (14.), 0-2 Patrik Redo (56.), 1-2 Zivanovic (58.), 2-2 Arnar Grétarsson (75.).*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 14-10 (6-7) |
| Varin skot | Casper 4 – Ómar 4 |
| Horn | 10-2 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14-14 |
| Rangstöður | 4-1 |

| **BREIÐAB.** 4–4–2 | | **KEFLAVÍK** 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Casper Jacobsen | 7 | Ómar Jóhannsson | 7 |
| Arnór S. Aðalsteins. | 7 | Guðjón Á. Antoníus. | 7 |
| Finnur Orri Margeirs. | 6 | Kenneth Gustafsson | 5 |
| Srdjan Gasic | 7 | Guðmundur Mete | 7 |
| Kristinn Jónsson | 6 | Brynjar Guðmunds. | 6 |
| Steinþór Freyr Þorst. | 6 | Sigurbergur Elísson | 4 |
| (61., Magnús Páll | 6) | (51., Hörður Sveins. | 5) |
| Guðmundur Kristj. | 7 | Hólmar Örn Rúnars. | 5 |
| ***Arnar Grétarsson** | **7** | Hallgrímur Jónasson | 6 |
| Nenad Zivanovic | 5 | (75., Einar Orri | -) |
| (75., Haukur Baldv. | -) | Símun Samuelsen | 7 |
| Jóhann B. Guðm. | 6 | Patrik Redo | 7 |
| Marel Baldvinsson | 3 | Guðmundur Steinars. | 4 |
| (86., Alfreð Finnb. | -) | (79., Magnús S. Þorst. | -) |

**Maður leiksins*

## STAÐAN Í DEILDINNI

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. FH** | **9** | **7** | **1** | **1** | **21-9** | **22** |
| 2. Keflavík | 9 | 6 | 1 | 2 | 22-15 | 19 |
| **3. KR** | **9** | **5** | **0** | **4** | **17-11** | **15** |
| 4. Fram | 9 | 5 | 0 | 4 | 10-7 | 15 |
| **5. Fjölnir** | **9** | **5** | **0** | **4** | **11-9** | **15** |
| 6. Valur | 9 | 4 | 1 | 4 | 14-13 | 13 |
| **7. Breiðablik** | **9** | **3** | **3** | **3** | **15-15** | **12** |
| 8. Þróttur R. | 9 | 3 | 3 | 3 | 13-17 | 12 |
| **9. Grindavík** | **9** | **3** | **1** | **5** | **11-16** | **10** |
| 10. Fylkir | 9 | 3 | 0 | 6 | 10-16 | 9 |
| **11. ÍA** | **9** | **1** | **4** | **3** | **7-13** | **7** |
| 12. HK | 9 | 1 | 2 | 6 | 10-20 | 5 |

**Markahæstu leikmenn:**

| | |
|---|---|
| 1. Björgólfur Takefusa (KR) | 8 mörk |
| **2. Guðmundur Steinarsson (Keflavík)** | **7** |
| 3. Atli Viðar Björnsson (FH) | 6 |
| **4. Guðjón Baldvinsson (KR)** | **5** |
| 5. Prince Reuben Mathilda (Breiðablik) | 5 |
| **6. Pálmi Rafn Pálmason (Valur)** | **5** |
| 7. Iddi Alkhag (HK) | 4 |
| **8. Tryggvi Guðmundsson (FH)** | **4** |
| 9. Andri Steinn Birgisson (Grindavík) | 4 |
| **10. Gunnar Már Guðmundsson (Fjölnir)** | **4** |



> **Michael Rapaport**

„Stundum heldur fólk að ég sé heimskur af því ég leik oft þannig persónur. Það gerir sér ekki grein fyrir því að það þarf snilling til að leika fábjána“. Rapaport leikur í þáttunum “The War at Home” sem sýndir eru á Stöð 2 extra.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR SYRGIR TÍUNDA ÁRATUGINN

# *Þegar allir hlógu í einum kór*



Leiðinlegt sjónvarpsefni er því miður ein af hinum sorglegu staðreyndum 21. aldarinnar. Sjónvarpsþáttagerð náði hæstu hæðum í lok tuttugustu aldarinnar og hefur verið á blússandi niðurleið síðan. Tökum bandaríska gamanþætti sem dæmi; þeir hafa einfaldlega ekki borið sitt barr síðan þættir á borð við Staupastein, Seinfeld og Frasier áttu hvað mestum vinsældum að fagna. Þessir þættir gengu vel og lengi og mættu að lokum náttúrulegum dauðdaga og hurfu hægt og hljótt inn í næsta líf sem DVD-kassar. Flestir sjónvarpsáhorfendur biðu þess spenntir að Bandaríkjamenn sæju heiminum fyrir meira af vönduðu og úthugsuðu gamanefni og hugsuðu sér gott til glóðarinnar; hvað ætli komi næst? Kannski verða það skemmtilegir þættir um hnyttinn íþróttafréttamann og fjölskyldu hans, eða eitthvað frábært um feitan karlhlunk sem reynir að sleppa létt frá lífinu. Áhorfendum varð að þessum óskum sínum; fram streymdu þættir um ýmsar bandarískar hvunndagshetjur, en þeir voru hver öðrum verri og megnuðu ekki að framkalla svo mikið sem brosviprur hjá hressustu hláturbelgjum. Vandaði bandaríski gamanþátturinn sem öll fjölskyldan getur skemmt sér yfir er steindauður og ætti sannast sagna að vera löngu grafin hugmynd. Í hans stað eru komnir annars vegar ódýrir og ófyndnir þættir sem hverfast mestmegnis um samskipti kynjana og svo hins vegar kaldhæðnir jaðarþættir á borð við Curb Your Enthusiasm og Arrested Development sem maður þarf að vera dálítið með á nótunum til að skilja. Jaðarþættirnir mega reyndar eiga það að á þessum ófyndnu tímum bera þeir af, en þeir eru ekki sameiningartákn kynslóða og þjóða eins og fyrirrennarar þeirra; til þess eru þeir allt of umdeildir og undarlegir. Ljóst er að ástand gamanþáttamála í heiminum er afarslæmt og það sem verra er: hvergi blikar vonarstjarna á himni. Fram undan virðist svartnætti kaldhæðins jaðarhúmors og lélegra fimmaurabrandara.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.25** Fiskur á disk í Argentínu SJÓNVARPIÐ



▶ **19.20** Football Icon STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **20.00** Shopgirl STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** Kid Nation SKJÁREINN



▶ **20.20** The Moment of Truth STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið**
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Púkka** (12:26)
**18.00 Geirharður bojng bojng** (24:26)
▶**18.25 Fiskur á disk í Argentínu** (1:6) Í þessari dönsku þáttaröð ferðast fluguveiðimaðurinn Dan Karby og sushi-kokkurinn Sebastian Jørgensen um Argentínu, veiða fisk og matreiða hann.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.55 Everwood** (2:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado.
**20.40 Dýr í móðurkviði** Bresk heimildamynd um þróun dýrafóstra af þremur tegundum í móðurkviði. Þær eru hundur, fíll og höfrungur og á fyrstu þroskastigum fóstranna á leikmannsaugað ekki auðvelt með að greina muninn á þeim og manninum.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Landsmót hestamanna** Stuttur samantektarþáttur frá Landsmóti hestamanna á Gaddstaðaflötum við Hellu.
**22.40 Raðmorðinginn 2** (Messiah) (1:2) Spennumynd í tveimur hlutum sem fjallar um rannsóknarlögreglumanninn Red Metcalfe og starfslið hans sem eru að reyna klófesta kaldrifjaðan fjöldamorðingja. Aðalhlutverk: Stott, Frances Grey og Neil Dudgeon.
**00.10 Kastljós** (e)
**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Wide Awake**
**10.00 Funky Monkey**
**12.00 Shopgirl**
**14.00 Garfield 2**
**16.00 Wide Awake**
**18.00 Funky Monkey**
▶**20.00 Shopgirl** Rómantísk gamanmynd um ástarþríhyrning þar sem afgreiðslustúlka, auðugur kaupsýslumaður og ráðvilltur ungur maður koma við sögu. Aðalhlutverk: Steve Martin og Claire Danes.
**00.00 Sweeney Todd**
**02.00 Die Hard**
**04.10 A Dirty Shame**
**06.00 Wild Hogs**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Sylvester og Tweety, Rannsóknarstofa Dexters og Camp Lazlo.
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 'Til Death** (17:22)
**10.40 My Name Is Earl** (11:22)
**11.10 Homefront** (16:18)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.25 Neighbours**
**12.50 Snow**
**14.20 Friends** (4:24)
**14.40 Friends** (6:24)
**15.05 Sjáðu**
**15.55 Ginger segir frá**
**16.18 Kringlukast**
**16.43 Shin Chan**
**17.03 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.13 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.30 The Simpsons** (10:22)
**19.55 Friends**
▶**20.20 The Moment of Truth** (4:25) Spurningaþáttur þar sem Þáttakendur leggja heiðarleika sinn að veði og svara afar persónulegum spurningum um sjálfa sig til þess að vinna háar peningaupphæðir.
**21.05 Shark** (16:16) Sebastian sækir erfiðustu málin fyrir saksóknaraembættið en oftar en ekki hittir hann fyrir harðsvíraða glæpamenn sem hann eitt sinn varði sjálfur.
**21.50 Traveler** (5:8) Tveir skólafélagar standa skyndilega frammi fyrir því að vera eltir af alríkislögreglunni og sakaðir um að hafa valdið hryðjuverkasprengju á safni.
**22.35 Silent Witness** (1:10)
**23.25 60 minutes**
**00.10 Medium** (12:16)
**00.55 Big Love** (9:12)
**01.45 ReGenesis** (3:13)
**02.30 Snow**
**04.00 Silent Witness** (1:10)
**04.50 Shark** (16:16)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Landsbankadeildin 2008** KR - ÍA.
**18.00 Landsbankadeildin 2008** KR - ÍA.
**19.50 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð.
**20.50 Kraftasport 2008** Sýnt frá keppninni um Sterkasta mann Íslands en allir sterkustu menn landsins mættu til leiks.
**21.20 Formula 3 - Snetterton** Sýnt frá Formúlu 3 kappakstrinum í Snetterton en þar eigum við Íslendingar tvo fulltrúa.
**21.50 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
**22.45 Undankeppni HM 2010** Brasilía - Argentína. Útsending frá leik Brasilíu og Argentínu í undankeppni HM 2010.
**00.25 Ultimate Blackjack Tour** Sýnt frá Ultimate Blackjack Tour þar sem allir færustu og slyngustu spilarar heims koma saman.

## SPORT 2

**18.20 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
**18.50 PL Classic Matches** Liverpool - Newcastle, 96/97. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
▶**19.20 Football Icon** Enskur raunveruleikaþáttur þar sem ungir knattspyrnumenn keppa um eitt sæti í herbúðum Englandsmeistara Chelsea. Fjórtán voru valdir til þess að taka þátt í vikulegu þáttum en í hverri viku dettur einn út þar til þrír eru eftir í lokaþættinum. Þá velja Jose Mourinho og starfsmenn hans sigurvegarann sem fær leikmannasamning hjá Chelsea að launum.
**20.05 Bestu bikarmörkin** Bikarveisla að hætti Arsenal en félagið hefur níu sinnum sigrað í keppninni (FA Cup).
**21.00 10 Bestu - Ríkharður Jónsson** Fimmti þátturinn í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.
**21.50 Football Rivalries** Fjallað um ríg spænsku stórveldanna Barcelona og Real Madrid, innan vallar sem utan.
**22.45 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**23.15 Bestu leikirnir** Portsmouth - Reading. Útsending frá leik Portsmouth og Reading í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (e)
**09.30 Vörutorg**
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**15.10 Vörutorg**
**16.10 Everybody Hates Chris** (e)
**16.35 Girlfriends** Gamanþáttur um vinkonur í blíðu og stríðu.
**17.00 Rachael Ray**
**17.45 Dr. Phil** Dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
**18.30 Dynasty**
**19.20 Are You Smarter than a 5th Grader?** (e)
▶**20.10 Kid Nation** (11:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem 40 krakkar á aldrinum 8 til 15 ára flytja inn í yfirgefinn bæ og stofna nýtt samfélag. Þar búa krakkarnir í 40 daga án afskipta fullorðinna. Bæjarráðið bannar Taylor að skemmta sér og hún bregst við þegar vinir hennar monnta sig af því hversu vel þeir skemmta sér án hennar. Bæjarráðið velur einn krakka til að halda uppi löggæslu í bænum.
**21.00 Age of Love** (6:8) Bandarísk raunveruleikasería þar sem ástin er í aðalhlutverki. Mark og stúlkurnar fimm sem eftir eru fara í útilegu saman. Þau tjalda og eiga notalegar stundir saman í náttúrunni en það eru aðeins fjórar sem fá að fara með heim aftur á meðan ein verður skilin eftir. með farangurinn sinn.
**21.50 The Real Housewives of Orange County** (5:10) Raunveruleikasería þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í ríkasta bæjarfélagi Bandaríkjanna.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem Jay Leno fær til sín góða gesti.
**23.30 The Evidence** (e)
**00.20 Dynasty** (e)
**01.10 Girlfriends** (e)
**01.35 Vörutorg**
**02.35 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**21.00 Bæjarstjórnarfundur á Akureyri**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





# BYLGJAN BER AF

## BYLGJAN ÞAKKAR HLUSTENDUM SAMFYLGDINA Á HVERJUM DEGI

Hlustendur Bylgjunnar eru í eftirsóttasta markhópnum og stærsta neysluhópnum. Bylgjan ber af og tryggir að skilaboð auglýsenda komist áleiðis til mikilvægasta markhópsins.

Samkvæmt könnun Capacent í aldurshópnum 18-54 ára á tímabilinu 26. apríl til 25. maí 2008.
Hlutdeild - hlustun í mínútum á dag.

LÉTT BYLGJAN 967 GULL BYLGJAN 909 BYLGJAN 989 - ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 21.00

**10 Bestu - Ríkharður Jónsson**



Í þættinum í kvöld verður fjallað um Ríkharð Jónsson. Hann var í fyrsta landsliðshópi Íslands sem mætti Dönum árið 1946, þá aðeins sextán ára gamall. Auk þess að spila með landsliðinu í fjórtán ár spilaði hann með Fram og ÍA.



### VIÐ MÆLUM MEÐ

**Silent Witness – ný þáttaröð**

▶ **STÖÐ 2 KL. 22.35**

Ellefta þáttaröð eins áhrifamesta sakamálaþáttar síðari ára. Sem fyrr fylgjumst við með störfum dr. Sam Ryan réttarmeinafræðings og félaga hennar sem aðstoða lögregluna við rannsókn á flóknustu morðmálum sem upp koma. Silent Witness hefur verið sagður kveikjan að nokkrum helstu spennuþáttum samtímans, svo sem CSI, Crossing Jordan og Bones.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Dalakofinn
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Útvarpsleikhúsið: Út að versla um nótt
**13.15** Á sumarvegi
**14.03** Tónlistargrúsk
**15.03** Útvarpssagan: Múrinn í Kína
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Á sumarvegi
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Sumarást
**21.10** Listin og landafræðin
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Svartfugl
**22.45** Dragspilið dunar
**23.30** Saga til næsta bæjar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Seinfeld** (18:22)
**17.30 Ally McBeal** (2:23)
**18.15 The Class** (13:19)
**18.35 The War at Home**
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Seinfeld** (18:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.
**20.30 Ally McBeal** (2:23) Einn vinsælasti þáttur Stöðvar 2 síðari ára er nú sýndur aftur á Stöð 2 Extra. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar, en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
**21.15 The Class** (13:19) Við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem mörg hver hafa ekki sést í tuttugu ár. Með aðalhlutverk fer hjartaknúsarinn Jason Ritter.
**21.35 The War at Home** Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjör enda sjá foreldrarnir ekki hlutina með sömu augum og unglingarnir.
**22.00 So you Think you Can Dance**
**23.25 Missing** (9:19)
**00.10 It's Always Sunny In Philadelphia** (2:10)
**00.35 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Nútímafólk** Umsjón: Randver Þorláksson. Gestur: Kolbrún Halldórsdóttir alþingismaður.
**21.00 Mér finnst...** Spjallþáttur í umsjón Kolfinnu Baldvinsdóttur og Ásdísar Olsen. Gestir: Ellý Ármanns, Björk Jakobs og Ólöf Snæhólm Baldursdóttir.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.20** Vagn på floden **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.05** Last Exile **13.30** SommerSummarum **15.05** Monster allergi **15.30** Lille Nørd **16.00** Sommertid **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** Hercule Poirot **18.00** Hokus Krokus **18.30** Smag på Danmark - med Meyer **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Sommervejret på DR1 **19.40** Slangen i Paradiset **21.10** Mistænkt **22.55** Seinfeld

## NRK 1

**9.40** Norge rundt jukeboks **10.55** Du skal høre mye jukeboks **12.00** Wimbledon direkte **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Postmann Pat **16.15** Eddy og bjørnen **16.25** Wassi, gutten fra Etiopia **16.40** Distriktsnyheter 1**7.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **17.55** Koht i familien **18.25** Litt som deg **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Krigen **20.20** Extra-trekning **20.35** I kveld **21.00** Kveldsnytt **21.15** Nachspiel Wimbledon **21.35** Frida **23.35** Autofil jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Strömsö **10.35** Landgång **11.05** Så länge skutan kan gå **12.30** Den levande skogen **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.05** På luffen i Norden **15.30** Bergen - Kirkenes t/r **16.00** Lilla blåa draken **16.10** Evas sommarplåster **16.20** Byggare Bob - Projekt: Bygg framtiden **16.30** Hej hej sommar **16.31** Philofix **16.50** Det femte väderstrecket **17.00** Unge greve Dracula **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Morden i Midsomer 20.35 Hollywoodredaktionen **21.00** Rapport **21.10** Berlinerpopplarna **22.00** The Crippendales **22.25** Sändningar från SVT24



## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Besti bitinn í Reykjavík er humarsúpa á Sægreifanum og mexíkóski veitingastaðurinn Santa María. Hér fyrir vestan finnst mér aftur á móti Hópið á Tálknafirði vera æðislegur staður og sömuleiðis veitingastaðurinn Vegamót á Bíldudal. Þar er hægt að fá mjög góða pönnusteikta bleikju.“*

Eva Ísleifsdóttir, myndlistarkona á Bíldudal.

# Pétur hættir sem ritstjóri á Eyjunni



**PÉTUR GUNNARSSON** Segir komið gott að standa fréttavaktina á Eyjunni.

„Já, ég er að láta af starfi sem ritstjóri Eyjunnar þó að ég haldi áfram að blogga þar,“ segir Pétur Gunnarsson sem hefur nú stýrt vefmiðlinum í eitt ár.

Fyrir þá sem ekki þekkja sig á Netinu er eyjan.is einhver fjölsóttasti vefmiðill landsins þar sem blandað er saman fréttum og bloggi nokkurra snörpustu penna landsins. Hallgrímur Thorsteinsson, sá gamalreyndi fjölmiðlamaður, mun taka við ritstjórataumum á Eyjunni en hann hefur starfað þar í hlutastarfi að undanförnu.

Pétur segir aðspurður að nú taki við frí en ritstjóraskiptin taka gildi strax. „Þetta hefur átt sér nokkurra vikna aðdraganda. Ég ákvað að þetta væri orðið gott að standa fréttavaktina. En ég verð eftir sem áður einn aðstandenda Eyjunnar.“

Pétur segir ekki tímabært að segja til um hvað taki við hjá sér. „Ég er ekki tilbúinn að tjá mig um það. Fyrst er að taka sér gott sumarfrí. Ég ætla að nota næstu vikur í að teikna það upp hvað stendur fyrir dyrum og er opinn fyrir góðum hugmyndum. Eyjan er komin á sinn stað og ég er ánægður með hvernig hefur til tekist. Hún mun nú þróast í höndum annarra.“ **- jbg**



**HALLGRÍMUR THORSTEINSSON** Tekur við ritstjórn Eyjunnar.



**LÁRÉTT**
**2.** eyja, 6. þófi, 8. málmur, 9. dæling, 11. til dæmis, 12. hökutoppur, 14. þátttakandi, 16. pípa, 17. gestrisni, 18. rell, 20. fyrir hönd, 21. ögn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hland, 3. bardagi, 4. vitsmunamissir, 5. á móti, 7. læstur, 10. skap, 13. gljúfur, 15. innyfla, 16. egna, 19. tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. java, 6. il, 8. tin, 9. sog, 11. td, 12. skegg, 14. aðili, 16. æð, 17. löð, 18. suð, 20. pr, 21. arða.

**LÓÐRÉTT:** 1. piss, 3. at, 4. vitglöp, 5. and, 7. lokaður, 10. geð, 13. gil, 15. iðra, 16. æsa, 19. öð.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Spánn.
2. Ólöf Guðný Validmarsdóttir.
3. Rúmlega þrjátíu milljónir króna.









SIGURÐUR EGGERTSSON: Á LEIÐ TIL KENÍA

# Sefur á moldargólfi og stingur mannætur af

„Við erum bara að fara að klappa ljónum og konum,“ segir Sigurður Eggertsson, handknattleiksmaður hjá Val, sem heldur til Kenía á mánudaginn. Þar hyggst hann dvelja í fjórar vikur ásamt vini sínum Magnúsi Birni Ólafssyni. Sigurður fór til Taílands fyrir tveimur árum og varð heillaður. Þá ákvað hann að fara einn daginn til Afríku.

Sigurður segist hafa heillast af því hvað „menn voru góðir á því“ í Taílandi. „Ég gekk í gegnum fátækraþorp og var með peninga á mér sem voru meiri en ævilaun allra í þorpinu. Í staðinn fyrir að ræna mig og drepa mig þá voru allir bara almennilegir við mann. Létu mig halda á krökkunum sínum og allt hvað eina. Ég býst við að mæta sama viðmóti í Kenía,“ segir Sigurður en hann hyggst gista hjá innfæddum. „Já, ég verð bara sofandi á moldargólfi og þrífst á fræjum og hræjum.“

Sigurður þykir afbragðs handknattleiksmaður og er einn hans helsti styrkleiki gífurlegur hraði. Í Kenía eru menn hins vegar þekktari fyrir langhlaup. „Ef ég lendi í mannætum, sem ég býst fastlega við að gera, þá treysti ég á það að geta hlaupið svo hratt í burtu að þær missi sjónar á mér. Annars munu þær ná mér þegar ég fer að þreytast. Svo hjálpar til að vera með innfæddum. Þeir geta sagt við mannætu sem ætlar að éta mig: „Nei, ekki éta“.“

Sigurður hefur ekki getað leikið handknattleik í fjóra mánuði sökum nárameiðsla. Hann segir ferðina ekki síst ætlaða til þess að leita lækninga við meinum sínum. „Ég hef heyrt því fleygt að maður geti læknast ef maður sefur hjá hreinni mey,“ segir Sigurður og bætir við: „Ég er búinn að reyna allt annað. Valsmenn treysta nú á hreinu meyjarnar.“



**SUMARLEGUR SIGURÐUR** Heldur til Kenía næsta mánudag þar sem hann vonast til að fá bót nárameina sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Sigurður ber smávægilegan kvíða í brjósti hvað sjúkdóma varðar. „Þessar sprautur voru svo dýrar að ég sleppti tveimur. Svo gat ég valið um tvær tegundir af malaríutöflum. Ein hafði þær aukaverkanir að hún kostaði 30 þúsund. Hin kostar fjögur þúsund en veldur martröðum og þunglyndi. Ég sá meiri hag í þeirri síðarnefndu,“ segir gleðigjafinn Sigurður Eggertsson. **soli@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Helgi Björnsson** hefur sent frá sér plötuna Ríðum sem fjandinn. Þar syngur Helgi eftirlætislög reiðmannsins af sinni alkunnu snilld. Á plötunni nýtur Helgi aðstoðar ýmissa hæfileikamanna á sviði tónlistar. **Jóhann Sigurðarson** syngur til að mynda lagið Stóðhesturinn. Á disknum sannast einnig hið fornkveðna um eplið og eikina. Sonur Helga, **Björn Halldór**, syngur nefnilega bakraddir á disknum. Án nokkurs vafa mun hann færa sig í fremstu víglínu þegar fram líða stundir.



Rapparinn **Erpur Eyvindarson** er nú í óða önn við að ganga frá sólóplötu sinni sem væntanleg er innan tíðar. Víst er að Erpi liggur ýmislegt á hjarta og í texta við lagið „Hերaðu þetta“, sem tekið var nýlega upp á vídeó, fá vestræn stjórnvöld á baukinn: Fjallar um þetta 1984 ógeð sem Vesturlönd eru að sigla inn í, heyrist haft eftir Erpi. Vídeóið byggist á grimmum hópsenum og var meðal annars tekið upp fyrir framan Stjórnarráðið og byggingu ríkislögreglustjóra svo ekki fari nú neitt á milli mála um hverjum skeytin eru ætluð.



Velgengni leikstjórans **Rúnars Rúnarssonar** heldur áfram úti í löndum. Um helgina var mynd hans Smáfuglar sýnd á kvikmyndahátíðinni í Edinborg og varð hlutskörpust í flokki stuttmynda, en keppt var um tilnefningu til Evrópsku stuttmyndaverðlaunanna sem afhent verða í lok árs. Í tilkynningu frá framleiðslufyrirtækinu ZikZak segir að í síðustu viku hafi Smáfuglar hlotið Canal+ verðlaunin á hátíð í Valencia á Spáni og fyrir hálfum mánuði varð Rúnar verðlaunaður á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Pétursborg. Þessi verðlaun eru gott veganesti fyrir Rúnar en nú er unnið að samningum um dreifingu myndarinnar í Bandaríkjunum og víðar.



**- shs, jbg, hdm**









# Vistvænn sveitarstjóri

„Já, ég er mikill náttúruverndarsinni,“ segir Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri í Bláskógabyggð. Fyrir tveimur árum keypti Valtýr sér Toyota Prius, en þeir bílar hafa bæði bensín- og rafmagnsmótor og framleiðir bíllinn raforkuna sjálfur. Síðasta sumar bætti Valtýr svo um betur og fékk sér mótorhjól. Þar með hefur hann líklegast öðlast titilinn vistvænasti sveitarstjóri Íslands. Valtýr býr í Holtunum, um tíu kílómetrum frá Hellu, og þarf því að keyra dágóðan spöl til vinnu. Það gerir hann þó með minnsta mögulega útblæstri. „Ég nota hjólið mjög mikið yfir sumartímann og svo auðvitað Priusinn yfir vetrartímann,“ segir Valtýr og lætur vel af hvoru tveggja. „Ég hef náð Priusnum niður fyrir fimm lítra á sumrin. Mótorhjólið er svo millistig milli bílsins og hestsins. Ég er hestamaður en því miður tekur það of langan tíma að fara til vinnu á hestum. Á mótorhjólinu finn ég graslyktina, heyri fuglasönginn og svo finn ég líka lyktina þegar



**VISTVÆNN VALTÝR** Valtýr Valtýsson er vistvænasti sveitarstjóri á landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SUDURGLUGGINN.IS

bændurnir bera skítinn á túnin,“ segir hann og hlær. Hann segir sveitunga í Bláskógabyggð vera að vakna til vitundar um umhverfismál. „Þetta háa orkuverð er að spila inn í og svo er fólk farið að hugsa um umhverfið,“ segir hann. **- shs**




Mikið úrval af litríkum og vönduðum rúmfötum

Joop - Bruno Banani - Elegante



betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



vísir.is
"...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**
Þorbjargar Sigríðar Gunnlaugsdóttur

## Þögull meirihluti

Ég var í hópi þeirra sem biðu í ofvæni eftir úrslitaleik EM á sunnudaginn. Þó hafði ég samt afrekað að missa af öllum leikjum mótsins. Ástæða tilhlökkunarinnar var enda fremur bundin við endalok mótsins en úrslitaleikinn sjálfan. Til er þögull hópur landsmanna sem engan áhuga hafði á mótinu. Hann þagði mótið af sér því ekki vildi hann eyðileggja gleðina fyrir öðrum frekar en að skemma jólahátíðina fyrir börnunum og harkar þess vegna jólaböllin af sér. Hinn þögli hópur, hvort sem hann er nú í meirihluta eða ekki, hrósar nú sigri þegar mótinu er blessunarlega lokið.

**MEÐAN** fótboltinn tók yfir var heilögustu stund hversdagshetjunnar fórnað án þess að nokkur hreyfði mótmælum. Fréttatíminn hvarf og Kastljósið var sent í frí. Við getum hins vegar sjálfum okkur um kennt, því það vantar í okkur baráttuþrekið. Aðdáendur sápuóperunnar Guiding Light hringja umsvifalaust og þáttur fellur niður og hella sér yfir símastúlkur Ríkissjónvarpsins. Þetta gera íþróttamenn að sama skapi þegar á þeim er brotið. En ekki við.

**KYRRLÁTT** og reglusamt líf hins venjulega borgara er nú aftur á dagskrá. Á eftir kvöldmat koma fréttir. Kaffitíminn í vinnunni hefur verið endurheimtur og nú er hægt að smjatta á fréttunum í stað þess að hlusta á hjal um það hvort Tyrkir muni koma a óvart og sigra Þjóðverja. Mér hefur reyndar gengið illa að fanga þá speki að það geti komið mjög á óvart í tveggja liða leik að annað liðið sigri.

**JAFNVEL** þó að áhuginn á fótbolta sé ekki sérstaklega mikill er nú samt merkilegt að skynja stöðu hans í samfélaginu og getu til að umbreyta fólki. Kjaftastéttirnar sem eru harðari af sér en þöglu borgararnir hafa einfaldlega komið sér að í íþróttaþáttunum og náð að smeygja inn glósum um efnahagsástandið í hálfleik. Stjórnmálamennirnir hafa sömuleiðis séð sér leik á borði þótt þingið sé í fríi og engir fréttatímar. Nú segja þeir þjóðinni hvernig hún á að skilja fótboltann og birtast sem fullskapaðir sérfræðingar um boltatækni Evrópuþjóðanna. Það er svo á lokadegi mótsins sem hinir áhugalausu slást í hópinn og bíða í ofvæni eftir leiknum. Mestu skiptir svo að samgleðjast og loks að óska sigurvegurunum til hamingju með árangurinn, hverjir sem það nú voru.



**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er þriðjudagurinn 1. júlí, 184. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.07 | 13.31 | 23.55 |
| Akureyri | 2.00 | 13.16 | 0.29 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


